



LANDSNET

KERFISÁÆTLUN LANDSNETS 2019-2028

ÁÆTLUN UM FRAMKVÆMDAVERK 2020-2022

DRÖG

Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028

Áætlun um framkvæmdaverk 2019-2021

Landsnet-19011

Efnisyfirlit

1	Framkvæmdaáætlun 2020-2022.....	6
1.1	Valkostagreining skv. ákvæðum raforkulaga.....	6
1.2	Uppruni verkefna á framkvæmdaáætlun.....	6
2	Samantekt yfir verkefni á framkvæmdaáætlun	6
2.1	Staða verkefna á framkvæmdaáætlun	7
2.2	Framkvæmdir á yfirstandandi ári	8
2.2.1	Kröflulína 3	8
2.2.2	Ólafsvík – tengivirki	8
2.2.3	Hnappavellir - nýr afhendingarstaður	9
2.2.4	Austurland - spennuhækken	9
2.2.5	Suðurnesjalína 2	9
2.2.6	Sauðárkrókur – ný tenging	9
2.2.7	Neskaupstaðarlína 2	10
2.2.8	Færsla Hamraneslína 1 og 2	10
2.3	Framkvæmdir 2020	10
2.3.1	Hólasandslína 3.....	10
2.3.2	Lækjartún – nýtt tengivirki	10
2.3.3	Lækjartúnslína 2	11
2.3.4	Korpulína 1 – endurnýjun línu	11
2.3.5	Húsavík – ný tenging.....	11
2.3.6	Fitjar – Stakkur – ný tenging.....	11
2.4	Framkvæmdir 2021	11
2.4.1	Vopnafjarðarlína 1 - endurbætur á línu	11
2.4.2	Akraneslína 2	12
2.4.3	Rauðavatnslína 1 – endurnýjun línu.....	12
2.5	Framkvæmdir 2022	12
2.5.1	Lyklafell – tengivirki	12
2.5.2	Lyklafellslína 1	12
2.5.3	Straumsvík nýr teinatengisrofi	13
2.5.4	Ísafjarðardjúp – nýr afhendingarstaður	13

2.5.5	Vegamót – endurnýjun tengivirkis	13
3	Lýsing verkefna á framkvæmdaáætlun.....	14
3.1	Mat á valkostum.....	14
3.2	Áhrif framkvæmda á tekjumörk og gjaldskrá	14
3.2.1	Áhrif fjárfestinga og tekjustofns á gjaldskrá	15
3.2.2	Óvissa vegna innbyrðis háðra þátta	16
3.2.3	Kröflulína 3	16
3.2.4	Ólafsvík – nýtt tengivirki	27
3.2.5	Hnappavellir – nýr afhendingarstaður.....	32
3.2.6	Austurland – spennuhækjun	37
3.2.7	Suðurnesjalína 2	46
3.2.8	Sauðárkrókur – ný tenging	58
3.2.9	Neskaupstaðarlína 2	67
3.2.10	Færsla Hamraneslína 1 og 2	75
3.3	Framkvæmdir 2020	80
3.3.1	Hólasandslína 3.....	80
3.3.2	Lækjartún – nýtt tengivirki	92
3.3.3	Lækjartúnslína 2	103
3.3.4	Korpulína 1 – endurnýjun.....	115
3.3.5	Húsavík – ný tenging.....	121
3.3.6	Fitjar – Stakkur – ný tenging.....	126
3.4	Framkvæmdir 2021	132
3.4.1	Vopnafjarðarlína 1 - endurbætur á línu	132
3.4.2	Akraneslína 2	139
3.4.3	Rauðavatnslína 1 – endurnýjun línu	152
3.5	Framkvæmdir 2022	163
3.5.1	Lyklafell – tengivirki	163
3.5.2	Lyklafellslína 1	169
3.5.3	Straumsvík nýr teinatengisrofi	178
3.5.4	Ísafjarðardjúp – nýr afhendingarstaður	181
3.5.5	Vegamót – endurnýjun tengivirkis	194

1 Framkvæmdaáætlun 2020-2022

Samkvæmt raforkulögum leggur Landsnet fram þriggja ára framkvæmdaáætlun með kerfisáætlun og nær hún að þessu sinni til áranna 2020 til og með 2022. Einnig er gerð grein fyrir verkefnum sem eru í framkvæmd á yfirstandandi ári, 2019.

1.1 Valkostagreining skv. ákvæðum raforkulaga

Framkvæmd er valkostagreining fyrir öll þau verkefni í framkvæmdaáætlun sem ekki hafa hlotið afgreiðslu áður. Við valkostagreininguna er horft til markmiða framkvæmdarinnar við skilgreiningu valkosta og þeir bornir saman m.t.t. þeirra markmiða sem lýst er í raforkulögum og stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, auk þess sem framkvæmt er umhverfismat áætlanastigi, byggt á fyrirliggjandi gögnum. Á þann hátt er mögulegt að taka afstöðu til valkosta og leggja fram þann valkost sem best uppfyllir áðurnefnd markmið og er í samræmi við stefnu stjórnvalda. Þó er ljóst að slík valkostagreining mun alltaf verða háð þeim fyrirvara að umhverfismat framkvæmdarinnar geti skilað annarri niðurstöðu en valkostagreining sem byggir eingöngu áðurnefndum markmiðum og stefnu. Í þeim tilvikum verður farin sú leið að annar valkostur verður lagður fram í næstu kerfisáætlun til afgreiðslu hjá Orkustofnun, eða þá að breytt umfang framkvæmdar verður tilkynnt til Orkustofnunar.

1.2 Uppruni verkefna á framkvæmdaáætlun

Verkefni sem sett eru á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar eru af mismunandi uppruna. Fyrir það fyrsta eru það verkefni sem eiga uppruna sinn í langtímaáætlun kerfisáætlunar. Það eru línar og tengivirki sem tilheyra meginflutningskerfinu og hafa þann tilgang að styrkja meginflutningskerfið, ýmist í þeim tilgangi að mæta vaxandi þörf fyrir aukna flutningsgetu eða til að auka stöðugleika kerfisins og tryggja þannig afhendingaröryggi notenda til framtíðar. Í öðru lagi eru það verkefni í svæðisbundnu kerfunum sem hafa þann tilgang að ýmist auka afhendingaröryggi með aukinni möskvun eða auka flutningsgetu á tiltekin svæði til að bregðast við aukinni þörf fyrir raforku og eins ef bæta á við nýjum afhendingarstað á flutningskerfinu. Í þriðja lagi eru það verkefni sem eiga uppruna sinn í endurnýjunaráætlun fyrirtækisins og eru það verkefni sem snúa að endurnýjun úrelts búnaðar sem hefur lokið líftíma sínum, eða er nálægt því. Þetta á bæði við um tengivirki sem og flutningslínur í svæðisbundnu kerfunum og eins í meginflutningskerfinu. Í þessum hópi eru einnig verkefni sem ná yfir hlutaútskipti á línum. Að lokum eru það svo verkefni sem stafa frá nýrri notkun kerfisins. Þetta á við um nýjar virkjanir og nýja viðskiptavini.

2 Samantekt yfir verkefni á framkvæmdaáætlun

Í þessum kafla má finna yfirlit yfir þau framkvæmdaverk sem eru á þriggja ára framkvæmdaáætlun Landsnets. Kaflinn byrjar á yfirliti yfir stöðu verkefna og því næst er hverju einstöku verkefni á framkvæmdaáætlun lýst í stuttu máli. Tilgangur kaflans er að lesendur geti á fljóttlegan hátt glöggvað sig á þeim verkefnum sem eru á framkvæmdaáætlun og umfangi þeirra í gráfum dráttum. Nánari lýsing á einstökum verkefnum má svo finna í kafla 3, þar sem ítarlega er gerð grein fyrir umfangi, útfærslum, legu og lýsingu á helsta rafbúnaði ásamt því sem valkostagreiningu nýrra verkefna eru gerð skil.

2.1 Staða verkefna á framkvæmdaáætlun

Umfang verkefna á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar er eins og því er lýst í framlögðum aðalvalkosti verkefnisins. Verði umtalsverðar breytingar á umfangi verkefnis frá þeim tíma er kerfisáætlun er afgreidd eru breytingar á umfangi kynntar í næstu útgáfu kerfisáætlunar og verkefnið þannig lagt til afgreiðslu að nýju eða þá að breyting á umfangi er lögð fyrir Orkustofnun til sér afgreiðslu. Ef sú staða kemur upp að ný verkefni koma til vegna sérstakra ástæðna í kerfinu eða vegna nýrrar notkunar og þau er ekki að finna á framkvæmdaáætlun er mögulegt að sækja um sérstaka afgreiðslu vegna framkvæmdarinnar skv. 2. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003, sbr. 6. gr. laga nr. 26/2015.

Framkvæmdir hefjast	á yfirstandandi ári	2020	2021	2022
Kröflulína 3	Kerfisáætlun 2015-2024			
Ólafsvík – nýtt tengivirkí	Kerfisáætlun 2015-2024			
Hnappavellir – Nýr afhendingarstaður	Orkustofnun 28.9.2018			
Austurland – spennuhækkun	Orkustofnun 29.11.2018			
Suðurnesjalína 2	Kerfisáætlun 2018-2027			
Sauðárkrókur – ný tenging	Kerfisáætlun 2015-2024 OS 11.1.2018			
Neskaupstaðarlína 2	Orkustofnun 19.12.2018			
Færsla Hamraneslína 1 og 2	Orkustofnun 13.02.2019			
Hólasandslína 3		Kerfisáætlun 2018-2027		
Lækjartún – nýtt tengivirkí				
Lækjartúnslína 2				
Korpulína 1 – endurnýjun línu		Kerfisáætlun 2015-2024		
Húsavík – ný tenging		Kerfisáætlun 2015-2024		
Fitjar – Stakkur - ný tenging		Kerfisáætlun 2015-2024		
Vopnafjarðarlína 1 - endurbætur á línu			Kerfisáætlun 2015-2024	
Akraneslína 2				
Rauðavatnslína 1 - endurnýjun línu				
Lyklafell – tengivirkí				Kerfisáætlun 2018-2027
Lyklafellslína 1				Kerfisáætlun 2018-2027
Straumsvík nýr teinatengisrofi				Kerfisáætlun 2018-2027
Ísafjarðardjúp-nýr afhendingarstaður				
Vegamót – endurnýjun tengivirkis				

TAFLA 2-1 : YFIRLIT VERKEFNA Á FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

Tafla 2-1 sýnir yfirlit yfir stöðu verkefna sem eru á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar Landsnets 2019-2028. Verkefni sem eru merkt með grænum lit voru annað hvort á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar 2015-2024, 2018-2027 eða með sérleyfi frá Orkustofnun. Gullituð verkefni eru hins vegar óafgreidd ennþá.

2.2 Framkvæmdir á yfirstandandi ári

Hér fer á eftir stutt lýsing á þeim verkefnum sem ætlunin er að hefja framkvæmdir við á yfirstandandi ári, 2019.

2.2.1 Kröflulína 3

Framkvæmdin er fólgin í byggingu nýrrar háspennulínu í meginflutningskerfinu sem mun hljóta nafnið Kröflulína 3. Línan sem er loftlína mun ligga á milli Kröflu og Fljótsdals. Tilgangur með framkvæmdinni er að tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi með betri samtengingu þessara landshluta og auka þannig öryggi raforkuahendingar og gæði raforku. Framkvæmdin er mikilvægur hlekkur í styrkingu flutningskerfisins í heild þar sem um er að ræða mikilvæga styrkingu á milli framleiðslueininga á norðaustur- og austurhluta landsins.

Kröflulína 3 mun gegna veigamiklu hlutverki með því að tengja virkjanaklasann á Norðausturlandi (Kröflustöð og Þeistareykjastöð) betur við Fljótsdalsstöð. Erfiðlega hefur reynst að reka jarðgufuvirkjanir einar og sér, án stuðnings frá vatnsaflsvirkjunum. Með öflugri (og tvöfaldri) tengingu við Fljótsdalsstöð er áhættan lágmörkuð.

Eftir að Kröflulína 3 er komin í rekstur mun afhendingaröryggi áhrifasvæði línunnar aukast til muna því með henni er komin önnur tenging inn á Austurland, til viðbótar við núverandi 132 kV tengingar sem eru annars vegar frá Sigoldu um Höfn í Hornafirði og hins vegar frá Kröflustöð. Nauðsynlegt er að halda þeim línum í rekstri auk Kröflulínu 3 til að ná fram bættu afhendingaröryggi fyrir svæðið. Það sama gildir fyrir Norðausturland en bætt tenging við Fljótsdalsstöð eykur afhendingaröryggi á því svæði.

Gert er ráð fyrir að verkframkvæmdir hefjist sumarið 2019 og að þeim ljúki síðla árs 2020. Spennusetning línum er áætluð í lok árs 2020.

2.2.2 Ólafsvík – tengivirkir

Verkefnið snýr að byggingu tengivirkis í svæðisbundna kerfinu á Snæfellsnesi. Tengivirkid er byggt í tengslum við lagningu jarðstrengs milli Grundarfjarðar og Ólafsvíkur. Með nýjum jarðstreng ásamt nýjum tengivirkjum á Grundarfirði og í Ólafsvík kemst á hringtenging á Snæfellsnesi sem gerir það að verkum að öryggi og áreiðanleiki afhendingar eykst þar sem almennir notendur munu ekki verða fyrir skerðingum á afhendingu rafmagns við bilanir á öðrum línum.

Áætlað er að framkvæmdir muni hefjast á síðasta ársfjórðungi ársins 2018 og ljúki ári síðar.

2.2.3 Hnappavellir - nýr afhendingarstaður

Verkefnið snýst um uppsetningu á nýjum afhendingarstað í meginflutningskerfinu í Öræfasveit. Núverandi afhendingarstaður Landsnets fyrir sveitina frá Skaftafelli að Lónsheiði er Hólar.

Áætlað er að notkun hjá viðskiptavinum RARIK í Öræfum muni aukast um a.m.k. 1 MW en við það mun kerfið frá Hólum í Öræfin yfirlestast bæði hvað varðar töp og spennufall. Því var ákveðið að reistur yrði nýr afhendingarstaður í Öræfum til að koma til móts við þessa auknu notkun á sem hagkvæmastan hátt.

Fyrirhugað er að framkvæmdir hefjist í um mitt ár 2019 og að þeim ljúki ári síðar.

2.2.4 Austurland - spennuhækkun

Verkefnið snýr að hækkun rekstrarspennu lína og tengivirkja í svæðisbundna flutningskerfinu á Austfjörðum, frá Stuðlum í Reyðarfirði og að Eyvindará um Eskifjörð, úr 66 kV upp í 132 kV. Það er gert til þess að auka flutningsgetu í kerfinu, m.a. í þeim tilgangi að tryggja aðgengi fiskimjölsverksmiðja á svæðinu að innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum. Ávinningur af verkefninu er að möguleg innmötun á Austfjarðakerfið eykst um rúmlega 20 MW.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í sumarið 2019 og að þeim ljúki snemma árs 2021.

2.2.5 Suðurnesjalína 2

Verkefnið snýr að byggingu 220 kV flutningslínu á milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Um er að ræða aðra tengingu Suðurnesja við meginflutningskerfið en núverandi tenging er um Suðurnesjalínu 1 sem er 132 kV loftlína á milli Hamraness í Hafnarfirði og Fitja í Reykjanesbæ. Ekki er um N-1 afhendingaröryggi að ræða á Suðurnesjum þrátt fyrir að næg vinnslugeta sé á svæðinu, en vegna eðlis virkjana er eyjarekstur á Suðurnesjum illmögulegur. Því er nauðsynlegt að koma á annarri tengingu Suðurnesja við meginflutningskerfið á Suðvesturhorninu í þeim tilgangi að auka afhendingaröryggi á svæðinu.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í lok ársins 2019 og að þeim ljúki í byrjun ársins 2021.

2.2.6 Sauðárkrókur – ný tenging

Verkefnið snýr að byggingu nýrrar flutningslínu í svæðisbundna kerfinu á Norðurlandi vestra sem mun hljóta nafnið Sauðárkrókslína 2. Flutningslínan, sem verður 66 kV jarðstrengur, mun liggja á milli Sauðárkróks og Varmahlíðar, þar sem hún tengist byggðalínunni. Línan er önnur tenging á milli þessara tveggja staða, en fyrir er Sauðárkrókslína 1, 66 kV loftlína frá Varmahlíð á Sauðárkrók, sem er eina núverandi tenging Sauðárkróks við flutningskerfið. Línan er orðin rúmlega 40 ára gömul og því mikilvægt að styrkja þessa tengingu. Einnig hefur 132/66 kV spennirinn í Varmahlíð takmarkandi áhrif á flutning til Sauðárkróks og verður honum skipt út fyrir spenni með hærri aflgetu.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist síðla árs 2019. Verklok eru áætluð á síðari hluta árs 2020.

2.2.7 Neskaupstaðarlína 2

Til þess að bæta afhendingaröryggið í Neskaupstað er þörf á tvöföldun á 66 kV tengingu til Neskaupstaðar. Nú þegar er búið að koma fyrir ídráttarrörum í Norðfjarðargöngin fyrir Neskaupstaðarlínu 2 og snýst verkefnið því um að koma tengingu frá Eskifirði gegnum göngin og út á Neskaupstað.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist sumarið 2019 og að þeim ljúki rúmu ári síðar.

2.2.8 Færsla Hamraneslína 1 og 2

Landsnet hf. áformar að færa Hamraneslínur 1 & 2 fjær byggð á um 1,5 km kafla við Skarðshlíð í Hafnafirði. Í stað þess að fara yfir byggðina í Skarðshlíð og meðfram Ásvallabraut að Hamranestengivirkni mun línan fara suður út á Hamrnesið og tengjast tengivirkini úr suðvestri. Þessi lína verður rífin þegar Lyklafellslína er komin í notkun og er því einungis um tímabundna færslu að ræða.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist fyrri hluta ársins 2019 og að þeim ljúki um haustið sama ár.

2.3 Framkvæmdir 2020

2.3.1 Hólasandslína 3

Fyrirhuguð er bygging nýrrar 220 kV háspennulínu í meginflutningskerfinu á Norðurlandi. Línan, sem mun hljóta nafnið Hólasandslína 3, verður að hluta loftlína og að hluta lögð sem jarðstengur og mun hún liggja á milli Akureyrar og Hólasands. Einnig inniheldur framkvæmdin byggingu á nýju 220 kV tengivirkni á Hólasandi, ásamt byggingu á nýju 220 kV tengivirkni á Akureyri sem mun tengjast núverandi 132 kV virki. Tengivirkidóttum mun innihalda 220/132 kV aflspenni og spólu til útjöfnunar á launafli frá jarðstrengshluta línunnar.

Þegar línan verður komin í rekstur mun afhendingaröryggi á Eyjafjarðarsvæðinu aukast til muna þar sem við bætist ný og öflug tenging inn á svæðið sem einnig mun gefa möguleika á aukinni notkun innlendra endurnýjanlegra orkugjafa á svæðinu. Framkvæmdin skipar einnig drjúgan sess í uppbyggingu meginflutningskerfisins í heild, en Hólasandslína 3 er mikilvægur hlekkur í styrkingu tengsla sterktar hluta kerfisins á suðvesturhorninu við veikari hluta þess á Norðausturlandi.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við lagningu línunnar hefjist vorið 2020 og að þeim ljúki í lok árs 2021.

2.3.2 Lækjartún - nýtt tengivirki

Verkefnið snýr að byggingu nýs tengivirkis, sem mun bera heitið Lækjartún sem tengist 220 kV Búrfellslínu 2 (BU2) um 220/132 (66) kV aflspenni inn á 66 kV kerfið á Suðurlandi um jarðstrengi/línur að Hellu og Selfossi. Meginmarkmið verkefnisins eru að auka flutningsgetu inn á svæðisbundna flutningskerfið á Suðurlandi, auka áreiðanleika afhendingar á Suðurlandi og auka nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa með því að auðvelda orkuskipti á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á fyrri hluta árs 2020 og að þeim ljúki seinni hluta ársins 2021.

2.3.3 Lækjartúnslína 2

Verkefnið snýst um lagningu 132 kV raflínu, sem hlotið hefur nafnið Lækjartúnslína 2, í svæðisbundna flutningskerfinu á Suðurlandi. Línan mun styrka möguleika flutningskerfisins á Suðurlandi til að afhenda aukna orku og bæta afhendingaröryggi. Lækjartúnslína 2 mun liggja á milli Hellu og Lækjartúns.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á seinni hluta árs 2020 og að þeim ljúki seinni hluta ársins 2021.

2.3.4 Korpulína 1 - endurnýjun línu

Verkefnið snýr að strenglagningu línu í meginflutningskerfinu á höfuðborgarsvæðinu, en Reykjavíkurborg hefur óskað eftir því að Landsnet kanni möguleikann á því að setja Korpulínu 1 í jarðstreng þar sem byggðin hefur þróast á þann veg að hún er komin alveg upp að línunni.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist 2020 og að þeim ljúki í lok sama árs.

2.3.5 Húsavík - ný tenging

Verkefnið snýr að uppsetningu á nýjum afhendingarstað fyrir raforku á Húsavík. Núverandi tenging Húsavíkur frá Laxá, Húsavíkurlína 1, er með allra elstu flutningslínúnum í kerfinu og hefur um nokkurn tíma staðið fyrir dyrum að endurnýja tenginguna við bæinn. Lausnin sem stendur til að framkvæma er að tengja bæjarfélagið frá nýjum afhendingarstað á iðnaðarsvæðinu á Bakka.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á síðari hluta árs 2020 og að þeim ljúki ári seinna.

2.3.6 Fitjar - Stakkur - ný tenging

Verkefnið, sem áður hét Fitjalína 3, snýst um lagningu 132 kV jarðstrengs frá tengivirkini Fitjum í Reykjanesbæ og að tengivirkini Stakki í Helguvík. Tilgangur tengingarinnar er að bæta tengingu Stakks við meginflutningskerfið, m.a. vegna fyrirhugaðs kísilvers Thorsil í Helguvík.

Tímaáætlun verkefnisins er háð fyrirvorum í tengisamningi Landsnets við Thorsil, en núverandi áætlun gerir ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í lok árs 2020 og ljúki vorið 2022.

2.4 Framkvæmdir 2021

2.4.1 Vopnafjarðarlína 1 - endurbætur á línu

Verkefnið snýr að endurbótum á Vopnafjarðarlínu 1 sem er hluti af svæðisbundna flutningskerfinu á Austurlandi. Verkefnið gengur út á að breyta línunni, sem er 66 kV háspennulína, er liggur frá tengivirkini við Lagarfoss að tengivirki rétt við Vopnafjarðarbæ, í þeim tilgangi að auka afhendingaröryggi á Vopnafirði og einnig til að minnka slysahættu við rekstur og viðhald línunnar. Línan er trústauralína og er heildarlengd rúmlega 58 km. Hún liggur meðfram Lagarfljóti og Jökulsá Brú í Hróarstungu í átt til sjávar. Línan þverar Hellisheiði eystri, fer niður Skinnugil og upp Búrið, sem er afar torfarið og hættulegt á veturna.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist árinu 2021 og að þeim ljúki á sama ári.

2.4.2 Akraneslína 2

Verkefnið snýst um fyrri áfanga endurnýjunar á tvítengingu Akraness, sem er lagning á Vatnshamralínu 2 í jarðstreng á um 4 km löngum kafla sem liggar um iðnaðarsvæði Akurnesinga. Verkefnið er hluti af endurnýjunaráætlun Landsnets, en hlutverk endurnýjunaráætlunar er að hámarka afhendingaröryggi í flutningskerfinu, tryggja samfelli í endurnýjun númerandi eigna í flutningskerfinu og lágmarka þannig uppsafnaðan vanda vegna endurnýjunarfjarfar. Meginmarkmið verkefnisins er að viðhalda afhendingaröryggi á Akranesi.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist í maí 2021 og ljúki um mánaðamótin september/október.

2.4.3 Rauðavatnslína 1 – endurnýjun línu

Verkefnið er hluti af endurnýjunaráætlun Landsnets en hluti Rauðavatnslínu 1 er 65 ára gamall og því kominn tími á endurnýjun þess hluta. Aðalvalkostur snýr að lagningu 132 kV jarðstrengs, um 2 km leið, og niðurrif samsvarandi loftlínu. Meginmarkmið verkefnisins er að tryggja áreiðanleika afhendingar raforku á höfuðborgarsvæðinu og minnka líkur á myndun flöskuhálsa.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist seinni hluta ársins 2021 og línan verði spennusett sumarið eftir.

2.5 Framkvæmdir 2022

2.5.1 Lyklafell – tengivirki

Verkefnið snýr að byggingu nýs tengivirkis í meginflutningskerfinu í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Fyrirhugað tengivirki verður staðsett við Lyklafell í landi Mosfellsbæjar og er framtíðarhlutverk þess að léttu af tengivirkini Geithálsi en þar hefur meginþengipunktur höfuðborgarsvæðisins verið staðsettur um áratugaskeið. Hið nýja tengivirki verður byggt sem 220 kV tengivirki og mun það innihalda sex rofareiti.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á síðari hluta árs 2022 og að þeim ljúki með spennusetningu í byrjun árs 2024.

2.5.2 Lyklafellslína 1

Verkefnið snýr að byggingu nýrrar háspennulínu í meginflutningskerfinu. Línan sem er 220 kV loftlína mun liggja frá nýju tengivirki við Lyklafell og að tengivirkini í Hamranesi. Tilgangur með byggingu línumnar er að tryggja möguleika á niðurrifi Hamraneslína 1 og 2 og Ísallína 1 og 2. Til þess að þetta verði kerfislega mögulegt þarf að reisa nýja línu frá Lyklafelli og að Hamranesi.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á síðari hluta árs 2022 og að þeim ljúki með spennusetningu í byrjun árs 2024.

2.5.3 Straumsvík nýr teinatengisrofi

Verkefnið snýst um uppsetningu á rofa í aðveitustöð álversins í Straumsvík. Verkefnið tengist byggingu Lyklafellslínu 1, sem er ætlað að leysa af hólmi tvær línur, Hamraneslínur 1 og 2, sem liggja nú frá Geithálsi í Hamranes. Til þess að svo megi verða þarf tenging að vera til staðar milli teina í áverinu í Straumsvík svo aflflutningur geti orðið í gegnum spennustöð álversins inn í Hamranes og öfugt. Landsnet mun því setja upp rofabúnað fyrir tengingu á milliteinanna. Þessi tenging er nauðsynleg til að viðhalda áreiðanleika kerfisins eftir að Lyklafellslína 1 hefur tekið við hlutverki Hamraneslína 1 og 2.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á fyrri hluta árs 2022 og að þeim ljúki í byrjun árs 2023. Verkefnið er fljótt í framkvæmd og er tímasett til að vera lokið tímanlega fyrir spennusetningu Lyklafellslínu 1 og niðurrif ísallína 1 og 2 þar sem teinatengisrofinn er mikilvægur fyrir rekstur kerfis eftir þær framkvæmdir.

2.5.4 Ísafjarðardjúp – nýr afhendingarstaður

Verkefnið snýr að uppsetningu á nýjum afhendingarstað í meginflutningskerfinu við Ísafjarðardjúp. Afhendingarstaðurinn verður tengdur við núverandi meginflutningskerfi í Kollafirði inn á Mjólkárlínu 1, þar sem byggt verður nýtt tengivirk. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að auka afhendingaröryggi flutningskerfisins á Vestfjörðum.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á síðari hluta árs 2022 og að þeim ljúki með spennusetningu seinni hluta árs 2024.

2.5.5 Vegamót – endurnýjun tengivirkis

Verkefnið snýr að endurnýjun á tengivirk í svæðisbundna flutningskerfinu á Snæfellsnesi. Tengivirkioð á Vegamótum er mikilvægur tengipunktur, þar sem kemur saman eina tenging Snæfellsness við meginflutningskerfið. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að tryggja áreiðanleika raforkuahendingar á Snæfellsnesi.


Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á fyrsta ársfjórðungi 2022 og að þeim ljúki ári síðar.

3 Lýsing verkefna á framkvæmdaáætlun

Í þessum kafla má finna ítarlegar lýsingar á verkefnum sem eru á framkvæmdaáætlun Landsnets. Umfang lýsinga er misjafnt eftir því á hvaða stigi verkefnið er í undirbúningi eða framkvæmd og eins hvort um nýtt verkefni er að ræða eða ekki.

3.1 Mat á valkostum

Við mat á uppfyllingu markmiða raforkulaga, samræmi við stefnu stjórvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku og stefnu um lagningu raflína ásamt umhverfisáhrifum valkosta er notast við sama mælikvarða og notaður er í langtímaáætlun um þróun meginflutningskerfisins og umhverfisskýrslu. Matið er sett fram með svokölluðu vægisgrafi á sama hátt og gert er í valkostagreiningu langtímaáætlunar og í umhverfisskýrslu



MYND 3-1 : DÆMI UM FRAMSETNINGU VÆGISMATS VALKOSTAGREININGAR

Mynd 3-1 sýnir myndrænt mat á því hvaða áhrif framlagðir valkostir eru taldir hafa á uppfyllingu markmiða raforkulaga. Viðmið fyrir grunnástand og áhrif eru breytileg eftir matsþáttum. Þar sem áhrif framkvæmda á markmið raforkulaga eru í fæstum tilfellum neikvæð hefur grafið verið aðlagað þannig að einungis eru sýnd lítil eða jákvæð áhrif.

3.2 Áhrif framkvæmda á tekjumörk og gjaldskrá

Mat á gjaldskráráhrifum einstakra framkvæmda í framkvæmdaáætlun er vandasamt. Mikilvægar forsendur og fyrirvarar þurfa að fylgja slíku mati. Hér að neðan verður fjallað um hvernig mat á framkvæmdum, bæði einstakra framkvæmda og allra fyrirhugaðra framkvæmda, færí fram.

Almennt séð reiknar Landsnet ekki arðsemi eða gjaldskráráhrif einstakra verkefna nema þau leiði beint til aukningar á raforkuflutningi, jafnvel þótt að þau geti leitt af sér auknar tekjur fyrir Landsnet vegna stækkunar á eignastofni. Slíkir útreikningar eru háðir mikilli óvissu og eru háðir utanaðkomandi þáttum, sérstaklega öðrum framkvæmdum.

Flestum verkefnum í svæðisbundna kerfinu og meginflutningskerfinu er ætlað að uppfylla markmið um öryggi, skilvirkni og gæði raforku og hafa ekki í för með sér beina aukningu á raforkuflutningi. Þessi verkefni eru þó forsenda þess að hægt sé að mæta auknum raforkuflutningi til framtíðar líkt og Raforkuspá gerir ráð fyrir. Hefðbundnr arðsemisútreikningar hafa því ekki verið framkvæmdir fyrir verkefni sem falla undir þessa skilgreiningu en þess í stað þau metin sem heild í langtímaáætlun.

3.2.1 Áhrif fjárfestinga og tekjustofns á gjaldskrá

Til þess að meta áhrif fjárfestinga á gjaldskrá þarf að huga að tveimur þáttum, annars vegar hvernig orkuflutningur kemur til með að þróast og hins vegar hvernig tekjumörk flutningsfyrirtækisins þróast. Tekjumörk eru eins og orðið gefur til kynna þær tekjur sem félaginu er heimilt að innheimta af viðskiptavinum sínum og er þessum mörkum skipt upp í tvennt, annars vegar tekjumörk til dreifiveitna og hins vegar tekjumörk til stórnottenda. Nánari umfjöllun um tekjumörk og gjaldskrá er að finna í kafla 6 í langtímaáætlun og á heimasíðu Landsnets¹. Samkvæmt raforkulögum setur Orkustofnun Landsneti tekjumörk sem byggjast á eftirfarandi þáttum:

- Rekstrarkostnaður:** Rekstrarkostnaði má skipta í tvennt. Annars vegar í almennan rekstrarkostnað sem reiknast sem meðaltal rekstrarkostnaðar hjá félaginu fyrir tiltekið tímabil og hins vegar viðbótar rekstrarkostnað sem verður til vegna nýrra flutningseininga sem teknar eru í notkun hjá félaginu. Í dag nemur viðbótar rekstrarkostnaður 2% af stofnvirði nýrra eininga.
- Arður:** Arði má líkt og rekstrarkostnaði skipta í tvennt, arð af eignastofni og arð af veltufjáreignum. Arður af eignastofni er reiknaður út frá arðsemi (WACC) sem er reiknuð og birt af Orkustofnun. Arður af veltufjáreignum er reiknaður sem arður af 20% af tekjumörkum seinasta árs á undan.
- Afskriftir:** Tengivirki eru afskrifuð á 40 árum en háspennulínur, þar með taldir jarðstrengir, eru afskrifaðar á 50 árum. Annar búnaður, svo sem stjórн- og varnarbúnaður, er afskrifaður á 20 árum.

Allar fjárfestingar í flutningskerfinu hafa áhrif á tekjumörk og í framhaldinu á gjaldskrá. Að því gefnu að aðrar stærðir (arður, gengi krónu gangvart dollara og raforkuflutningur) haldist óbreyttar þá hefur Landsnet svigrúm til að fjárfesta árlega sem nemur afskriftum á eignastofni til að gjaldskrá haldist óbreytt. Í því tilviki sem fjárfestingar jafngilda afskriftum helst eignastofn óbreyttur milli ára. Fjárfestingar umfram afskriftir stækka því eignastofn félagsins og hækka þannig tekjumörk. Hærri tekjumörk leiða svo til gjaldskrárhækkana ef ekki kemur til aukinn raforkuflutningur.

Stökum fjárfestingum getur fylgt aukinn raforkuflutningur sem getur vegið upp á móti stækkun eignastofnsins og komið í veg fyrir hækjun eða jafnvel lækkað gjaldskrá. Þetta á sérstaklega við þegar

¹ www.landsnet.is -> UM OKKUR -> FJÁRMÁL -> Tekjumörk Landsnets.

um nýja starfsemi á borð við stórnotanda er að ræða. Kostnaðarsamari útfærslur á fjárfestingum á borð við jarðstrengi, lengri línuleiðir o.s.frv. leiða til meiri hækunar á tekjumörkum en ódýrari útfærslur. Kostnaðarsamari útfærslur hækka því gjaldskrá félagsins.

3.2.2 Óvissa vegna innbyrðis háðra þáttu

Í umfjöllun um fjárhagslegar upplýsingar um valkosti er reynt að draga fram hvaða áhrif framkvæmdirnar hafa á tekjumörk Landsnets. Áhrif einstakra fjárfestinga á tekjumörk eru fyrirfram nokkuð ljós en það er ýmsum vandkvæðum háð að draga fram hver áhrif framkvæmdanna eru á gjaldskrá félagsins. Mat áhrifum einstakra framkvæmda á gjaldskrá er háð mörgum utanaðkomandi þáttum og takmörkunum sem er nauðsynlegt að hafa í huga. Hér að neðan er fjallað um nokkra óvissuþætti.

Breytingar á raforkuflutningi spila verulegan þátt í gjaldskrárútreikningum og um þróun þeirra er erfitt að spá af nákvæmni en forsendur raforkuflutnings eru fengnar úr Raforkuspá sem Orkustofnun gefur út.

Í flestum tilvikum er ekki unnt að rekja breytingar á flutningsmagni í kerfi Landsnets til einstakra verkefna. Verkefni eru yfirleitt lengur en eitt ár í framkvæmd en fjárfestingin er þó ekki tekinn inn í tekjumörk og þar af leiðandi gjaldskrárútreikninga fyrr en hún er spennusett. Þetta hefur í för með sér stökk í tekjumörkum á móti jöfnum vexti í raforkuflutningi. Áhrif á gjaldskrá einstakra verkefna væru því einungis metinn með tillits til almennra breytinga á flutningsmagni í kerfinu í heild og þá einungis á spennusetningarárinu, en þetta væri þó yfirleitt ekki í samhengi við framkvæmdartíma verkefna sem getur spannað nokkur ár.

Ekki er óalgengt að fleiri en eitt verkefni séu tekin í notkun á tilteknu ári. Þegar svo er gæfi það ranga mynd af gjaldskráráhrifum að skoða hverja framkvæmd eina og sér því vöxtur í raforkuflutningi er óháður hverri einstakri framkvæmd. Séu til dæmis teknar í notkun tvær einingar mætti ekki tvítelja almennu aukninguna í flutningsmagni sem kæmi á móti hækjun á tekjumörkum.

Það er því nauðsynlegt að horfa á heildaráhrif breytinga á tekjumörkum í samhengi við aðrar fjárfestingar, breytingar á raforkuflutningi og eins yfir lengra tímabil til að meta gjaldskrárþróun.

Í ljósi ofangreindra annmarka hefur Landsnet ekki metið gjaldskráráhrif einstakra framkvæmda. Því er bent á umfjöllum um mögulega gjaldskrárþróun í kafla 6 í langtímaáætlun þar sem gjaldskrármálum eru gerð betri skil.

3.2.3 Kröflulína 3

Framkvæmdin er fólgin í byggingu nýrrar háspennulínu í meginflutningskerfinu sem mun hljóta nafnið Kröflulína 3 (KR3). Línan sem er loftlína mun liggja á milli Kröflu og Fljótsdals. Tilgangur með framkvæmdinni er að tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi með betri samtengingu þessara landshluta og auka þannig öryggi raforkuafhendingar og gæði raforku. Framkvæmdin er mikilvægur hlekkur í styrkingu flutningskerfisins í heild þar sem um er að ræða mikilvæga styrkingu á milli framleiðslueininga á norðaustur- og austurhluta landsins.

Kröflulína 3 mun gegna veigamiklu hlutverki með því að tengja virkjanaklasann á Norðausturlandi (Kröflustöð og Þeistareykjastöð) betur við Fljótsdalsstöð. Erfiðlega hefur reynst að reka jarðgufuvirkjanir einar og sér, án stuðnings frá vatnsaflsvirkjunum. Með öflugri (og tvöfaldri) tengingu við Fljótsdalsstöð er áhættan lágmörkuð.

Í dag eru Norðausturland og Austurland tengd með 132 kV háspennulínu, Kröflulínu 2, sem er hluti af hringtengdu línukerfi sem rekið er á 132 kV spennu, sk. byggðalínu, sem reist var í áföngum árunum 1972 til 1984. Um árabil hafa flutningstakmarkanir og óstöðugleiki verið mikið vandamál í rekstri byggðalínunnar og eru skerðingar á orkuafhendingu farnar að vera tíðari. Nú er svo komið að ástandið er farið að hamla atvinnuuppbyggingu, rafvæðingu fiskiðjuvera og virkni raforkumarkaðar.

Eftir að Kröflulína 3 er komin í rekstur mun afhendingaröryggi áhrifasvæði línumunnar aukast til muna, því að með henni er komin önnur tenging inn á Austurland, til viðbótar við núverandi 132 kV tengingar sem eru annars vegar frá Sigöldu um Höfn í Hornafirði og hins vegar frá Kröflustöð. Nauðsynlegt er að halda þeim línum í rekstri auk Kröflulínu 3 til að ná fram bættu afhendingaröryggi fyrir svæðið. Það sama gildir fyrir Norðausturland en bætt tenging við Fljótsdalsstöð eykur afhendingaröryggi á því svæði.

Uppruni og meginmarkmið framkvæmdar

Uppruni verkefnisins er langtímaáætlun kerfisáætlunar, en Kröflulína 3 er ein af þeim sjö línum sem eru sameiginlegar öllum greindum valkostum í langtímaáætlun um þróun meginflutningskerfisins. Það er niðurstaða Landsnets, m.t.t. valkostagreiningar í langtímaáætlun og umhverfismats áætlunarinnar, að ráðast fyrst í framkvæmdir á þeim sjö línuleiðum sem eru sameiginlegar í öllum valkostum.

Markmið framkvæmdarinnar eru eftirtalín:

- Tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi
- Auka öryggi raforkuafhendingar
- Auka gæði raforkuafhendingar

Upprunaleg afgreiðsla verkefnis

Verkefnið var upprunalega afgreitt í apríl 2016 með kerfisáætlun 2015-2024. Ekki hafa orðið neinar teljandi breytingar á umfangi verkefnisins frá þeim tíma.

Umfang verkefnis

Krafla – Fljótsdalur, loftlína	
Raflína	220 kV loftlína alla leið, 122 km
Tengivirkni	Uppsetning á einum rofareit í tengivirkini í Fljótsdal. Gert var ráð fyrir tengingu línumunnar í nýju 220 kV tengivirkni við Kröflu sem tekið var í rekstur haustið 2017.

TAFLA 3-1 : KR3 – UMFANG VERKEFNIS

Mat á umhverfisáhrifum línlagnarinnar er lokið og hefur Skipulagsstofnun gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000.

Í meginindráttum tekur Skipulagsstofnun undir niðurstöðu Landsnets um væntanleg umhverfisáhrif, fyrir utan að stofnunin telur að ásýndarbreytingar vegna framkvæmdarinnar og þar með áhrif á landslag, útivist og ferðamennsku verði neikvæðari en niðurstaða matsskýrslu gefur til kynna.

Í matsskýrslu Landsnets var lagt mat á ýmsa valkost, m.a. jarðstrengslagnir ákveðnum svæðum á línlleiðinni, með hliðsjón af leiðbeiningum Skipulagsstofnunar.

Með tilliti til tæknilegra takmarkana getur jarðstrengur á línlleiðinni milli Kröflu og Fljótsdals að hámarki orðið 15 km. Yrði það svigrúm hins vegar nýtt takmarkar það möguleika á jarðstrengslagningu á leiðinni frá Blönduvirkjun að Kröflu. Það er ljóst að á þeirri leið þarf hluti fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3, í nágrenni við Akureyrarflugvöll að vera í forgangi þegar kemur að ákvörðunum um hvar skuli ráðast í lagningu jarðstrengja, m.a. m.t.t. stefnu stjórvalda um lagningu raflína. Þrátt fyrir að niðurstaða matsins leiddi í ljós að áhrif ásýnd og landslag á þessum svæðum yrðu minni af jarðstreng en loftlínu var ákveðið að leggja loftlínu fram sem aðalvalkost. Það var m.a. gert m.t.t. takmarkana á hámarkslengd jarðstrengja, að ekki var um að ræða verulegan mun áhrifa, auk stefnu stjórvalda um lagningu raflína.

Rökstuðningur fyrir verkefninu

Til að rökstyðja verkefnið er litið til þess hvernig línlögnum uppfyllir markmið þau sem sett eru fram í raforkulögum og þess hvernig verkefnið uppfyllir stefnu stjórvalda um lagningu raflína.

	Lýsing
Hagkvæmni	Sjá umfjöllun um hagrænt mat á valkostum í langtímaáætlun kerfisáætlunar, kafli 5.5
Kostnaður	7.925 mkr.
Öryggi	Verulega jákvæð áhrif
Skilvirkni	Verulega jákvæð áhrif
Gæði	Verulega jákvæð áhrif
Áreiðanleiki afhendingar	Verulega jákvæð áhrif
Samræmi við stefnu um línutegund	Í fullu samræmi
Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórvalda	Í fullu samræmi

TAFLA 3-2 : KR3 – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNSIS

Tafla 3-2 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga, samkvæmt mælikvarða sem lýst er í kafla 3.1, og mat á því hvort verkefnið sé í samræmi við stefnur stjórvalda. Einnig inniheldur hún fjárhagslegar upplýsingar um verkefnið. Matinu er lýst nánar í Tafla 3-5, Tafla 3-6, Tafla 3-7 og Tafla 3-8.

Lýsing á framkvæmd

Verkefnið felst í lagningu 220 kV loftlínu frá tengivirkni við Kröflu að tengivirkni í Fljótsdal. Í tengslum við tengingu Þeistareykja við meginflutningskerfið var byggt 220 kV tengivirkni við Kröflu og tekið í rekstur

í október 2017. Gert er ráð fyrir tengingu Kröflulínu 3 þar. Til að tengja hinn enda línunnar verður einum 220 kV rofareit bætt við tengivirknið í Fljótsdal.


Raflína

Atriði	Lýsing
Tegund	Loftlína
Fjöldi	1
Lengd	122 km
Nafnspenna	220 kV
Flutningsgeta	550 MVA

TAFLA 3-3 : KR3 - LÝSING FRAMKVÆMDAR

Mastragerð


Línan verður að stærstum hluta borin uppi af svokölluðum M-röramöstrum, að undanskildum hornmöstrum og línuenda við Fljótsdal.



MYND 3-2 : STAGAÐ RÖRAMASTUR AF M-GERÐ

Mynd 3-2 sýnir teikningu af þeirri mastragerð sem lýsingin miðast við. Þau eru af sömu gerð og möstur í nýlegum línum frá Kröflu að Bakka við Húsavík. Stöguð M-möstur hafa reynst vel í íslenskri veðráttu.

Í háspennulínu sem þessari er hvert mastur staðsett og hannað sérstaklega miðað við aðstæður. Möstrin eru því misjöfn að hæð. Stöðluð 220 kV burðarmöstur af M-gerð eru á bilinu 16–30 metrar að hæð með um 20 metra breiðri ofanáliggjandi brú (þverslá), sem upphengibúnaður og leiðarar línunnar hanga í. Möstrin standa á tveimur fótum sem settir eru á steyptar undirstöður og síðan eru möstrin stöguð með átta stögum.

Einlínemynd verkefnis

MYND 3-3 : EINLÍNUMYND KRÖFLULÍNU 3, Í MEGINDRÁTTUM MEÐFRAM KRÖFLULÍNU 2

Mynd 3-3 sýnir einlínemynd af áætlaðri Kröflulínu 3. Línuleiðin fylgir að mestu núverandi línuleið Kröflulínu 2.

Tengivirkvi við Fljótsdalsstöð (breyting)

Setja þarf upp einn nýjan rofareit í tengivirkinu við Fljótsdalsstöð.

Atriði	Lýsing
Spennustig í tengivirkvi	220 kV
Fjöldi nýrra rofareita í tengivirkvi	1 x 220 kV

TAFLA 3-4 : KR3 - BREYTING Í FLJÓTSDALSSTÖÐ

Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að verkframkvæmdir hefjist sumarið 2019 og að þeim ljúki síðla árs 2020. Spennusetning línumnar er áætluð í lok árs 2020.

Tímaáætlun fyrir Kröflulínu 3			
	2019	2020	2021
Framkvæmdir			
Lokafrágangur og verklok			
Spennusetning			◆

Fjárhagslegar upplýsingar um verkefni

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	7.925 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	Á ekki við
Áhrif á flutningstöp	Minnkun um 73% frá grunntilfelli
Áhrif á tekjumörk stórnottenda	
Hækkun á rekstrarkostnaði	120,3 mkr.
Aukning á afskriftum	120,3 mkr.
Aukning á leyfðum arði	393,2 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	633,7 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	7,7%
Áhrif á tekjumörk dreifiveitna	
Hækkun á rekstrarkostnaði	38,2 mkr.
Aukning á afskriftum	38,2 mkr.
Aukning á leyfðum arði	132,5 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	209,0 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	4,0%

TAFLA 3-5 : KR3 – FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR


Valkostagreining

Nokkrir valkostir voru teknir til skoðunar í umhverfismati verkefnisins. Til upplýsingar er vísað til skýrslu um umhverfismatið og álit Skipulagsstofnunar á heimasíðu Skipulagsstofnunar.²

Markmið raforkulaga

Framkvæmd var greining á því hvernig framlagður valkostur uppfyllir markmið raforkulaga.

² <http://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/alit-skipulagsstofnunar/nr/744#alit>.




MYND 3-4 : KR3 – MAT Á UPPFYLLINGU MARKMIÐA

Mynd 3-4 sýnir mat á því hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga. Framkvæmdin er talin hafa mikil jákvæð áhrif á öryggi og er ástæða þess sú að Samtenging 220 kV kerfa á Austurlandi og Norðausturlandi stóreykur öryggi beggja kerfishluta. Einnig verður tvöföld tenging þar á milli, þótt önnur sé á lægra spennustigi. Það sama gildir um markmið um áreiðanleika afhendingar en áreiðanleiki afhendingar til notenda eykst, einkum á Bakka þar sem kerfið mun betur njóta stuðnings véla í Fljótsdalsstöð. Áhrif framkvæmdarinnar á gæði raforku eru einnig talin verulega jákvæð, en helsta ástæða þess er sú að sameinað 220 kV kerfi á Austur og Norðausturlandi verður sterkur kjarni til að styrkja kerfið út frá í framhaldinu og að skammhlaupsafl á Norðausturlandi mun hækka talsvert. Þegar kemur að skilvirkni, munu flutningstöp á svæðinu minnka, auk þess sem línan tengir betur saman virkjanasvæði með meiri flutningsgetu og eykur þannig sveigjanleika í flutningi og rekstri virkjana.

Áhrif framkvæmdar á flutningstöp

Í þeim tilgangi að leggja mat áhrif framkvæmdarinnar á flutningstöp eru hlutfallsleg flutningstöp um núverandi flutningslínu, Kröflulínu 2 (KR 2), skilgreind sem grunntilfelli. Þau töp eru svo borin saman við áætluð töp á línuleiðinni eftir að ný lína hefur verið byggð og rekin, annars vegar hliðtengd í samrekstri með núverandi línu og hins vegar með núverandi línu ekki í rekstri.



MYND 3-5 : FLUTNINGSTÖP SEM FALL AF FLUTTU AFLI

Mynd 3-5 sýnir hlutfallsleg flutningstöp á línuleiðinni á milli Kröflu og Fljótsdals sem fall af fluttu raunaflí. Núverandi flutningslína á línuleiðinni, Kröflulína 2, sem er 132 kV loftlína er notuð sem grunnviðmið. Hitaflutningsmörk hennar eru um 150 MW en til samanburðar við valkostí eru fræðileg töp útreiknuð áfram upp í 250 MW og sýnd á grafinu sem strikalína. Við 50 MW flutning eru töpin í grunntilfellinu 1,1%, 2,2% við 100 MW flutning, 3,3% við 150 MW flutning og væru fræðilega 4,4% við 200 MW flutning. Í tilfelli þar sem ný flutningslína er rekin í samrekstri við núverandi flutningslínu eru töpin talsvert minni, frá 0,3% við 50 MW, 0,6% við 100 MW og 0,9% og 1,2% við 150 og 200 MW. Þetta er heildarminnkun tapa um 73% frá grunntilfellinu. Í þeim tilfellum þegar ný flutningslína er rekin ein og sér og núverandi flutningslína er ekki í rekstri, þá eru töpin 0,4% við 50 MW flutning, 0,8% við 100 MW flutning, 1,2% við 150 MW og 1,6% við 200 MW flutning um línuna. Þetta svarar til minnkunar á flutningstöpum um 64% frá grunntilfelli.

Niðurstaða mats á því hvaða áhrif framkvæmdin hefur á flutningstöp er sú að ný loftlína á línuleiðinni minnkar töp um 64% til 73%, eftir því hvort um samrekstur með núverandi Kröflulínu 2 sé að ræða eða ekki.

Áhrif framkvæmdar á afhendingaröryggi

Landsnet setur sér markmið er varða áreiðanleika og afhendingaröryggi flutningskerfis ársgrundvelli með mælingu þriggja stuðla. Þessir stuðlar eru straumleysismínútur (SMS, stuðull um meðaltíma skerðingar í mín/ári), stuðull um rofið álag (SRA, MW/MWár) og kerfismínútur (mælikvarði á umfang truflana eða orkuskerðing sem hlutfall af hámarksafli veitu í mínutum). Mælingar á stuðlunum byggjast á truflanskráningu Landsnets og koma fram í Frammistöðuskýrslu Landsnets ár hvert. Markmið

Landsnets fyrir þessa stuðla eru birt í töflu ásamt útreiknuðum áhrifum á stuðlana vegna byggingar Kröflulínu 3. Þegar horft er til stuðlana er mikilvægt að hafa í huga að stuðlarnir eru fyrst og fremst hugsaðir til að meta frammistöðu flutningskerfisins aftur í tímann þar sem í útreikningum á þeim spila þættir sem ekki er hægt eða illmögulegt er að hafa stjórn á eins og veður, mannleg mistök, óvalvísí afleiddra truflana og fleira í þeim dúr.

	Markmið	2017 (2016)	Áætluð áhrif vegna KR 3
Stuðull um rofið álag (SRA)	Undir 0,85	0,93 (0,39)	10% lækkun
Stuðull um meðallengd skerðingar, straumleysismínútur (SMS)	Undir 50	42,5 (5,1)	Fækkun um 0,026 mínútur
Kerfismínútur (KM)	Engin truflun lengri en 10 kerfismínútur	Engin truflun lengri en 10 kerfismínútur	Óveruleg áhrif

TAFLA 3-6 : MARKMIÐ LANDSNETS UM AFHENDINGARÖRYGGI OG MÖGULEG ÁHRIF KRÖFLULÍNU 3

Áreiðanleiki raforkuafhendingar til notenda og móttöku orku frá virkjunum á svæðinu batnar með tilkomu Kröflulínu 3, KR3. Nýja línan mun auka flutningsgetu á þessum kafla byggðalínuhringsins og bæta afhendingaröryggi þar sem byggðalínuhringurinn er með tilkomu hennar orðinn tvöfaldur á þessu svæði og áhrif einstakra truflana ættu því að vera mun umfangsminni en áður.

Árunum 2007-2016 hefur Kröflulína 2 (KR2) farið níu sinnum úr rekstri vegna fyrirvaralausra truflana og 25 sinnum vegna viðhalds. Að meðaltali hefur KR2 verið úti rúmlega 3,5 klukkustundir ári síðustu 10 árin vegna fyrirvaralausra rekstrartruflana og tæplega 38 klukkustundir ári vegna viðhalds. Á síðustu 10 árum hafa verið fimm truflanir á KR2 sem hafa valdið skerðingum sem samsvara 1,3 GWh. KR3 og KR2 liggja á milli sömu tengipunkta í kerfinu, þannig að truflanir og viðhald á KR2 ættu með tilkomu KR3 að hafa mun minni áhrif á afhendingaröryggið á Norðurlandi en nú.

Hér hefur áreiðanleiki eða ótiltæki verið reiknað á þeim afhendingarstöðum sem verða fyrir beinum áhrifum með tilkomu Kröflulínu 3. Niðurstaða þessara reikninga er eftirfarandi:

- **SRA:** Stuðull um rofið álag (SRA) er stuðull sem Landsnet hefur sett sér markmið um. Truflanir síðustu 10 ára á KR2 hafa valdið skerðingu sem jafngildir um 0,09 MW/MWár í SRA-stuðlinum fyrir landið í heild en markmið Landsnets er að þessi stuðull sé undir 0,85 MW/MWár. Ný lína við hlið KR2 gæti því að lágmarki lækkað SRA-stuðulinum sem þessu nemur sem er rúmlega 10% lækkun. Truflanir á öllu Norðausturlandi síðastliðin 10 ár hafa valdið skerðingu sem jafngildir um 0,17 MW/MWár, hægt er að reikna með að tilkoma KR3 hafi áhrif á truflanir á öllu Norðurlandi og geti haft áhrif á SRA til lækkunar.
- **SMS:** Með tilkomu nýrrar línu ætti straumleysismínútum á landinu að fækka að meðaltali um 0,026 mínútur ári.
- **KM:** Engin truflun á Norðurlandi á síðustu 10 árum hefur farið yfir 10 kerfismínútur en markmið Landsnets er að engar slíkar truflanir eigi sér stað í kerfinu. Ætla má því að tilkoma KR3 muni lítið fækka truflunum sem eru yfir 10 kerfismínútur en líkur á slíkum truflunum ættu þó að minnka. Slíkar truflanir eru fátíðar eins og kemur fram í Frammistöðuskýrslu Landsnets.

KR3 er fyrsti áfangi í stærri áætlun um 220 kV endurnýjun á byggðalínunni sem miðað er við að nái frá Blöndu að Fljótsdal. Með tilkomu þessara lína mun heildaráreiðanleiki flutningskerfisins aukast til muna.

Samræmi við stefnu stjórnvalda um línugerð

	Umsögn	Stig
Innan þéttbýlis?	Línuleið er ekki innan þéttbýlis	0
Nærri flugvelli?	Línuleið liggur ekki nærri flugvelli	0
Liggur um þjóðgarð?	Loftlína liggur um þjóðgarð á 150 m löngum kafla.	+
Fer um annað friðland?	Línuleið liggur ekki um friðlönd	0
Kostnaður við jarðstreng meiri en 2x loftlína.	Kostnaður er 4-5 x meiri en við loftlínu (háð lengd).	--

TAFLA 3-7 : KR3 – SAMRÆMI VIÐ STEFNU UM LÍNUGERÐ

Línuleiðin er innan þjóðgarðs á 150 m löngum kafla og var þar metinn jarðstrengur. Kostnaður við jarðstrenginn er metinn 4-5 sinnum meiri en við loftlínu og því fellur jarðstrengur ekki að kostnaðarviðmiði í stefnunni, auk þess sem umhverfislegur ávinningur af jarðstrengslögn var óviss.

Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda

	Umsögn	Stig
N-1 afhendingaröryggi á öllum afhendingarstöðum í meginflutningskerfinu fyrir 2030.	Framkvæmdin er mikilvægur þáttur í að tryggja fullt N-1 afhendingaröryggi á byggðalínusvæðinu	++
Innviðauppbýgging mætir þörfum fyrir orkuskipti.	Framkvæmdin stuðlar að því að flutningskerfið sé í stakk búið að mæta þörfum fyrir orkuskipti, sérstaklega þegar er litið til notkunar fiskimjölsverksmiðja á Austurlandi á raforku.	++
Heildstætt mat ávinningi jarðstrengslagna í kerfi þar sem hámarks lengd jarðstrengskafla er takmörkunum háð.	Tæknilegar takmarkanir á lengd jarðstrengja. Ávinningur metin heildstætt með Hölasandslínu 3 og Blöndulínu 3	++
Forðast rask á friðlýstum svæðum og minjum í 61. gr. náttúruverndarlaga.	Línan mun raska eldhrauni og votlendi á hluta leiðarinnar. Við hönnun línuleiðar hefur verið og er reynt að forðast rask eins og frekast er unnt og verður gert enn frekar við nánari útboðshönnun.	+/-
Draga úr sjónrænum og umhverfisáhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja. Velja stæði þannig að sjónræn og önnur áhrif séu sem minnst.	Mastragerðir sem verða notaðar hafa þótt hafa minni neikvæð sjónræn áhrif en grindarmöstur sem hafa verið notuð víða. Á nokkrum stöðum víkur línan frá eldri línu (KR2) til að draga úr sjónrænum áhrifum.	+/-
Línugötur í lágmarki. Raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir eru færar m.a. m.t.t. kostnaðar og umhverfisáhrifa.	Ný lína mun liggja að mestu samhliða núverandi Kröflulínu 2 og nýta eftir því sem kostur er núverandi línuslóð. Þar sem vikið er frá núverandi línu er það til þess fallið að draga úr sjónrænum áhrifum sbr. lið hér að framan.	+/-


Jarðstrengi skal leggja svo sem kostur er meðfram vegum.	Á ekki við	0
Nýta línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa.	Núverandi línuleið fylgt að mestu	+/-
Mat á afhendingaröryggi og kostnaði að tryggja það.	Eykur afhendingaröryggi á byggðalínusvæðinu	++
Styrking og uppbrygging m.t.t. þarfa allra landsmanna.	Hluti af styrkingu á meginflutningskerfi.	++
Flutningstakmarkanir hafi ekki áhrif á aðgengi.	Dregur úr flutningstakmörkunum áhrifasvæði línunnar.	++
Horft verði til viðskiptahagsmunu.		
Tryggja hagkvæmt flutningsverð til kaupanda.	Sjá umfjöllun í langtímaáætlun kerfisáætlunar um áhrif fjárfestinga á gjaldskrá, kafli 6.	++

TAFLA 3-8 : KR3 – SAMRÆMI VIÐ ALMENN ATRIÐI Í STEFNU

Framkvæmdin hefur ýmist óveruleg eða verulega jákvæð áhrif á almenn atriði í stefnu stjórvalda um uppbryggingu flutningskerfis raforku.

Af þessu má draga þá ályktun að framkvæmdin sé í fullu samræmi við stefnu stjórvalda um uppbryggingu flutningskerfis raforku, bæði hvað varðar línugerð og önnur almenn atriði í stefnumni.

Umhverfisáhrif framkvæmdar



MYND 3-6 : KR3 – MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Helstu neikvæðu umhverfisáhrif Kröflulínu 3 eru á landslag og ásýnd, jarðminjar, lífríki og ferðaþjónustu. Jákvæð áhrif eru á atvinnuuppbryggingu.

3.2.4 Ólafsvík – nýtt tengivirki

Verkefnið snýr að byggingu tengivirkis í svæðisbundna kerfinu á Snæfellsnesi. Tengivirkið sem staðsett verður í Ólafsvík verður byggt í tengslum við lagningu jarðstrengs milli Grundarfjarðar og Ólafsvíkur.

Uppruni og meginmarkmið framkvæmdar

Uppruni verkefnisins er frá svæðisbundnu kerfunum og snýr að því að auka afhendingaröryggi á Snæfellsnesi með endurnýjun á búnaði og hringtengingu Snæfellsness. Meginmarkmið verkefnisins eru:

- Að auka raforkuöryggi á Snæfellsnesi.
- Að auka áreiðanleika afhendingar á Snæfellsnesi.

Með nýjum jarðstreng ásamt nýjum tengivirkjum á Grundarfirði og í Ólafsvík kemst á hringtenging á Snæfellsnesi sem gerir það að verkum að öryggi og áreiðanleiki afhendingar eykst þar sem almennir notendur munu ekki verða fyrir skerðingum á afhendingu rafmagns við bilanir á öðrum línum.

Upprunaleg afgreiðsla verkefnis

Verkefnið var upprunalega afgreitt í apríl 2016 með kerfisáætlun 2015-2024. Ekki hafa orðið neinar teljandi breytingar á umfangi verkefnisins frá þeim tíma.

Umfang verkefnis

Bygging á nýju 66 kV tengivirki í Ólafsvík.

Rökstuðningur fyrir verkefni

	Lýsing
Hagkvæmni	Verkefnið er ætlað að uppfylla markmið um öryggi, skilvirkni og gæði raforku, en hefur ekki í för með sér beina aukningu á flutningsmagni. Markmiðið er ekki að auka arðsemi flutningskerfisins. Því hafa hefðbundnir arðsemisútreikningar ekki verið framkvæmdir.
Kostnaður	320 mkr.
Öryggi	Verulega jákvæð áhrif
Skilvirkni	Óveruleg áhrif
Gæði	Óveruleg áhrif
Áreiðanleiki afhendingar	Verulega jákvæð áhrif
Samræmi við stefnu um línutegund	Á ekki við þar sem um tengivirki er að ræða.
Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda	Á ekki við þar sem um tengivirki að ræða.

TAFLA 3-9 : ÓLAFSVÍK – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNISS

Tafla 3-9 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga, samkvæmt mælikvarða sem lýst er í kafla 3.1, og mat á því hvort verkefnið sé í samræmi við stefnur stjórnvalda. Einnig inniheldur hún fjárhagslegar upplýsingar um verkefnið. Matinu er lýst nánar í Tafla 3-11 og Tafla 3-12.

Lýsing á framkvæmd


Nýtt 66 kV tengivirki með þremur rofareitum, fyrir Ólafsvíkurlínu 1, sem liggur frá Vegamótum, Grundarfjarðarlínu 2, sem liggur frá Grundarfirði, og spenni 1 sem snýr að afhendingu til dreifiveitunnar. Sú lausn sem valin hefur verið er færð tengivirki sem byggt verður í heild áður en það er flutt og komið fyrir á löðinni við Ólafsvík.

Tengivirki í Ólafsvík

Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útvirkni)	Yfirbyggt
Spennustig í tengivirki	66 kV
Fjöldi rofareita í tengivirki	3
Teinafyrirkomulag	Einfaldur teinn
Aflspennir	1 stk. í eigu RARIK, með framhjálaupsrofa
Flutningsgeta aflspennis	Óþekkt ennþá (ákvörðun RARIK)
Umsetning aflspennis	66/19 kV (ákvörðun RARIK)

TAFLA 3-10 : ÓLAFSVÍK – LÝSING FRAMKVÆMDAR

Einlínumynd verkefnis



MYND 3-7 : OLA – EINLÍNUMYND VERKEFNIS

Búnaður til launaflsútfjöfnunar

Sett verður upp stillanleg spóla til launaflsútfjöfnunar vegna Grundarfjarðalínu 2 og verður stillisvið hennar 2-4 MVAr.

Fjárhagslegar upplýsingar um verkefni

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	320 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	Kostnaður vegna niðurrifs núverandi tengivirkis 5 mkr. Eftirstöðvar afskrifta aflagðs búnaðar 1,4 mkr.
Áhrif á flutningstöp	Verkefnið hefur ekki áhrif á flutningstöp.
Áhrif á tekjumörk dreifiveitna	
Hækkun á rekstrarkostnaði	6,4 mkr.
Aukning á afskriftum	8,0 mkr.
Aukning á leyfðum arði	22,2 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	36,6 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	0,7%

TAFLA 3-11 : ÓLAFSVÍK - FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Tafla 3-11 sýnir fjárhagsleg áhrif verkefnisins að teknu tilliti til fyrirvara tilgreinda í kafla 3.2. Þar sem verkefnið er í svæðisbundna flutningskerfinu á Vesturlandi hefur það ekki áhrif á gjaldskrá stórnottenda. Heildarkostnaður við verkefnið er 320 milljónir króna.


Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á síðasta ársfjórðungi 2018 og að þeim ljúki ári síðar. Spennusetning er ráðgerð í fjórða ársfjórðungi 2019 og verður frágangi við lóð lokið haustið 2019.

Tímaáætlun fyrir nýtt tengivirkir í Ólafsvík		
	2018	2019
Framkvæmdir		
Lokafrágangur og verklok		
Spennusetning		

Markmið raforkulaga

Framkvæmd var greining á því hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga og er niðurstaða matsins eftirfarandi:



MYND 3-8 : ÓLAFSVÍK – UPPFYLLING MARKMIÐA

Mynd 3-8 sýnir hvernig framkvæmdin uppfyllir markmið raforkulaga. Verkefnið tengist aukinni möskvun á Snæfellsnesi og hefur þannig í för með sér bætt afhendingaröryggi, N-1 afhendingaröryggi bæði í Ólafsvík og á Grundarfirði sem er talið hafa verulega jákvæð áhrif á markmið um öryggi. Nýr búnaður minnka líkur á truflunum í Ólafsvík sem eru tilkomnar vegna bilana í tengivirkni og hefur þannig verulega jákvæð áhrif áreiðanleika afhendingar. Framkvæmdin ein og sér er talin hafa óveruleg áhrif á gæði raforku og skilvirkni.

Áhrif framkvæmdar á flutningstöp

Verkefnið hefur ekki áhrif á flutningstöp.

Áhrif framkvæmdar á afhendingaröryggi

EKKI er mögulegt að áætla hvaða áhrif tengivirknið hefur á afhendingaröryggi með sömu stöðlum og gert er fyrir línur. Þó mun tilkoma þess, ásamt tilkomu nýrrar línu á milli Grundarfjarðar og Ólafsvíkur, auka afhendingaröryggi bæði í Ólafsvík og á Grundarfirði úr N-0 og í N-1.

Samræmi við stefnu stjórvalda um línugerð

Viðmið í stefnu stjórvalda um línugerð eiga ekki við, þar sem einungis er um byggingu tengivirkis að ræða.

Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórvalda

	Lýsing
Umsögn	Stig

N-1 afhendingaröryggi á öllum afhendingarstöðum fyrir 2040.	Framkvæmdin er liður í því að afhendingarstaðir í Ólafsvík og á Grundarfirði verði reknir með N-1 afhendingaröryggi.	++
Innviðauppbýgging mætir þörfum fyrir orkuskipti.	Hefur óveruleg jákvæð áhrif.	0/+
Heildstætt mat ávinningi jarðstrengslagna í kerfi þar sem hámarks lengd jarðstrengskafla er takmörkunum háð.	Á ekki við.	0
Forðast rask á friðlýstum svæðum og minjum í 61. gr. náttúruverndarlaga.	Á ekki við.	0
Draga úr sjónrænum og umhverfisáhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja. Velja stæði þannig að sjónræn og önnur áhrif séu sem minnst.	Úti virki fært inn í byggingu	++
Línugötur í lágmarki. Raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir færar, m.a. m.t.t. kostnaðar og umhverfisáhrifa.	Á ekki við.	0
Jarðstrengi skal leggja sem kostur er meðfram vegum.	Á ekki við.	0
Nýta línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa.	Á ekki við.	0
Mat á afhendingaröryggi og kostnaði að tryggja það.	Eykur afhendingaröryggi á utanverðu Snæfellsnesi.	++
Styrking og uppbýgging m.t.t. þarfa allra landsmanna.	Hluti af styrkingu á svæðisbundnu flutningskerfunum.	++
Flutningstakmarkanir hafi ekki áhrif á aðgengi. Horft verði til viðskiptahagsmunu.	Á ekki við.	0
Tryggja hagkvæmt flutningsverð til kaupanda.	Sjá umfjöllun í langtímaáætlun kerfisáætlunar um áhrif fjárfestinga á gjaldskrá, kafli 6.	++

TAFLA 3-12 : ÓLAFSVÍK – SAMRÆMI VIÐ ALMENN ATRIÐI Í STEFNU

Af þessu má draga þá ályktun að framkvæmdin sé í fullu samræmi við stefnu stjórnvalda um uppbýggingu flutningskerfis.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Umhverfisáhrif vegna endurnýjunar á tengivirki eru talin óveruleg, þar sem það verður innan núverandi byggingardeits tengivirkis. Huga þarf að ásýnd og meðhöndlun SF6-gass.

3.2.5 Hnappavellir – nýr afhendingarstaður

Verkefnið snýst um uppsetningu á nýjum afhendingarstað í meginflutningskerfinu í Öræfasveit. Núverandi afhendingarstaður Landsnets fyrir sveitina frá Skaftafelli að Lónsheiði er Hólar. Frá Hólum liggur 19 kV tenging að Skaftafelli sem annar svæðinu vestan Hornafjarðarfljóts. Lengd hennar er um 120 km og þar af eru 100 km í streng og restin í loftlínú.

Áætlað er að notkun hjá viðskiptavinum RARIK í Öræfum muni aukast um a.m.k. 1 MW en við það mun kerfið frá Hólum í Öræfin yfirlestast bæði hvað varðar töp og spennufall. Því var ákveðið að reistur yrði nýr afhendingarstaður í Öræfum til þess að koma til móts við þessa auknu notkun á sem hagkvæmastan hátt.

Uppruni og meginmarkmið framkvæmdar

Uppruni verkefnisins er ósk frá dreifiveitu um að reistur verði nýr afhendingarstaður á byggðalínunni í Öræfum. Helsta ástæða þess er mikill uppbygging í ferðabjónustu á svæðinu að undanförnu sem hefur leitt til mikillar aukningar í raforkunotkun á svæðinu. Fjarlægð á milli afhendingarstaða Landsnets er hvergi meiri en á milli Prestbakka við Kirkjubækarklaustur og Hóla við Höfn, en á milli þeirra liggur Prestbakkalína 1, 171 km löng 132 kV loftlína sem er hluti af byggðalínuhringnum. Staðsetning nýs afhendingarstaðar verður nálægt miðhluta línnunnar. Meginmarkmið framkvæmdarinnar eru eftirfarandi:

- Auka afhendingargetu í Öræfum
- Auka áreiðanleika raforkuafhendingar í Öræfum

Upprunaleg afgreiðsla verkefnis

Sótt var um sérleyfi til Orkustofnunar fyrir framkvæmd verkefnisins í maí 2018 og var leyfið veitt þann 28.9.2018.

Rökstuðningur verkefnis

Lagt var mat á það hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga og stefnur stjórnavalda. Sá valkostur sem best uppfyllir þetta hefur verið valinn sem framlagður valkostur í framkvæmdaáætlun.

	Lýsing
Hagkvæmni	Verkefninu er ætlað að uppfylla markmið um öryggi, skilvirkni og gæði raforku, en hefur ekki í för með sér beina aukningu á flutningsmagni. Markmiðið er ekki að auka arðsemi flutningskerfisins. Því hafa hefðbundnir arðsemisútreikningar ekki verið framkvæmdir.
Kostnaður	385 mkr.
Öryggi	Hefur jákvæð áhrif.
Skilvirkni	Hefur jákvæð áhrif.
Gæði	Hefur verulega jákvæð áhrif.
Áreiðanleiki afhendingar	Hefur jákvæð áhrif.
Samræmi við stefnu um línutegund	Á ekki við.
Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda	Í samræmi.

TAFLA 3-13 : ÖRÆFI – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNSIS

Tafla 3-13 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga, samkvæmt Mynd 3-10, og mat á því hvort verkefnið sé í samræmi við stefnur stjórnvalda. Einnig inniheldur hún fjárhagslegar upplýsingar um verkefnið.


Lýsing á framkvæmd

Verkefnið felst í byggingu á nýju tengivirki og tengingu þess við Prestbakkalínu 1.

Tengivirki

Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útvirkni)	Yfirbyggt tengivirki
Spennustig í tengivirki	132 kV
Fjöldi rofareita í tengivirki	3
Teinafyrirkomulag	Einfaldur teinn
Aflspennir	1 stk. í eigu RARIK
Flutningsgeta aflspennis	10-12 MVA (ákvörðun RARIK)
Umsetning aflspennis	132/19 kV (ákvörðun RARIK)

TAFLA 3-14 : ÖRÆFI – LÝSING FRAMKVÆMDAR

Einlínemynd verkefnis

MYND 3-9 : EINLÍNUMYND AF NÝJUM AFHENDINGARSTAÐ Í ÖRÆFUM

Mynd 3-9 er einlínemynd tengivirkis í Öræfum. Staðsetning virkisins var m.a. ákveðin með hliðsjón af hættumati vegna flóða ef kæmi til eldgoss í Öræfajökli.

Fjárhagslegar upplýsingar um aðalvalkost

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	385 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	Á ekki við.
Áhrif á flutningstöp	Á ekki við.
Áhrif á stórnottendur	
Hækkun á rekstrarkostnaði	5,3 mkr.
Aukning á afskriftum	6,6 mkr.
Aukning á leyfðum arði	17,4 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	29,3 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	0,4%
Áhrif á dreifiveitur	
Hækkun á rekstrarkostnaði	1,7 mkr.
Aukning á afskriftum	2,1 mkr.
Aukning á leyfðum arði	5,9 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	9,7 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	0,2%

TAFLA 3-15 : ÖRÆFI – FJÁRHAGSLEGRAR UPPLÝSINGAR

Verkefnið er í meginflutningskerfinu og hefur því áhrif á gjaldskrár bæði dreifiveitna sem og stórnottenda.


Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í sumarið 2019 og að þeim ljúki í lok árs 2020. Spennusetning verður í lok árs 2020.

Tímaáætlun fyrir nýjan afhendingarstað í Öræfum			
	2018	2019	2020
Framkvæmdir			█
Lokafrágangur og verklok			█
Spennusetning			◆

Markmið raforkulaga

Framkvæmd var greining á því hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga.



MYND 3-10 : NÝR AFHENDINGARSTAÐUR – UPPFYLLING MARKMIÐA

Mynd 3-10 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig framkvæmdin er talin uppfylla markmið raforkulaga. Hún er talin hafa mikil jákvæð áhrif á markmið um öryggi, áreiðanleika afhendingar og gæði raforku. Meginástæður þess eru þær að afhendingaröryggi mun aukast í Öræfum vegna nálægðar við flutningskerfið auk þess sem hægt verður að fæða bæði frá Prestbakka og Hólum. Áreiðanleiki mun einnig aukast vegna þess að eftir framkvæmdina verður hægt að afhenda orku bæði frá Prestbakka og Hólum sem gerir staðinn minna útsettan fyrir einstökum bilunum á byggðalínunni. Framkvæmdin hefur verulega jákvæð áhrif á spennugæði í öræfum vegna minni fjarlægðar frá meginflutningskerfinu og er talin hafa jákvæð áhrif á skilvirkni, þar sem möguleikar á raforkunotkun áhrifasvæði framkvæmdarinnar munu aukast.

Áhrif framkvæmdar á flutningstöp

Framkvæmdin hefur ekki teljandi áhrif á flutningstöp í flutningskerfi raforku.

Áhrif framkvæmdar á afhendingaröryggi

EKKI er mögulegt að áætla hvaða áhrif tengivirkið hefur á afhendingaröryggi með sömu stöðlum og gert er fyrir línum. Tilkoma þess mun þó bæta afhendingaröryggið, þar sem Öræfi munu tengjast meginflutningskerfinu beint í stað tengingar um 120 km langa, 19 kV línu.

Samræmi við stefnu stjórvalda um línutegund.

Stefna stjórvalda um lagningu raflína nær ekki yfir verkefnið þar sem um tengivirki er að ræða.

Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórvalda

	Umsögn	Stig
N-1 afhendingaröryggi á öllum afhendingarstöðum í meginflutningskerfinu fyrir 2030.	Nýr afhendingarstaður með N-1 afhendingaröryggi	++
Innviðauppbýgging mætir þörfum fyrir orkuskipti.	Hefur jákvæð áhrif á framgang orkuskipta í samgöngum þar sem að afhendingarstaðurinn er í grennd við ferðamannastaði, sem kallar á aukna þörf fyrir hleðslu rafbíla í takt við rafbílavæðingu bílaleiga.	++
Heildstætt mat ávinningi jarðstrengslagna í kerfi þar sem hámarks lengd jarðstrengskafla er takmörkunum háð.	Á ekki við.	0
Forðast rask á friðlýstum svæðum og minjum í 61. gr. náttúruverndarlagha.	Á ekki við.	0
Draga úr sjónrænum og umhverfisáhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja. Velja stæði þannig að sjónræn og önnur áhrif séu sem minnst.	Horft verður til lágmörkunar á sjónrænum áhrifum við hönnun mannvirkis.	+
Línugötur í lágmarki. Raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir færar, m.a. m.t.t. kostnaðar og umhverfisáhrifa.	Á ekki við.	0
Jarðstrengi skal leggja sem kostur er meðfram vegum.	Á ekki við.	0
Nýta línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa.	Á ekki við.	0
Mat á afhendingaröryggi og kostnaði að tryggja það.	Afhendingaröryggi eykst á áhrifasvæði framkvæmdarinnar.	++
Styrking og uppbýgging m.t.t. þarfa allra landsmanna.	Framkvæmdin stuðlar beint að bættri þjónustu við orkunotendur á byggðalínusvæðinu.	++

Flutningstakmarkanir hafi ekki áhrif á aðgengi.	Nýr afhendingarstaður eykur mjög aðgengi að raforku á svæðinu til hagsbóta fyrir atvinnulíf og almenning.	++
Tryggja hagkvæmt flutningsverð til kaupanda.	Sjá umfjöllun í langtímaáætlun kerfisáætlunar um áhrif fjárfestinga á gjaldskrá, kafli 6.	+

TAFLA 3-16 : ÖRÆFI – SAMRÆMI VIÐ ALMENN ATRIÐI Í STEFNU

Samkvæmt stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins skulu allir afhendingarstaðir í meginflutningskerfinu árið 2030 vera komnir með tengingu sem tryggi að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. Áhrif á önnur atriði í stefnunni sem eiga við eru annað hvort jákvæð eða verulega jákvæð.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Umhverfisáhrif vegna tengivirkisins eru talin óveruleg. Huga þarf að últiti virkisins og meðhöndlun SF₆ gass.

3.2.6 Austurland – spennuhækkun

Verkefnið snýr að hækkun rekstrarspennu lína og tengivirkja í svæðisbundna flutningskerfinu á Austfjörðum, frá Stuðlum í Reyðarfirði og að Eyvindará um Eskifjörð, úr 66 kV upp í 132 kV. Það er gert til þess að auka flutningsgetu í kerfinu, m.a. í þeim tilgangi að tryggja aðgengi fiskimjölsverksmiðja á svæðinu að innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum. Ávinningur af verkefninu er að möguleg innmötun á Austfjarðakerfið eykst um rúmlega 20 MW.

Uppruni og meginmarkmið verkefnis

Uppruni verkefnisins er vegna aukinnar flutningsþarfar í svæðisbundna kerfinu á Austfjörðum. Aukin flutningsþörf er m.a. tilkomín vegna rafvæðingar fiskimjölsverksmiðja á svæðinu, ásamt annarri atvinnuuppbryggingu. Samkvæmt þingsályktunartillögu að aðgerðaáætlun stjórnvalda í orkuskiptum sem samþykkt var í maí 2017 eiga raforkuinnviðir fyrir notkun fiskimjölsverksmiðja að vera til staðar og fellur þetta verkefni að því markmiði. Meginmarkmið með verkefninu er að auka flutningsgetu inn á afhendingarstaði í svæðisbundna flutningskerfinu á Austfjörðum.

Upprunaleg afgreiðsla verkefnis

Sótt var um sérleyfi til Orkustofnunar fyrir framkvæmd verkefnisins í lok janúar 2018 og var leyfið veitt þann 29. nóvember 2018.

Umfang verkefnis

Verkefnið snýr að spennuhækkun á núverandi kerfi og inniheldur því nær engar línulagnir. Framkvæmd var valkostagreining sem nær yfir byggingu nýs tengivirkis á Eskifirði og breytingar á tengivirkri á Eyvindará.

Á Eskifirði þarf að reisa nýtt 132 kV tengivirki. Þar voru skoðaðir tveir valkostir á niðurspenningu úr 132 kV í 66 kV, þ.e. að útbúa virkið með einum afspenni eða tveimur. Varð seinni kosturinn fyrir valinu til þess að tryggja betur afhendingaröryggi kerfisins og auka flutningsgetu.

Á Eyvindará þarf að bæta við tveimur 132 kV rofareitum. Þar voru skoðaðir þrír valkostir, að bæta við tveimur útirofum í núverandi virki, að byggja nýtt yfirbyggt 132 kV virki og sá að byggja nýtt yfirbyggt virki fyrir bæði 132 kV og 66 kV. Einnig þarf að leggja u.p.b. 2 km af Eskifjarðarlínu 1 í jarðstreng næst tengivirkinu.

Rökstuðningur verkefnis

Sá valkostur sem best uppfyllir markmið raforkulaga og samræmist stefnu stjórnvalda hefur verið valinn sem framlagður valkostur í framkvæmdaáætlun.

	Lýsing
Hagkvæmni	Verkefninu er ætlað að uppfylla markmið um öryggi, skilvirkni og gæði raforku, en hefur ekki í för með sér beina aukningu á flutningsmagni. Markmiðið er ekki að auka arðsemi flutningskerfisins. Því hafa hefðbundnr arðsemisútreikningar ekki verið framkvæmdir.
Kostnaður	1.797 mkr.
Öryggi	Hefur jákvæð áhrif.
Skilvirkni	Hefur jákvæð áhrif.
Gæði	Hefur jákvæð áhrif.
Áreiðanleiki afhendingar	Hefur jákvæð áhrif.
Samræmi við stefnu um línutegund	Í fullu samræmi.
Samræmi við sjónarmið sem hafa skal að leiðarljósi skv. stefnu stjórnvalda	Í fullu samræmi.

TAFLA 3-17 : AUSTURLAND SPENNUHÆKKUN – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNIS

Tafla 3-17 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga, samkvæmt mælikvarða sem lýst er í kafla 3.1, og mat á því hvort verkefnið sé í samræmi við stefnur stjórnvalda. Einnig inniheldur hún fjárhagslegar upplýsingar um verkefnið. Matinu er lýst nánar í Tafla 3-21, Tafla 3-22 og Tafla 3-23.

Lýsing á framkvæmd


Verkefnið felur í sér byggingu nýs tengivirkis á Eskifirði með 132 kV rofum og spennum, nýju 132 kV tengivirki á Eyvindará og breytingum á tengivirki á Stuðlum. Einnig þarf að leggja u.p.b. 2 km af Eskifjarðarlínu 1 í jörðu næst Eyvindará. Þegar framkvæmdum lýkur verður rekstrarspenna lína á milli stuðla og Eskifjarðar (Stuðlalína 2) og á milli Eskifjarðar og Eyvindarár (Eskifjarðarlína 1), hækkuð úr 66 kV í 132 kV. Þegar var búið að skipta út 66 kV strengendum í Stuðlalínu 2 og Eskifjarðarlínu 1 og voru þá 66 kV strengjum með ófullnægjandi flutningsettu skipt út fyrir 132 kV strengi.

Raflína

Atriði	Lýsing
Tegund	Jarðstrengur

Fjöldi	1
Lengd (km)	Nýr jarðstrengir: 1,7 km
Nafnspenna	132 kV
Flutningsgeta	94 MVA

TAFLA 3-18 : AUSTURLAND SPENNUHÆKKUN – LÝSING FRAMKVÆMDAR, RAFLÍNA

Einlínemynd verkefnis

MYND 3-11 : AUSTURLAND SPENNUHÆKKUN – EINLÍNUMYND VERKEFNIS

Mynd 3-11 sýnir einlínemynd yfir þær línar sem á að spennuhækka úr 66 kV í 132 kV.

Tengivirkvi við Eskifjörð

Tengivirkvið við Eskifjörð hefur verið verkhannað sem gaseinangrað (GIS) yfirbyggt tengivirkvi á 132 kV málspennu með fjórum rofareitum og tengjast inn í það eftirfarandi línar:

- Eskifarðarlína 1 (ES1).
- Stuðlalína 2 (SR2).

Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útvirkvi)	Yfirbyggt, gaseinangrað (GIS)
Spennustig í tengivirkvi	132 kV
Fjöldi rofareita í tengivirkvi	4
Teinafyrirkomulag	Tvöfaldur teinn
Aflspennar	2 stk.
Flutningsgeta aflspenna	2 x 50 MVA
Umsetning aflspenna	132/66 kV

TAFLA 3-19 : AUSTURLAND SPENNUHÆKKUN – LÝSING FRAMKVÆMDAR, TENGIVIRKI Á ESKIFIRÐI

Tengivirki við Eyvindará (breytingar)

Tengivirkið við Eyvindará verður stækkað með tveimur 132 kV útirofareitum.

Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útvirki)	Yfirbyggt, gaseinangrað (GIS)
Spennustig í tengivirki	132 kV
Fjöldi rofareita í tengivirki	3
Teinafyrirkomulag	Einfaldur teinn
Aflspennar	1 stk.
Flutningsgeta aflspennis	40 MVA
Umsetning aflspennis	132/66 kV

TAFLA 3-20 : AUSTURLAND SPENNUHÆKKUN – LÝSING FRAMKVÆMDAR, TENGIVIRKI EYVINDARÁ

Fjárhagslegar upplýsingar um aðalvalkost

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	1.795 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	1,9 mkr. (niðurrif 1,7 km af ES1 og rofi á Eyvindará)*
Áhrif á flutningstöp	Minnkar flutningstöp um 75% frá 66 kV kerfi
Áhrif á dreifiveitur	
Hækjun á rekstrarkostnaði	35,9 mkr.
Aukning á afskriftum	44,9 mkr.
Aukning á leyfðum arði	124,5 mkr.
Samtals hækjun tekjumarka	205,4 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	3,6%

TAFLA 3-21 : AUSTURLAND SPENNUHÆKKUN – FJÁRHAGSLEGRAR UPPLÝSINGAR

*Innifalið í heildarfjárfestingarkostnaði.

Tafla 3-21 inniheldur fjárhagslegar upplýsingar um verkefnið. Heildarfjárfestingarkostnaður vegna spennuhækkunarinnar er 1.795 milljónir króna. Verkefnið hefur eingöngu áhrif á gjaldskrá til dreifiveitna þar sem að það tilheyrir svæðisbundna flutningskerfinu á Austurlandi.


Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist um mitt ár 2019 og að þeim ljúki snemma árs 2021.


Tímaáætlun fyrir spennuhækjun á Austurlandi			
	2019	2020	2021
Framkvæmdir		■	
Lokafrágangur og verklok			■
Spennusetning			◆

Markmið raforkulaga.

Hvernig framkvæmdin uppfyllir markmið raforkulaga var metið sérstaklega fyrir hvort tengivirkið fyrir sig. Niðurstaða matsins er eftirfarandi:



MYND 3-12 : SPENNUHÆKKUN Á AUSTURLANDI – UPPFYLLING MARKMIÐA FYRIR ESKIFJÖRÐ




MYND 3-13 : SPENNUHÆKKUN Á AUSTURLANDI – UPPFYLLING MARKMIÐA FYRIR EYVINDARÁ

Mynd 3-12 og Mynd 3-13 sýna niðurstöður mats á því hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga. Eins og sést á myndunum er matið svipað fyrir bæði tengivirkí þegar kemur að öryggi, skilvirkni og gæði raforku. Áhrif framkvæmda á öryggi eru talin vera verulega jákvæð vegna N-1 reksturs á Eskifirði, í Neskaupstað og á Stuðlum eftir framkvæmdina. Það sama gildir um skilvirkni, en með framkvæmdum mun flutningsgeta núverandi flutningsmannvirkja aukast umtalsvert frá því sem nú er. Tengivirkíð á Eskifirði mun leiða af sér betra rekstraröryggi á Eskifirði og í Neskaupstað, en áhrif áreiðanleika tengivirkisins á Eyvindará eru talin óveruleg. Það var metið svo að framkvæmdirnar hafa jákvæð áhrif á gæði raforku í báðum tilfellum.

Áhrif framkvæmdar á flutningstöp

Framkvæmdin mun stuðla að lækkun flutningstapa. Ekki er þó mögulegt að meta nákvæmlega magn flutningstapa þar sem heildarflutningsmagn um kerfið til framtíðar er óljóst. Því eru áhrif framkvæmdarinnar á flutningstöp reiknuð út hlutfallslega sem fall af fluttu raunaflí á svæðinu um sömu línur, annars vegar þegar rekstrarspennan er 66 kV og hins vegar þegar hún er 132 kV.



MYND 3-14 : SAMANBURÐUR Á FLUTNINGSTÖPUM VIÐ 66 KV OG 132 KV

Mynd 3-14 sýnir hlutfallslegan mun á flutningstöpum í Austurlandskerfinu um Eskifjarðarlínu 1 og Stuðlalínu 2, annars vegar við 66 kV rekstrarspennu og hins vegar við 132 kV rekstrarspennu. Töp við 132 kV eru 75% minni en við 66 kV og má því ætla að flutningstöp í kerfinu muni minnka talsvert þar sem allt afl sem notað er á Eskifirði og í Neskaupstað, þar sem fyrir eru m.a. aflfrekar fiskimjölsverksmiðjur og stór fiskiðjuver, fer um þessar tvær línur.

Áhrif framkvæmdar á afhendingaröryggi

Framkvæmdin mun ekki auka afhendingaröryggi á öllu svæðinu þar sem verið er að spennuhækka línur sem þegar eru til staðar. Afhending til viðskiptavina verður hins vegar áfram á 66 kV spennu og eru breytingar á afhendingaröryggi til þeirra hverfandi. Útreiknað afhendingaröryggi verður betra á Eskifirði og í Neskaupstað, auk þess sem það eykst örlítið á Eyvindará og á Seyðisfirði.

	Markmið	2017 (2016)	Áhrif vegna spennuhækunar á Austfjörðum
Stuðull um rofið álag (SRA)	Undir 0,85	0,93 (0,39)	Óveruleg áhrif
Stuðull um meðallengd skerðingar, straumleysismínútur (SMS)	Undir 50	42,5 (5,1)	Óveruleg áhrif
Kerfismínútur (KM)	Engin truflun lengri en 10 kerfismínútur	Engin truflun lengri en 10 kerfismínútur	Óveruleg áhrif

TAFLA 3-22 : MARKMIÐ UM OG MÖGULEG ÁHRIF FRAMKVÆMDAR Á AFHENDINGARÖRYGGI

- **SMS:** Skv. útreikningum áreiðanleika mun heildarafhendingaröryggi verða aðeins lakara en það er fyrir framkvæmdina, sem samsvarar 0,014 mínútum ári.

- KM:** Engin truflun á almennu álagi á Austurlandi á síðustu 10 árum hefur farið yfir 10 kerfismínútur en markmið Landsnets er að engar slíkar truflanir eigi sér stað í kerfinu.
- SRA:** Truflanir síðustu 10 ára á Austurlandi hafa valdið skerðingu sem jafngildir um 0,22 MW/MWár í SRA-stuðlinum fyrir landið í heild en markmið Landsnets er að þessi stuðull sé undir 0,85 MW/MWár. Spennuhækkun á Austurlandi hefur ekki áhrif á þennan stuðul.

Samræmi við stefnu stjórnvalda um línugerð

Að mestu leyti er um framkvæmdir um tengivirki að ræða og nær því stefna stjórnvalda ekki yfir verkefnið, nema að mjög takmörkuðu leyti. Fyrir 1 km jarðstrengslögn við tengivirkið á Eyvindará er gerður samanburður á verði jarðstrengshlutans og nýrri 132 kV loftlínu á sama stað. Verðið er fengið frá verðbanka Landsnets og miðast við kostnað vegna lagningar nýrrar 132 kV loftlínu við svipaðar aðstæður og eru á viðkomandi verkstað. Skv. verðbankanum er verð nýrrar loftlínu 110 milljónir króna sem er 85% af verði jarðstrengslagnarinnar. Jarðstrengslögnin er því í samræmi við stefnu stjórnvalda um línugerð.

Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda

	Umsögn	Stig
N-1 afhendingaröryggi á öllum afhendingarstöðum fyrir 2040.	Framkvæmdin er þáttur í að viðhalda N-1 afhendingaröryggi í Neskaupstað og á Eskifirði eftir spennuhækkun í 132 kV.	+/-
Innviðauppbýgging mætir þörfum fyrir orkuskipti.	Framkvæmdin stuðlar að orkuskiptum með því að flutningskerfið sé betur í stakk búið að fæða fiskimjölsverksmiðjur á Austurlandi með raforku.	++
Heildstætt mat ávinnungi jarðstrengslagna í kerfi þar sem hámarkslengd jarðstrengskafla er takmörkunum háð.	Á ekki við	0
Forðast rask á friðlýstum svæðum og minjum í 61. gr. náttúruverndarlaga**.	Á ekki við	0
Draga úr sjónrænum og umhverfisáhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja. Velja stæði þannig að sjónræn og önnur áhrif séu sem minnst.	Haft til hliðsjónar við hönnun tengivirkisins á Eskifirði	++
Línugötur í lágmarki. Raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir eru færar m.a. m.t.t. kostnaðar og umhverfisáhrifa.	Á ekki við	0
Jarðstrengi skal leggja svo sem kostur er meðfram vegum.	Á ekki við	0
Nýta línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa.	Á ekki við	0
Mat á afhendingaröryggi og kostnaði að tryggja það.	Hefur óveruleg jákvæð áhrif á afhendingaröryggi.	+/-
Styrking og uppbýgging m.t.t. þarfa allra landsmanna.	Hluti af styrkingu á svæðisbundna flutningskerfinu á Austurlandi.	++

Flutningstakmarkanir hafi ekki áhrif á aðgengi.	Dregur úr flutningstakmörkunum áhrifasvæði framkvæmdarinnar.	++
Tryggja hagkvæmt flutningsverð til kaupanda.	Sjá umfjöllun í langtímaáætlun kerfisáætlunar um áhrif fjárfestinga á gjaldskrá, kafli 6.	++

TAFLA 3-23 : AUSTURLAND SPENNUHÆKKUN – SAMRÆMI VIÐ ALMENN ATRIÐI Í STEFNU

Framkvæmdin er talin hafa óveruleg eða verulega jákvæð áhrif á almenn atriði í stefnu stjórnvalda um uppbryggingu flutningskerfisins.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Áhrifin eru metin sem óveruleg neikvæð á alla umhverfispætti, en jákvæð á atvinnuuppbryggingu. Meginforsenda fyrir óverulegum neikvæðum áhrifum er að unnið er í núverandi línustæði og því verður lítið viðbótarrask með spennuhækku og jarðstrengir fylgja vegum. Spennuhækku mun hins vegar hafa mikil áhrif á rekstraröryggi og flutningsgetu inn á Austfirði, sem mun að minnsta kosti hafa í för með sér jákvæð áhrif.

3.2.7 Suðurnesjalína 2

Verkefnið snýr að nýri tengingu í meginflutningskerfinu á milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Um er að ræða aðra tengingu Suðurnesja við meginflutningskerfið en núverandi tenging er um Suðurnesjalínu 1 sem er 132 kV loftlína á milli Hamraness í Hafnarfirði og Fitja í Reykjaneshreppi. Ekki er um N-1 afhendingaröryggi að ræða á Suðurnesjum þrátt fyrir að næg vinnslugeta sé á svæðinu, en vegna eðlis virkjana á svæðinu, sem eru jarðvarmavirkjanir, er eyjarekstur á Suðurnesjum illmögulegur. Áhrif þess að Suðurnesjalína 1 fari skyndilega úr rekstri er því nær undantekningarlaust straumleysi á Suðurnesjum þ.m.t. á Keflavíkurflugvelli, hjá heimilum og fyrirtækjum.

Einnig hefur það sýnt sig að aukinn flutningur til Suðurnesja á 132 kV, t.d. í frávikstilfellum, mun auka áraun á 132 kV kerfið á höfuðborgarsvæðinu. Hafa kerfisgreiningar sýnt að líkur á útleysingum í kerfi Veitna munu aukast til muna verði flutningur til Suðurnesja á 132 kV til framtíðar.

Uppluni og meginmarkmið verkefnis

Verkefnið er eitt af þeim sjö verkefnum sem eru sameiginleg öllum valkostum í langtímaáætlun kerfisáætlunar. Mat á umhverfisáhrifum Suðurnesjalínu 2 var hluti af verkefninu Suðvesturlínur, og lálit Skipulagsstofnunar fyrir haustið 2009. Framkvæmdir við verkefnið hófust árinu 2016 en í kjölfar dóma um ógildingu á heimild til eignarnáms og leyfi Orkustofnunar fyrir Suðurnesjalínu 2, ásamt ógildingu á framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Voga voru framkvæmdir stöðvaðar fljótlega eftir að þær hófust. Í kjölfar þess var ákveðið að ráðast í nýtt umhverfismat á framkvæmdinni.

Markmið framkvæmdarinnar eru að koma á annarri tengingu Suðurnesja við meginflutningskerfið á suðvesturhorninu í þeim tilgangi að koma á N-1 rekstri á Suðurnesjum og auka þannig afhendingaröryggi á Suðurnesjum og einnig á höfuðborgarsvæðinu. Einnig að auka flutningsgetu á milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins til að mæta kröfum um aukinn flutning raforku í framtíðinni vegna almennrar fjölgunar íbúa, fjölgunar og stækkunar fyrirtækja á Suðurnesjum, áætlana um ýmis iðjuver og gagnaver, ásamt vexti Keflavíkurflugvallar.

Önnur tenging við meginflutningskerfið mun auka sveigjanleika raforkukerfisins á Suðurnesjum m.a. til að mæta aukinni orkuframleiðslu á svæðinu og til að bregðast við árstíðabundnum sveiflum og öðrum breytileika í bæði framleiðslu og notkun á raforku. Núverandi staða með einfalda tengingu hefur þau áhrif að erfitt er að sinna eðlilegu viðhaldi á flutningsmannvirkjum ef taka þarf Suðurnesjalínu 1 úr rekstri.

Við mat á framtíðarþörf fyrir flutningsgetu tengingar á milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja þarf að líta til jaðartilfella í framleiðslu eða notkun raforku á svæðinu, þar sem ekki er öruggt að uppbygging verði samstíga á framleiðslu- og notkunarhlið innan svæðisins. Skv. því mati má reikna með að þörfin verði allt að 350 MW að viðbættu launafli árið 2050 að teknu tilliti til 100 MW svigrúms vegna skyndilegra breytinga á rekstri kerfisins (þ.e. reiðuaflskröfu).

Til að sýna hvernig talið er að flutningsþörf muni þróast á milli höfuðborgarsvæðis og Suðurnesja næstu áratugina er stillt upp tveimur mögulegur sviðsmyndum um þróun orkuframleiðslu og notkunar á Suðurnesjum fram til ársins 2050.

Orkuframleiðsla eykst	2020	2050
Raforkunotkun	200 MW ¹	240 MW ¹
Raforkuframleiðsla	150-190 MW ²	400-440 MW ³
Reiðuafl	100 MW	100 MW
Flutningsþörf	150 MW ⁷	300 MW ⁷

TAFLA 3-24 : SN2 – SVIÐSMYND UM AUKNA ORKUFRAMLEIÐSLU

Tafla 3-24 sýnir að flutningsþörfin á milli Suðurnesja og Höfuðborgarsvæðisins gæti orðið um 150 MW árið 2020 og 300 MW árið 2050 ef orkuframleiðsla myndi aukast á Suðurnesjum og notkunaraukning yrði eingöngu skv. Raforkuspá.

Orkunotkun eykst	2020	2050
Raforkunotkun	200 MW ⁴	370 MW ⁵
Raforkuframleiðsla	120 MW ⁶	120 MW ⁶
Reiðuafl	100 MW	100 MW
Flutningsþörf	180 MW ⁷	350 MW ⁷

TAFLA 3-25 : SN2 – SVIÐSMYND UM AUKNA ORKUNOTKUN

- 1) Raforkunotkun skv. Raforkuspá
- 2) Aukin orkuframleiðsla í undirbúningi 30 MW, til viðbótar núverandi framleiðslu 120-160 MW
- 3) Afl virkjanakosta í nýtingarflokki skv. rammaáætlun, 200 MW
- 4) Aukin raforkunotkun skv. Raforkuspá
- 5) Samanlöggð áætluð orkunotkun 2050 (243 MW) og skuldbindingar Landsnets (127 MW)
- 6) Neðri mörk orkuframleiðslu núverandi virkjana árið 2017
- 7) Til viðbótar þarf háspennulínan að flytja nægjanlegt launafl

Tafla 3-25 sýnir hvernig dæmið myndi líta út ef raforkuframleiðsla á Suðurnesjum myndi standa í stað frá því sem nú er en raforkunotkun stórnottenda á svæðinu aukast. Á þann hátt yrði flutningsþörf 180 MW árið 2020 og 350 MW árið 2050 að viðbættu því launafl sem línan þarf að flytja.

Í ljósi kröfu um flutningsþörf til framtíðar er því ljóst að önnur 132 kV tenging muni ekki anna þeirri flutningsþörf sem liggur fyrir og mun því ný lína verða byggð sem 220 kV lína.

Verkefnið er á skilgreindu forgangssvæði samkvæmt stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis.

Varðandi frekari upplýsingar um framkvæmdina, t.d. markmið og forsendur, er vísað á tillögu að matsáætlun³, bls. 3 á heimasíðu Landsnets.

³ https://www.landsnet.is/library/FramkvAemdir/Hafnarfjordur--Sudurnes/SN2_mats%C3%A1%C3%A6tlundr%C3%B6g_180117%20-lokaskjal.pdf#page=4&zoom=100,0,621.

Upprunaleg afgreiðsla verkefnis

Verkefnið var upprunalega afgreitt í janúar 2019 með kerfisáætlun 2018-2027. Síðan kerfisáætlun 2018-2027 var lögð fram hafa orðið breytingar á verkefninu sem snúa að heildarkostnaði.

Upphoflega kostnaðaráætlun við aðalvalkost hljóðaði upp á 1,7 makr. Var sú kostnaðaráætlun byggð á verðbankaverðum og var sett fram í tengslum við valkostagreiningu frá árinu 2016 sem unnin var í tengslum við útgáfu framkvæmdarleyfa.

Við frekari undirbúning verkefnisins hefur verið unnin ítarlegri kostnaðargreining og samkvæmt henni hefur verð allra valkosta hækkað frá því sem kynnt var í áðurnefndri skýrslu.

Samkvæmt nýju kostnaðarmati er áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina nú 2.520 mkr.

Helstu ástæður breytingarinnar eru vanmat á kostnaði við loftlínukost í valkostaskýrslu.

Rökstuðningur verkefnis

Sá valkostur sem best uppfyllir markmið raforkulaga og stefnu stjórnvalda uppbyggingu flutningskerfisins og stefnu um lagningu raflína hefur verið valinn sem framlagður valkostur í framkvæmdaáætlun.

	Lýsing
Lýsing	220 kV loftlína, lögð samhliða núverandi línu, alls 33 km að lengd.
Hagkvæmni	Sjá umfjöllun um hagrænt mat á valkostum í langtímaáætlun kerfisáætlunar, kafli 5.5.
Kostnaður	2.520 mkr.
Öryggi	Hefur verulega jákvæð áhrif á öryggi.
Skilvirkni	Hefur verulega jákvæð áhrif á skilvirkni.
Gæði	Hefur verulega jákvæð áhrif á gæði.
Áreiðanleiki afhendingar	Hefur verulega jákvæð áhrif áreiðanleika afhendingar.
Samræmi við stefnu um línutegund	Í fullu samræmi.
Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda	Í fullu samræmi.

TAFLA 3-26 : SN2 – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNIS

Tafla 3-26 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga, samkvæmt mælikvarða sem lýst er í kafla 3.1, og mat á því hvort verkefnið sé í samræmi við stefnur stjórnvalda. Einnig inniheldur hún fjárhagslegar upplýsingar um verkefnið. Matinu ásamt niðurstöðu valkostagreiningar er lýst nánar í Tafla 3-30, Tafla 3-31, Tafla 3-32 og Tafla 3-33.

Lýsing á framkvæmd

Verkefnið felst í lagningu 220 kV raflínu á milli Hamraness í Hafnarfirði og Rauðamels á Suðurnesjum. Raflínan verður byggð sem loftlína að stærstum hluta og mun liggja að mestu samsíða núverandi loftlínu, Suðurnesjalínu 1.

Hér á eftir fer lýsing á þeim búnaði sem felst í framkvæmd verkefnisins.


Raflína

Atriði	Lýsing
Tegund	Loftlína (jarðstrengur næst Hafnarfirði og Rauðamel)
Fjöldi	1
Lengd	Um 32 km (Loftlína 30,6 km og jarðstrengir samtals 1,6 km)
Nafnspenna	220 kV
Flutningsgeta	470 MVA

TAFLA 3-27 : SN2 – LÝSING FRAMKVÆMDAR, RAFLÍNA


Mastragerð

Framkvæmdin miðast við stöguð stárloramöstur, svokölluð M-möstur. Möstrin eru af sömu gerð og voru m.a. notuð í Kröflulínu 4. Þau eru sambærileg að lögun og möstur Suðurnesjalínu 1, nema hærri og breiðari, þar sem þau eru gerð fyrir 220 kV spennu. Nánar er fjallað um mastragerð í umhverfismati framkvæmdarinnar og verður endaleg ákvörðun tekin að undangengnu því mati.



MYND 3-15 : FYRIRHUGUÐ MASTRAGERÐ SN2 ÁSAMT TEIKNINGU AF MASTRI SN1

Mynd 3-15, til vinstri, sýnir teikningu af þeirri mastragerð sem ætlunin er að nota við lagningu Suðurnesjalínu 2. Meðalhæð mastra er um 22,6 metrar með 20 metra langri ofanáliggjandi brú, sem upphengibúnaður og leiðarar línumunnar hanga í. Hægra megin á myndinni má svo sjá teikningu af þeirri mastragerð sem notuð er í Suðurnesjalínu 1.

Yfirlitsmynd línuleiðar/ eða tengivirkis

MYND 3-16 : EINLÍNUMYND SUÐURNESJALÍNU 2 FRÁ HAMRANESI AÐ RAUÐAMEL

Mynd 3-16 sýnir einlínumynd af áætlaðri Suðurnesjalínu 2. Línan fylgir núverandi línum að mestu leyti, nema í nágrenni Hamraness þar sem hún liggur í gegnum mögulegt framtíðartengivirkni við Hrauntungur.

Hamranes tengivirkni

Atriði	Lýsing
Breytingar	Línan verður tengd með jarðstreng inn á 132 kV ónotaðan rofa í tengivirkinu. Aðlaga þarf rofareitinn að annarri notkun en upphaflega.

TAFLA 3-28 : SN2 - LÝSING FRAMKVÆMDAR, HAMRANES

Rauðimelur tengivirkni

Atriði	Lýsing
Breytingar	Línan verður tengd inn á 132 kV rofa sem þegar er til staðar í tengivirkinu.

TAFLA 3-29 : SN2 – LÝSING FRAMKVÆMDAR, RAUÐIMELUR

Búnaður til launaflsútfjöfnunar

Á ekki við.

Fjárhagslegar upplýsingar um verkefnið

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	2.520 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	Á ekki við.
Áhrif á flutningstöp	Lækkun um 63% frá grunntilfelli.
Áhrif á stórnottendur	
Hækkun á rekstrarkostnaði	37,2 mkr.
Aukning á afskriftum	37,2 mkr.
Aukning á leyfðum arði	117,1 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	191,5 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	1,6%
Áhrif á dreifiveitur	
Hækkun á rekstrarkostnaði	13,2 mkr.
Aukning á afskriftum	13,2 mkr.
Aukning á leyfðum arði	45,0 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	71,3 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	0,8%

TAFLA 3-30 : SN2 – FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Tafla 3-30 inniheldur fjárhagslegar upplýsingar um verkefnið. Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 2.520 mkr.

Erfitt er að leggja mat á kostnað vegna skertrar afhendingar á Suðurnesjum vegna framleiðslueininga sem þar eru, en Landsnet hefur ekki forsendur til að meta það tekjutap sem orkuframleiðendur verða fyrir ef núverandi tenging fer úr rekstri. Sem dæmi um annan kostnað sem samfélagið verður fyrir af völdum straumleysis á Suðurnesjum má nefna truflun sem varð þann 6. febrúar 2015, þegar járnplata fauk á Suðurnesjalínu 1 og olli straumleysi í 30 mínútur. Útreiknaður samfélagskostnaður af því atviki er rúmlega 100 milljónir ef notaðar eru tölur frá START-hópnum um kostnað vegna rafmagnsleysis og er þá ekki tekið tillit til þess kostnaðar sem orkuframleiðendur urðu fyrir.


Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í lok árs 2019 og að þeim ljúki í byrjun árs 2021. Spennusetning er áætluð á fyrsta ársfjórðungi 2021 og öllum frágangi á verkstað á að verða lokið vorið 2021.

Tímaáætlun fyrir Suðurnesjalínu 2			
	2019	2020	2021
Framkvæmdir		■	
Lokafrágangur og verklok			■
Spennusetning			◆

Markmið raforkulaga

Framkvæmd var greining á því hvernig framlagðir valkostir uppfylla markmið raforkulaga.




MYND 3-17 : SN2 – UPPFYLLING MARKMIÐA

Mynd 3-17 sýnir mat á því hvernig framkvæmdin uppfyllir markmið raforkulaga. Samkvæmt matinu hefur framkvæmdin mikil jákvæð áhrif á öll markmið. Ástæður þess eru þær að framkvæmdin leiðir beint af sér N-1 rekstur á Suðurnesjum, sem hefur mjög jákvæði áhrif á afhendingaröryggi. Einnig eykst stöðugleiki og kerfisstyrkur, auk þess sem sveigjanleiki kerfisins eykst með aukinni flutningsgetu. Skilvirkni eykst einnig til muna þar sem um tvær tengingar verður að ræða til Suðurnesja.

Áhrif framkvæmdar á flutningstöp

Til að meta áhrif framkvæmdarinnar eru hlutfallsleg töp á línuleiðinni milli Hamraness í Hafnarfirði og Fitja í Reykjanesbæ útreiknuð. Horft er til beggja valkosta, bæði loftlínu og jarðstrengs og töpin útreiknuð sem hlutfall af flutningsmagni um línuna.



MYND 3-18 : HLUTFALLSLEG TÖP Á MILLI HAMRANESS OG FITJA

Mynd 3-18 sýnir hvernig töpin breytast á línuleiðinni eftir spennusetningu Suðurnesjalínu 2. Töpin eru sett fram sem hlutfall af heildarflutningi yfir línuleiðina, bæði fyrir loftlínu og jarðstreng, og hins vegar fyrir blandaða leið. Gert er ráð fyrir samkeyrslu með Suðurnesjalínu 1, en það mun verða hefðbundið rekstrarform eftir byggingu SN2. Flutningsgeta Suðurnesjalínu 1 er lægri en fyrirhugaðrar línu, en til samanburðar eru fræðileg töp út frá viðnámi línunnar reiknuð út upp í 300 MW (punktalína). Við samanburð kemur í ljós að við 100 MW flutning um línuna eru töp í núverandi kerfi 0,6%, en munu minnka í 0,2%. Við 150 MW flutning eru töp í núverandi kerfi 0,9% en myndu lækka í 0,3%. Þetta gerir lækkun á hlutfallslegum töpum um 63%.

Áhrif framkvæmdar á afhendingaröryggi

Með tilkomu Suðurnesjalínu 2 eykst öryggi kerfisins þar sem þá munu tvær línur tengja raforkukerfið á Suðurnesjum við kerfið á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur einnig áhrif á viðhald núverandi raforkuflutningsmannvirkja, þar sem nú er erfiðleikum bundið að sinna viðhaldi á núverandi línu og tilheyrandi rofum, þar sem rekstur kerfisins á Suðurnesjum verður erfiður ef hún fer úr rekstri.

Með tilkomu línunnar ætti skilvirkni að aukast þar sem rekstur kerfisins á Suðurnesjum verður auðveldari. Viðhald á núverandi línu verður mun þægilegra þar sem hægt verður að taka hana úr rekstri þegar hentar án þessa að valda verulegri hættu á truflunum á rekstri kerfisins. Það mun svo hafa jákvæð áhrif á afhendingaröryggi þar sem erfiðleikar við viðhald hafa valdið rafmagnsleysi, bæði á Suðurnesjum og eins í Hafnarfirði.

Áreiðanleiki raforkuafhendingar til notenda og móttöku orku frá virkjunum á svæðinu batnar með tilkomu línunnar. Með tilkomu hennar þurfa báðar línurnar að fara úr rekstri til að ekki verði hægt að flytja orku inn á svæðið eða út af því. Líkur á að báðar línurnar leysi út vegna truflana samtímis eru töluvert miklu minni en líkurnar á að önnur línanna fari úr rekstri.

	Markmið	2017 (2016)	Áhrif vegna Suðurnesjalínu 2
Stuðull um rofið álag (SRA)	Undir 0,85	0,93 (0,39)	1% lækkun
Stuðull um meðallengd skerðingar, straumleysismínútur (SMS)	Undir 50	42,5 (5,1)	Fækkun um 14 mínútur á Suðurnesjum (0,5 mínútur þegar horft á allt landið)
Kerfismínútur (KM)	Engin truflun lengri en 10 kerfismínútur	Engin truflun lengri en 10 kerfismínútur	Óveruleg áhrif

TAFLA 3-31 : SN2 – MARKMIÐ UM OG MÖGULEG ÁHRIF FRAMKVÆMDAR Á AFHENDINGARÖRYGGI

Á árunum 2007-2016 hefur Suðurnesjalína 1 farið þrisvar sinnum úr rekstri vegna fyrirvaralausra truflana og sex sinnum vegna viðhalds. Að meðaltali hefur hún verið úr rekstri í 14 mínútur á ári á þessu tímabili vegna fyrirvaralausra truflana og í 132 mínútur á ári vegna viðhalds. Með tilkomu annarrar línu til Suðurnesja ættu ekki að vera erfiðleikar við að reka kerfið ef önnur hvor línan þarf að fara úr rekstri vegna viðhalds. Miðað við reynslu undanfarinna 10 ára ættu fyrirvaralausar truflanir á báðum línum að vera nánast hverfandi eða að meðaltali yfir lengra tímabil einungis brot úr mínútu. Með tilkomu nýrrar línu ætti straumleysismínútum (SMS) á Suðurnesjum miðað við reynslu undanfarinna 10 ára að fækka að meðaltali um 14 mínútur eða um 0,5 mínútur á landsvísu.

Engin truflun á Suðurnesjum á síðustu 10 árum hefur farið yfir 10 kerfismínútur en markmið Landsnets er að engar slíkar truflanir eigi sér stað í kerfinu. Ætla má því að ný lína til Suðurnesja muni lítið fækka truflunum sem eru yfir 10 kerfismínútur en slíkar truflanir eru fátiðar eins og kemur fram í Frammistöðuskýrslu Landsnets.

Á Suðurnesjum er mikil framleiðsla eða um 170 MW uppsett afl og eru því flutningar að öllu jöfnu í áttina að höfuðborgarsvæðinu.

- **SMS:** Með tilkomu Suðurnesjalínu 2 ættu straumleysismínútum á Suðurnesjum, miðað við reynslu undanfarinna 10 ára, að fækka að meðaltali um 14 mínútur á Suðurnesjum og um 0,5 mínútur þegar horft er á landið í heild.
- **KM:** Engin truflun á Suðurnesjalínu 1 hefur farið yfir 10 kerfismínútur en markmið Landsnets er að engar slíkar truflanir eigi sér stað í kerfinu. Ætla má því að tilkoma SN2 muni enn bæta afhendingaröryggið.
- **SRA:** Truflanir síðustu 10 ára á Suðurnesjalínu 1 hafa valdið skerðingu sem jafngildir um 0,01 MW/MW árið með SRA-stuðlinum, en markmið Landsnets er að þessi stuðull sé undir 0,85 MW/MW ári. Ný lína til Suðurnesja gæti því að hámarki lækkað SRA-tuðulinn sem þessu nemur sem er rúmlega 1% lækkun.

Samræmi við stefnu stjórnvalda um línugerð

	Umsögn	Stig
Innan þéttbýlis?	Línuleið liggar lítillega innan þéttbýlis í Hafnarfirði. Jarðstrengur metinn út frá Hamranesi.	+
Nærri flugvelli?	Línuleið ekki í aðflugsleiðum flugvalla. Jarðstrengur ekki metinn.	0
Liggur um þjóðgarð?	Línuleið ekki innan þjóðgarðs. Jarðstrengur ekki metinn.	0
Fer um annað friðland?	Línuleið ekki innan friðlands. Jarðstrengur ekki metinn.	0
Kostnaður við jarðstreng meiri en 2x loftlína	Kostnaður við jarðstreng í þéttbýli 1,45 x dýrari en loftlínukostur.	+

TAFLA 3-32 : SN2 – VALKOSTIR, SAMRÆMI VIÐ STEFNU UM LÍNUGERÐ

Tafla 3-32 inniheldur mat á því hvernig valkostir samræmast stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, en samkvæmt henni ber að meta jarðstrengskosti í meginflutningskerfinu þar sem ofangreind viðmið eiga við. Í valkostum 1 og 2 eiga þessi viðmið ekki við nema að takmörkuðu leyti innan dreifbýlis í Hafnarfirði og því eru valkostirnir ekki í samræmi við stefnu um línugerð. Í valkostum 3 og 4 er um styttir jarðstrengskafla að ræða og því eru áhrifin einungis talin vera neikvæð í stað verulegra neikvæðra í tilfelli af valkostum 1 og 2. Samkvæmt þessu er valkostur 3 eini valkosturinn sem er í fullu samræmi við stefnu stjórnvalda um línugerð.

Vakin er athygli á því að kostnaðarhlutfall jarðstrengs í þéttbýli á aðeins við þann hluta jarðstrengsins sem liggar innan þéttbýlis í Hafnarfirði um 1,4 km að lengd. Kostnaður við þann strengbút hefur verið metinn sérstaklega og reyndist hlutfallið á þessum stað vera 1,45 x það sem loftlína á sama stað kostar. Þetta hlutfall er mjög breytilegt eftir aðstæðum hverju sinni og stýrist m.a. af lengd, landslagsgerð, endabúnaði, mögulegum útjöfnunarþúnaði og fleira og því er ekki hægt að yfirfæra þetta hlutfall á aðra hluta þessarar leiðar, eða yfir á önnur verkefni. Í slíkum verkefnum er verð á jarðstrengslögnum og loftlínunum alltaf metið sérstaklega og boríð saman.

Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda

	Umsögn	Stig
N-1 afhendingaröryggi á öllum afhendingarstöðum fyrir 2030.	Framkvæmdin er mikilvægur þáttur í að tryggja fullt N-1 afhendingaröryggi á Suðurnesjum.	++
Innviðauppbýgging mætir þörfum fyrir orkuskipti.	Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á orkuskipti með auknu afhendingaröryggi á Suðurnesjum.	++
Heildstætt mat ávinningi jarðstrengslagna í kerfi þar sem hámarkslengd jarðstrengskafla er takmörkunum háð.	Á ekki við – loftlínukostur.	0
Forðast rask á friðlýstum svæðum og minjum í 61. gr. náttúruverndarlaga**.	Línan mun raska eldhrauni á hluta leiðarinnar. Við hönnun línuleiðar hefur verið reynt að forðast rask eins og frekast er unnt og verður gert enn frekar við nánari verkhönnun.	+/-

Draga úr sjónrænum og umhverfisáhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja.	Skoða tegund mastra og aðrar aðgerðir til að draga úr sjónrænum áhrifum.	+
Velja stæði þannig að sjónræn og önnur áhrif séu sem minnst.		
Línugötur í lágmarki. Raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir færar, m.a. m.t.t. kostnaðar og umhverfisáhrifa.	Núverandi línuleið fylgt að mestu.	+
Jarðstrengi skal leggja svo sem kostur er meðfram vegum.	Á ekki við.	0
Nýta línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa.	Meðfram núverandi línugötu.	+
Mat á afhendingaráryggi og kostnaði við að tryggja það.	Sjá umfjöllun um afhendingaráryggi.	++
Styrking og uppbygging m.t.t. þarfa allra landsmanna.	Hluti af styrkingu á meginflutningskerfi.	++
Flutningstakmarkanir hafi ekki áhrif á aðgengi. Horft verði til viðskiptahagsmunu.	Dregur úr flutningstakmörkunum áhrifasvæði línumnar.	++
Tryggja hagkvæmt flutningsverð til kaupanda.	Sjá umfjöllun í langtímaáætlun kerfisáætlunar um áhrif fjárfestinga á gjaldskrá, kafli 6.	++


TAFLA 3-33 : SN2 – VALKOSTIR, SAMRÆMI VIÐ ALMENN ATRIÐI Í STEFNU

** Minjar sem njóta verndar skv. 61. gr. eru: Votlendi, birkiskógar, eldhraun o.fl. jarðminjar, fossar og hverir.

Tafla 3-33 inniheldur mat á því hvernig valkostir samræmast almennum atriðum í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis. Allir valkostir eru að mestu leyti í samræmi við almenn atriði í stefnunni. Þó er ljóst að valkostir 1 og 2 munu hafa talsverð áhrif á hámarkslengdir jarðstrengslagna í öðrum línum á SV horninu. Skv. umfjöllun um jarðstrengi í kafla 4.4.3 í langtímaáætlun kerfisáætlunar er möguleg hámarkslengd jarðstrengja í nýjum 220 kV línum á SV horninu áætlað um 70 til 80 km. Þessi vegalengd á við fjórar boðaðar framkvæmdir á svæðinu og mun auk þess hafa áhrif á strenglengdir á lægra spennustigi og því er mikilvægt að fram fari heildstætt mat á því, í umhverfismati framkvæmdarinnar, hvar jarðstrengir hafi í för með mestan ávinning.

Umhverfisáhrif valkosta

Mynd 3-19 inniheldur mat á umhverfisáhrifum valkosta vegna Suðurnesjalínu 2. Helstu neikvæðu umhverfisáhrif Suðurnesjalínu eru á landslag og ásýnd, jarðminjar, ferðaþjónustu og vatnafar. Jákvæð áhrif eru á atvinnuuppbyggingu. Áhrifamat kann að breytast þegar nýjar rannsóknir liggja fyrir.



MYND 3-19 : SN2 – MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

3.2.8 Sauðárkrókur – ný tenging

Verkefnið snýr að byggingu nýrrar flutningslínu í svæðisbundna kerfinu á Norðurlandi vestra sem mun hljóta nafnið Sauðárkrókslína 2. Flutningslínan, sem er 66 kV jarðstrengur, mun liggja á milli Sauðárkróks og Varmahlíðar, þar sem hún tengist byggðalínunni. Línan er önnur tenging á milli þessara tveggja staða, en fyrir er Sauðárkrókslína 1, 66 kV loftlína frá Varmahlíð á Sauðárkrók, sem er eina núverandi tenging Sauðárkróks við flutningskerfið. Línan er orðin rúmlega 40 ára gömul og því mikilvægt að styrkja þessa tengingu. Einnig hefur 132/66 kV spennirinn í Varmahlíð takmarkandi áhrif á flutning til Sauðárkróks og mun verkefnið því einnig leiða til aukinnar flutningsgetu til Skagafjarðar.

Uppruni verkefnis

Uppruni verkefnisins er frá svæðisbundnu flutningskerfunum og snýr að auknu afhendingaröryggi í Skagafirði með aukinni möskvun afhendingarstaðarins á Sauðárkróki við meginflutningskerfið.

Upprunaleg afgreiðsla verkefnis

Verkefnið var upprunalega afgreitt í apríl 2016 með kerfisáætlun 2015-2024.

Frá þeiri afgreiðslu hafa orðið umtalsverðar breytingar á umfangi verkefnisins, en á vinnslutíma kerfisáætlunar 2015-2024 var undirbúningur verkefnisins skammt á veg kominn og lokaútfærsla verkefnisins óljós. Við afgreiðslu á kerfisáætlun 2015-2024 voru settar fram upplýsingar um heildarkostnað verkefnis og hljóðaði hann upp á 1.200 milljónir króna. Við frekari undirbúning verkefnisins kom hins vegar í ljós að sú útfærsla myndi ekki uppfylla markmið verkefnisins um aukið afhendingaröryggi á Sauðárkróki og því ljóst að umfang verkefnisins yrði annað og meira en kynnt var í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar 2015-2024 og kostnaður umtalsvert hærri.

Breytingar á umfangi voru tilkynntar til Orkustofnunar í október 2017 og gerði Orkustofnun ekki athugasemdir við þær breytingar, í bréfi dagsettu 11. janúar 2018.

Umfang verkefnis

Varmahlíð – Sauðárkrókur. Jarðstrengur	
Raflína	Ný raflína á milli Varmahlíðar og Sauðárkróks. Línan verður lögð sem jarðstrengur á 66 kV spennu og verður hún 23 km að lengd. Einnig verður lagður 2 km langur 66 kV jarðstrengur frá þeim stað er Sauðárkrókslína 1 endar og að nýju tengivirkí á Sauðárkróki.
Tengivirkí	Byggt verður nýtt 66 kV tengivirkí á Sauðárkróki, á nýjum stað, og 66 kV hluti af tengivirkini í Varmahlíð verður einnig endurnýjaður.

TAFLA 3-34 : SA2 – UMFANG VERKEFNIS

Rökstuðningur fyrir verkefni

Til að rökstyðja verkefnið er litið til þess hvernig línlögnum uppfyllir markmið þau sem sett eru fram í raforkulögum og þess hvernig verkefnið uppfyllir stefnu stjórnvalda um uppyggingu flutningskerfisins og stefnu um lagningu raflína.

Markmið/stefna	Uppfylling
Hagkvæmni	Verkefninu er ætlað að uppfylla markmið um öryggi, skilvirkni og gæði raforku, en hefur ekki í för með sér beina aukningu á flutningsmagni. Markmiðið er ekki að auka arðsemi flutningskerfisins. Því hafa hefðbundnir arðsemisútreikningar ekki verið framkvæmdir.
Kostnaður	2.215 mkr.
Öryggi	Verulega jákvæð áhrif.
Skilvirkni	Jákvæð áhrif.
Gæði	Jákvæð áhrif.
Áreiðanleiki afhendingar	Verulega jákvæð áhrif.
Samræmi við stefnu um línutegund	Í fullu samræmi.
Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda	Í fullu samræmi.

TAFLA 3-35 : SA2 – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNIS

Tafla 3-35 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga, samkvæmt mælikvarða sem lýst er í kafla 3.1, og mat á því hvort verkefnið sé í samræmi við stefnur stjórnvalda. Einnig inniheldur hún fjárhagslegar upplýsingar um verkefnið. Matinu er lýst nánar í Tafla 3-40, Tafla 3-41, Tafla 3-42 og Tafla 3-43.


Lýsing á framkvæmd

Hér á eftir fer lýsing á þeim búnaði sem felst í aðalvalkosti verkefnisins.

Raflína

Atriði	Lýsing
Tegund	Jarðstrengur
Fjöldi	2
Lengd (km)	Sauðárkrókslína 2: 23 km Sauðárkrókslína 1: 2 km (frá núverandi tengivirkni)
Nafnspenna	66 kV
Flutningsgeta	28 MVA (35 MVA m.v. bestu aðstæður)

TAFLA 3-36 : SA2 - LÝSING FRAMKVÆMDAR, RAFLÍNA

Einlínemynd verkefnis

MYND 3-20 : EINLÍNUMYND SAUÐÁRKROKSLÍNU 2

Mynd 3-20 sýnir einlínemynd af áætlaðri línu SA2.

Tengivirki á Sauðárkróki

Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útvirkni)	Yfirbyggt tengivirki
Spennustig í tengivirki	66 kV
Fjöldi rofareita í tengivirki	4 x 66 kV
Teinafyrirkomulag	Einfaldur teinn
Aflspennar	Tvö stykki í eigu RARIK
Flutningsgeta aflspennis	10 MVA og 2 MVA
Umsetning aflspennis	66/33 kV og 66/11 kV

TAFLA 3-37 : SA2 – LÝSING FRAMKVÆMDAR, TENGIVIRKI Á SAUÐÁRKROKÍ

Tengivirki í Varmahlíð (66 kV hlutinn)

Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útvirkni)	Yfirbyggt virki
Spennustig í tengivirki	132 kV og 66 kV
Fjöldi rofareita í tengivirki	5 x 66 kV, 1 x 132 kV
Teinafyrirkomulag	Einfaldur teinn
Aflspennar	1
Flutningsgeta aflspenna	30 MVA
Umsetning aflspenna	132/66 kV

TAFLA 3-38 : SA2 – LÝSING FRAMKVÆMDAR, TENGIVIRKI Í VARMAHLÍÐ

Búnaður til launaflsútföfnunar

Setja þarf upp eina spólu til útjöfnunar á launafli frá jarðstrengnum.

Atriði	Lýsing
Staðsetning	Tengivirki á Sauðárkróki
Aflgeta (MVA, MVAr)	2 MVAr
Spenna (kV)	66 kV

TAFLA 3-39 : SA2 – LÝSING FRAMKVÆMDAR, LAUNAFLSÚTJÖFNUN

Fjárhagslegar upplýsingar um aðalvalkost

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	2.215 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	12 mkr. vegna förgunar búnaðar og niðurrifs úr eldra virki. Eftir af afskriftum eldra virkis er tæp 1 mkr.
Áhrif á flutningstöp	Minnkun um 72% frá grunntilfelli.
Áhrif á dreifiveitur	
Hækkun á rekstrarkostnaði	44,3 mkr.
Aukning á afskriftum	50,4 mkr.
Aukning á leyfðum arði	153,5 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	248,2 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	4,8%

TAFLA 3-40 : SA2 – FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Tafla 3-40 Innheldur fjárhagslegar upplýsingar um verkefnið. Fjárfestingin hefur ekki áhrif á gjaldskrá stórnottenda, þar sem um verkefni í svæðisbundna flutningskerfinu á Norðurlandi er um að ræða.


Tímaáætlun

Verkáætlun vegna verksins tekur mið af því að framkvæmdir hefjist síðla árs 2019. Verklok eru áætluð á síðari hluta árs 2020.

Tímaáætlun - Sauðárkrókur ný tenging			
	2019	2020	2021
Framkvæmdir			
Lokafrágangur og verklok			
Spennusetning			◆

Markmið raforkulaga


Framkvæmd var greining á því hvernig framlagður valkostur uppfyllir markmið raforkulaga.



MYND 3-21 : SAUÐÁRKRÓKUR – NÝ TENGING

Mynd 3-21 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig framkvæmdin uppfyllir markmið raforkulaga. Hún er talin hafa mikil jákvæð áhrif á öryggi sökum þess að afhendingaröryggi á Sauðárkróki eykst í N-1. Einnig eru áhrifin áreiðanleika afhendingar talin vera verulega jákvæð vegna þess að auk tveggja lína til Sauðárkróks koma til ný tengivirki í Varmahlíð og á Sauðárkróki sem hafa verulega jákvæð áhrif áreiðanleika. Framkvæmdin er talin hafa jákvæð áhrif á gæði raforku og skilvirkni, gæði raforku sökum þess að skammhlaupsafl eykst á Sauðárkróki með tilkomu nýrrar tengingar og skilvirkni vegna minnkunar á flutningstöpum og tilkomu aukinnar flutningsgetu.

Áhrif framkvæmdar á flutningstöp



MYND 3-22 : HLUTFALLSLEG FLUTNINGSTÖP BORIÐ SAMAN VIÐ GRUNNTILFELLI

Áhrif framkvæmdarinnar á flutningstöp eru metin með samanburði við grunntilfellið, sem er skilgreint sem hlutfallsleg töp í núverandi flutningslinu á milli Varmahlíðar og Sauðárkróks, eftir raunaflí sem flæðir um línum. Töpin í núverandi línu eru 0,3% við 5 MW flutning, 0,6% við 10 MW flutning. Töpin við 20 MW væru 1,1% og væru 2,0% við 35 MW flutning. Þegar búið er að leggja Sauðárkrókslínu 2 og hún er rekin saman með Sauðárkrókslínu, myndu hlutfallsleg töp minnka um 72% frá grunntilfellinu. Ef ný lína er rekin ein og sér munu hlutfallsleg töp minnka um 61% frá grunntilfellinu.

Áhrif framkvæmdar á afhendingaröryggi

Áreiðanleiki raforkuafhendingar til notenda á Sauðárkróki og nágrenni batnar með tilkomu Sauðárkrókslínu 2, SA2.

Lagður verður 23 km langur 66 kV jarðstrengur við hlið Sauðárkrókslínu 1 frá Varmahlíð að Sauðárkróki. Við það tvöfaldast flutningsleiðin á þessari leið. Í dag er Sauðárkrókur geislatengdur með einni línu, SA1, en með tilkomu SA2 eiga einstaka truflanir á SA1 ekki að valda skerðingum. Nýja línan auðveldar einnig viðhald á eldri línu þar sem hægt verður að taka hana úr rekstri án þess að það hafi áhrif á afhendingu raforku á Sauðárkróki.

	Markmið	2017 (2016)	Áhrif vegna Sauðárkrókslinu 2
Stuðull um rofið álag (SRA)	Undir 0,85	0,93 (0,39)	0,2% lækkun
Stuðull um meðallengd skerðingar, straumleysismínútur (SMS)	Undir 50	42,5 (5,1)	Fækkun um 0,04 mínútur
Kerfismínútur (KM)	Engin truflun lengri en 10 kerfismínútur	Engin truflun lengri en 10 kerfismínútur	Óveruleg áhrif

TAFLA 3-41 : SA2 – MARKMIÐ UM OG MÖGULEG ÁHRIF FRAMKVÆMDAR Á AFHENDINGARÖRYGGI

Á 10 árum, 2007-2016, hefur SA1 farið sex sinnum úr rekstri vegna fyrirvaralausra truflana og tvisvar vegna viðhalðs. Að meðaltali síðustu 10 ár hefur SA1 verið úti í um 18 mínútur ári vegna fyrirvaralausra rekstrartruflana og um 72 mínútur ári vegna viðhalðs. Á síðustu 10 árum hafa allar truflanir sem verið hafa á SA1 valdið skerðingum á Sauðárkróki sem samsvarar 51,1 MWh eða 5,11 MWh ári. Þar sem SA2 liggar við hlið SA1 ættu truflanir og viðhald á SA1, að hafa lítil áhrif á afhendingu á Sauðárkróki eftir að nýja línan er komin í rekstur.

Framkvæmdur hefur verið útreikningur áreiðanleika og ótiltæki á Sauðárkróki og er niðurstaðan eftirfarandi:

- **SMS:** Með tilkomu nýrrar línu ætti straumleysismínútum (SMS) á landinu að fækka að meðaltali um 0,04 mínútur ári ef lítið er á truflanir síðustu ára, en markmið Landsnets er að straumleysismínútur í kerfinu séu ekki fleiri en 50 ári.
- **Kerfismínútur:** Engin truflun á Norðurlandi á síðustu 10 árum hefur farið yfir 10 kerfismínútur en markmið Landsnets er að engar slíkar truflanir eigi sér stað í kerfinu. Ætla má því að tilkoma SA2 muni ekki fækka truflunum sem eru yfir 10 kerfismínútur þar sem álagið er ekki mikil á Sauðárkróki og því ólíklegt að truflanir á afhendingu þar fari yfir 10 kerfismínútur og hefur SA2 lítil áhrif á KM.
- **SRA:** Stuðull um rofið álag (SRA) er stuðull sem Landsnet hefur sett sér markmið um. Truflanir síðustu 10 ára á SA1 hafa valdið skerðingu sem jafngildir um 0,002 MW/MWár í SRA-stuðlinum fyrir landið í heild en markmið Landsnets er að þessi stuðull sé undir 0,85 MW/MWár. Ný lína við hlið SA1 gæti því að lágmarki lækkað SRA-stuðulinn sem þessu nemur sem er rúmlega 0,2% lækkun.

Samræmi við stefnu stjórnválda um línutegund

	Umsögn	Stig
Tilheyrir línlögnin landshlutakerfi raforku?	Já, jarðstrengur metinn alla leið.	++
Kostnaður við jarðstreng meiri en 2x loftlína	Kostnaður við jarðstreng 1,33 x meiri en við loftlínu.	++

TAFLA 3-42 : SA2 – SAMRÆMI VIÐ ALMENN ATRIÐI Í STEFNU

Jarðstrengslögnin er í fullu samræmi við stefnu um línugerð og fellur undir kostnaðarviðmið sem sett er í stefnunni.

Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda

	Umsögn	Stig
Stefna að allir afhendingarstaðir í svæðisbundnum flutningskerfum verði með N-1 afhendingaröryggi 2040.	Með verkefninu er N-1 afhendingaröryggi tryggt á Sauðárkróki.	++
Innviðauppbygging mætir þörfum fyrir orkuskipti.	Óveruleg jákvæð áhrif.	0/+
Heildstætt mat ávinningi jarðstrengslagna í kerfi þar sem hámarks lengd jarðstrengskafla er takmörkunum háð.	Ekki eru tæknilegir annmarkar varðandi lengd jarðstrengsins.	0
Forðast rask á friðlýstum svæðum og minjum í 61. gr. náttúruverndarlaga.	Fornleifaskráning hefur farið fram á línuleið.	++
Draga úr sjónrænum og umhverfisáhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja. Velja stæði þannig að sjónræn og önnur áhrif séu sem minnst.	Sauðárkrókslína 2 verður lögð í jörðu og því ekki sýnileg. Bæði tengivirkir verða yfirbyggð og lítt áberandi.	++
Línugötur í lágmarki. Raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir færar, m.a. m.t.t. kostnaðar og umhverfisáhrifa.	Sauðárkrókslína 2 mun fylgja núverandi línugötu eða þjóðvegi alla leið.	++
Jarðstrengi skal leggja sem kostur er meðfram vegum.	Sauðárkrókslína 2 mun fylgja þjóðvegi um hálfa línuleiðina.	++
Nýta línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa.	Sauðárkrókslína 2 mun fylgja núverandi línustæði um hálfa leiðina.	++
Mat á afhendingaröryggi og kostnaði að tryggja það.	Eykur afhendingaröryggi í Skagafirði.	++
Styrking og uppbygging m.t.t. þarfa allra landsmanna.	Hluti af styrkingu á svæðisbundnu flutningskerfunum.	++
Flutningstakmarkanir hafi ekki áhrif á aðgengi. Horft verði til viðskiptahagsmunu.	Dregur úr flutningstakmörkunum áhrifasvæði línunnar.	++
Tryggja hagkvæmt flutningsverð til kaupanda.	Sjá umfjöllun í langtímaáætlun kerfisáætlunar um áhrif fjárfestinga á gjaldskrá, kafli 6.	++

TAFLA 3-43 : SA2 – SAMRÆMI VIÐ ALMENN ATRIÐI Í STEFNU

Framkvæmdin hefur verulega jákvæð áhrif á flest almenn atriði sem tilgreind eru í stefnu um uppbyggingu flutningskerfisins. Af þessu má draga þá ályktun að framkvæmdin sé í fullu samræmi við stefnu stjórnvalda um lagningu raflínu og í samræmi við almenn atriði skv. stefnu um uppbyggingu flutningskerfisins.

Umhverfisáhrif verkefnis

Umhverfisáhrif Sauðárkrókslínu 2 eru talin óveruleg neikvæð á jarðminjar, vatnafar, lífríki, landslag og ásýnd og fornleifar. Áhrifin eru verulega jákvæð á atvinnuuppbryggingu.

3.2.9 Neskaupstaðarlína 2

Til þess að bæta afhendingaröryggið í Neskaupstað er þörf á tvöföldun á 66 kV tengingu til Neskaupstaðar. Nú þegar er búið að koma fyrir ídráttarrörum í Norðfjarðargöngin fyrir Neskaupstaðarlínu 2 og snýst verkefnið því um að koma tengingu frá Eskifirði gegnum göngin og út á Neskaupstað.

Uppruni verkefnis

Þar sem Neskaupstaður er eingöngu tengdur með einni háspennulínu, Neskaupstaðarlínu 1 (NK1), er ljóst að tengingin uppfyllir ekki stefnu stjórnvalda um að allir afhendingarstaðir í svæðisbundnum hlutum flutningskerfisins skuli árið 2040 vera komnir með tengingu sem tryggi að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. Þess vegna hefur það verið langtíma markmið að tvöfalda tenginguna til Neskaupstaðar. Til þess að vinna að þessu markmiði var tekin upp samvinna við Vegagerðina um að koma fyrir ídráttarrörum í Norðfjarðargöngin fyrir Neskaupstaðarlínu 2. Í kerfisáætlun Landsnets 2016-2026 var tekið fram að verið væri að skoða tvöföldun á tengingu til Neskaupstaðar til þess að nýta rörin í Norðfjarðargöngum.

Framlagður aðalvalkostur

Nýr 66 kV jarðstrengur verður lagður frá Eskifirði að Neskaupstað. Hann fær heitið Neskaupstaðarlína 2 (NK2) og verður um 17 km langur. Stækka þarf svo bæði tengivirknið á Eskifirði og í Neskaupstað.

Rökstuðningur fyrir aðalvalkosti

Sá valkostur sem best uppfyllir markmið raforkulaga og stefnu stjórnvalda um lagningu raflína hefur verið valinn sem framlagður valkostur í framkvæmdaáætlun.

	Lýsing
Hagkvæmni	Verkefninu er ætlað að uppfylla markmið um öryggi, skilvirkni og gæði raforku, en hefur ekki í för með sér beina aukningu á flutningsmagni. Markmiðið er ekki að auka arðsemi flutningskerfisins. Því hafa hefðbundnr arðsemisútreikningar ekki verið framkvæmdir.
Kostnaður	1.077 mkr.
Öryggi	Hefur verulega jákvæð áhrif á öryggi.
Skilvirkni	Hefur jákvæði áhrif á skilvirkni.
Gæði	Hefur jákvæð áhrif á gæði.
Áreiðanleiki afhendingar	Hefur verulega jákvæð áhrif áreiðanleika afhendingar.
Samræmi við stefnu um línutegund	Er í fullu samræmi.
Samræmi við sjónarmið sem hafa skal að leiðarljósi skv. stefnu stjórnvalda	Er í fullu samræmi.

TAFLA 3-44 : NK2 – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNIS

Lýsing á framkvæmd

Verkefnið felst í lagningu 66 kV jarðstrengs milli Eskifjarðar (ESK) og Neskaupstaðar (NKS), ásamt tilheyrandi stækkunum á tengivirkjunum á báðum endum strengsins.

Raflína – NK2

Atriði	Lýsing
Tegund	Jarðstrengur
Fjöldi	1
Lengd (km)	17 km
Nafnspenna	66 kV
Flutningsgeta	48 MVA

TAFLA 3-45 : NK2 – LÝSING FRAMKVÆMDAR

ESK Tengivirki - breyting


Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útivirki)	Yfirbyggt tengivirki
Spennustig í tengivirki	66 kV
Fjöldi rofareita í tengivirki	2 nýir, 4 núverandi
Teinafyrirkomulag	Einfaldur teinn, settur upp skilrofi átein
Aflspennir	2 spennar í eigu RARIK
Flutningsgeta aflspennis	2 x 20 MVA
Umsetning aflspennis	66/11 kV

TAFLA 3-46 : NK2 – LÝSING FRAMKVÆMDAR

NKS Tengivirki - breyting

Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útivirki)	Yfirbyggt tengivirki
Spennustig í tengivirki	66 kV
Fjöldi rofareita í tengivirki	2 nýir, 2 núverandi
Teinafyrirkomulag	Einfaldur teinn, settur upp skilrofi átein
Aflspennir	2 spennar í eigu RARIK
Flutningsgeta aflspennis	1 x 20 og 1 x 15 MVA
Umsetning aflspennis	66/11 og 66/33 kV

TAFLA 3-47 : NK2 – LÝSING FRAMKVÆMDAR

Einlínemynd verkefnis

MYND 3-23 : EINLÍNUMYND AF ÁÆTЛАÐRI NK2 FRÁ ESK ÚT TIL NKS

Mynd 3-23 er einlínemynd af áætlaðri línu NK2 frá ESK til NKS gegnum Norðfjarðargöngin. Nýr 66 kV jarðstrengur verður lagður frá Eskifirði að Neskaupstað. Hann fær heitið Neskaupstaðarlína 2 (NK2) og verður um 17 km langur. Strengurinn mun liggja frá 66kV tengivirkiniu á Eskifirði meðfram Dalbraut að ídráttarrunum við suðurenda Norðfjarðarganga sem er um 7 km löng. Í austurkanti Norðfjarðarganganna hafa verið lögð þrjú ídráttarrör fyrir jarðstrengi og gert hefur verið ráð fyrir sjö samtengingum á gangaleiðinni í samtengibrunnum sem eru til staðar í útskotum ganganna. Austan Oddsskarðsvegar alla leið að tengivirkiniu í Neskaupstað verður strengurinn lagður sunnan við Norðfjarðarveg.

Stækka þarf tengivirkið á Eskifirði til að koma fyrir nýjum 66 kV rofareit fyrir NK2. NK2 mun koma inn á suðurhlíð nýja hluta tengivirkisins. Í leiðinni verður bætt við rofareit fyrir spenni 2 sem er í dag samtengdur spenni 1. Einnig verður settur upp skilrofi inn í 66 kV teina tengivirkisins þannig að hægt verði að skipta því upp í two hluta með eina tengingu við RARIK, eina tengingu til Neskaupstaðar og eina tengingu við flutningskerfið hvorum megin sem eykur áreiðanleika og rekstraröryggi.

Stækka þarf tengivirkið í Neskaupstað til að koma fyrir nýjum 66 kV rofareit fyrir NK2. NK2 mun koma inn á norðvesturhlíð nýja hluta tengivirkisins. Í leiðinni verður settur upp skilrofi inn í 66 kV teina tengivirkisins þannig að hægt verði að skipta því upp í two hluta með einn spenni og eina línu hvorum megin til að auka áreiðanleika og rekstraröryggi. Einnig verður settur upp aflrofi í rofareit NK1 en þar er enginn aflrofi í dag

Fjárhagslegar upplýsingar um aðalvalkost

Kostnaðarmatið var unnið með hjálp verðbanka Landsnets og miðast við gengi evru 121,5 krónur og gengi Bandaríkjadollara 99 krónur.

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	1.077mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	Á ekki við
Áhrif á flutningstöp	Minnka um 73% frá grunntilfellinu
Áhrif á dreifiveitur	
Hækkun á rekstrarkostnaði	21,5 mkr.
Aukning á afskriftum	21,5 mkr.
Aukning á leyfðum arði	73,5 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	116,5 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	1,7%

TAFLA 3-48 : NK2 – FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR


Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist sumarið 2019 og að þeim ljúki ári seinna. Spennusetning er áætluð á fyrsta ársfjórðungi 2020.

Tímaáætlun fyrir lagningu NK2			
	2018	2019	2020
Framkvæmdir			
Lokafrágangur og verklok			
Spennusetning			◆

Markmið raforkulaga


Framkvæmd var greining á því hvernig framlagður valkostur uppfyllir markmið raforkulaga.



MYND 3-24 : NK2 – SAMRÆMI VIÐ MARKMIÐ RAFORKULAGA

Mynd 3-24 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig framkvæmdin uppfyllir markmið raforkulaga. Hún er talin hafa mikil jákvæð áhrif á öryggi sökum þess að afhendingaröryggi á Neskaupstað eykst í N-1. Einnig eru áhrifin áreiðanleika afhendingar talin vera verulega jákvæð vegna þess að auk tveggja lína til Neskaupstaðar eru tengivirki á Eskifirði og Neskaupstað endurbætt sem hafa verulega jákvæð áhrif áreiðanleika. Framkvæmdin er talin hafa jákvæð áhrif á gæði raforku og skilvirkni, gæði raforku sökum þess að skammhlaupsafl eykst á lítillega á Neskaupstað með tilkomu nýrrar tengingar og skilvirkni vegna minnkunar á flutningstöpum og tilkomu aukinnar flutningsgetu.

Áhrif framkvæmdar á flutningstöp



MYND 3-25 : HEILDARTÖP Á LÍNULEIÐINNI EFTIR FLUTNINGSMAGNI

Áhrif framkvæmdarinnar á flutningstöp eru metin með samanburði við grunntilfellið, sem er skilgreint sem hlutfallsleg töp í núverandi flutningslínu á milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar, eftir raunafli sem flæðir um línumálið. Töpin í núverandi línu eru 0,11% við 5 MW flutning, 0,22% við 10 MW flutning. Töpin við 20 MW væru 0,45% og væru 0,8% við 35 MW flutning. Þegar búið er að leggja NK2 og hún er rekin saman með NK1 myndu hlutfallsleg töp minnka um 79% frá grunntilfellinu. Ef ný lína er rekin ein og sér munu hlutfallsleg töp minnka um 73% frá grunntilfellinu.

Áhrif framkvæmdar á afhendingaröryggi

Áreiðanleiki raforkuafhendingar til notenda í Neskaupstað og nágrenni batnar með tilkomu NK2.

Lagður verður 17 km langur 66 kV jarðstrengur við hlið NK1 frá Eskifirði út í Neskaupstað. Við það tvöfaldast flutningsleiðin á þessari leið. Í dag er Neskaupstaður geislatengdur með einni línu, NK1, en með tilkomu NK2 eiga einstaka truflanir á NK1 ekki að valda skerðingum. Nýja línan auðveldar einnig viðhald á eldri línu þar sem hægt verður að taka hana úr rekstri án þess að það hafi áhrif á afhendingu raforku í Neskaupstað.

Samræmi við stefnu stjórvalda um línutegund

	Umsögn	Stig
Tilheyrir línulögnum landshlutakerfi raforku?	Já, jarðstrengur metinn alla leið.	++
Kostnaður við jarðstreng meiri en 2x loftlína.	Kostnaður við jarðstreng 1,24 x meiri en við loftlínu.	++

TAFLA 3-49 : NK2 – SAMRÆMI VIÐ STEFNU UM LÍNUGERÐ

Jarðstrengslögnin er í fullu samræmi við stefnu um línugerð og fellur undir kostnaðarviðmið sem sett er í stefnunni.

Til að bera saman kostnað við jarðstrengslagnir í meginvalkosti var framkvæmt verðmat á sambærilegri 66 kV loftlínú (valkostur 2). Kostnaður við 18 km 66 kV loftlínú er 596 milljónir króna. Loftlínán þarf að vera örliðið lengri en jarðstrengurinn þar sem loftlínan getur ekki farið í gegnum göngin. Kostnaðarmatið var unnið með hjálp verðbanka Landsnets og miðast við 66 kV loftlínú með trúmöstrum. Kostnaður við jarðstrenginn er áætlaður 742 milljónir króna.

Verðið eru fengið úr verðbanka Landsnets og miðast við gengi evru 121,5 krónur og gengi Bandaríkjadollara 99 krónur.

Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda

	Umsögn	Stig
Stefna að allir afhendingarstaðir í svæðisbundnum flutningskerfum verði með N-1 afhendingaröryggi 2040.	Með verkefninu er N-1 afhendingaröryggi tryggt í Neskaupstað.	++
Innniðauppbýgging mætir þörfum fyrir orkuskipti.	Framkvæmdin stuðlar að orkuskiptum með því að flutningskerfið sé betur í stakk búið að fæða fiskimjölsverksmiðjur á Austurlandi með raforku.	++
Heildstætt mat á ávinnungi jarðstrengslagna í kerfi þar sem hámarkslengd jarðstrengskafla er takmörkunum háð.	Ekki eru tæknilegir annmarkar varðandi lengd jarðstrengsins miðað við núverandi kerfi.	0
Forðast rask á friðlýstum svæðum og minjum í 61. gr. náttúruverndarlagha.	Framkvæmdir munu fylgja vegstæði og því ekki miklar líkur á fornminjum.	0/+
Draga úr sjónrænum og umhverfisáhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja. Velja stæði þannig að sjónræn og önnur áhrif séu sem minnst.	Neskaupstaðarlína 2 verður lögð í jörðu og því ekki sýnileg. Bæði tengivirkir verða yfirbyggð og lítt áberandi.	++
Línugötur í lágmarki. Raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir eru færar, m.a. m.t.t. kostnaðar og umhverfisáhrifa.	Neskaupstaðarlína 2 mun fylgja núverandi línugötu eða þjóðvegi alla leið.	++
Jarðstrengi skal leggja þar sem kostur er meðfram vegum.	Neskaupstaðarlína 2 mun fylgja núverandi línugötu eða þjóðvegi alla leið.	++
Nýta línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa.	Neskaupstaðarlína 2 mun fylgja núverandi línugötu eða þjóðvegi alla leið.	++
Mat á afhendingaröryggi og kostnaði að tryggja það.	Eykur afhendingaröryggi á Neskaupstað.	++
Styrking og uppbýgging m.t.t. þarfa allra landsmanna.	Hluti af styrkingu á svæðisbundnu flutningskerfunum.	+

Flutningstakmarkanir hafi ekki áhrif á aðgengi.	Dregur úr flutningstakmörkunum áhrifasvæða línumnar.	++
Tryggja hagkvæmt flutningsverð til kaupanda.	Sjá umfjöllun í langtímaáætlun kerfisáætlunar um áhrif fjárfestinga á gjaldskrá, kafli 6.	++

TAFLA 3-50 : NK2 - SAMRÆMI VIÐ ALMENN ATRIÐI Í STEFNU

Framkvæmdin hefur verulega jákvæð áhrif á flest almenn atriði sem tilgreind eru í stefnu um uppbyggingu flutningskerfisins. Af þessu má draga þá ályktun að framkvæmdin sé í fullu samræmi við stefnu stjórnvalda um lagningu raflínu og í samræmi við almenn atriði skv. stefnu um uppbyggingu flutningskerfisins.

Umhverfismat framkvæmdar

Framkvæmd liggur að hluta innan fjarsvæðis vatnsverndar en umfang áhrifa eru talin lítil. Að öðru leyti er framkvæmd utan verndarsvæða og ekki talin raska náttúrumínjum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Umhverfisáhrif framkvæmdar eru talin óveruleg. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 30. ágúst 2013, kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki matsskyld.

3.2.10 Færsla Hamranelíná 1 og 2

Landsnet hf. áformar að færa Hamranelínur 1 & 2 fjar byggð á um 1,5 km kafla við Skarðshlíð í Hafnarfirði. Í stað þess að fara yfir byggðina í Skarðshlíð og meðfram Ásvallabraut að Hamranestengivirki mun línan fara suður út á Hamranesið og tengjast tengivirknu úr suðvestri. Þessi lína verður rífin þegar Lyklafellslína er komin í notkun og er því einungis um tímabundna færslu að ræða.

Uppruni og markmið verkefnis

Landsnet hefur lengi haft í skoðun og undirbúningi hvernig framtíðar fyrirkomulag raforkumannvirkja sé best fyrirkomið í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Þörf á breytingum hefur verið fyrirsjáanleg um nokkurn tíma og kemur til af þörf á að styrkja flutningskerfi raforku vegna breyttrar flutningsþarfar. Þessi áform fara saman við áform sveitarfélaganna á svæðinu um byggðaþróun og uppbyggingu innan viðkomandi sveitarfélaga. Við leiðarval og samráð hefur komið skýrt fram sú áhersla sveitarfélaganna að losa um háspennulínur í upplandinu næst byggð á höfuðborgarsvæðinu, en þar liggja Hamranelínur 1 & 2 um útvistar- og vatnsverndarsvæði í Heiðmörk og fyrirhugað byggingarsvæði. Til þess að hægt sé að fara í niðurrif Hamranelíná þarf að ráðast í nýjar styrkingar á milli Hamrness og Geitháls og var fyrirhugað að Lyklafellslína meðfram Búrfellslínu 3, myndi gegna því hlutverki.

Lyklafellslína er forsenda fyrir niðurrifi á Hamranelínum 1 & 2. Unnið var mat á umhverfisáhrifum hennar og fleiri framkvæmda, í verkefninu SV- línum og lá álit Skipulagsstofnunar fyrir í september 2009. Landsnet sótti um framkvæmdaleyfi fyrir Lyklafellslínu til viðkomandi sveitarfélaga, sem voru kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Úrskurðarnefndin felldi framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðar úr gildi þann 26. mars 2018. Úrskurðurinn leiðir til frestuðum við Lyklafellslínu og tengdum framkvæmdum, m.a. niðurrifi Hamranelíná, þar sem fyrirséð er að ráðast þarf í nýtt mat á umhverfisáhrifum fyrir Lyklafellslínu.

Tafir á niðurrifi Hamranelíná eru ekki í samræmi við uppbyggingaráform í Hafnarfirði, þar sem línumnar liggja við íbúabyggðina Skarðshlíð sem er í uppbyggingu og liggja inn í jaðar fyrirhugaðrar íbúabyggðar í Hamrnesi, þar sem ráðgert er að ljúka við deiliskipulagerð nú á árinu og hefja lóðaúthlutani í kjölfarið.

Til að Hamranelínur 1 & 2 hindri ekki frekari uppbyggingu Skarðshlíðarverfis og Hamrness í Hafnarfirði hefur Landsnet, í samráði við Hafnarfjarðarbæ, ákveðið að færa hluta þeirra tímabundið fjar byggðinni. Þær verða svo teknar niður þegar Lyklafellslína er tilbúin.

Framlagður aðalvalkostur

Aðalvalkostur samanstendur af færslu á 1,5 km af Hamranelínum 1 & 2 með því að byggja tvær nýjar loftlínur á stöguðum súlum. Framkvæmdin felur í sér niðurrif á 5 möstrum og byggingu á 8 nýjum í þeirra stað.

Rökstuðningur fyrir aðalvalkosti

Á þessum stutta kafla er mikið um stefnubreytingar og því eru hlutfallslega mörg stöguð hornmöstur. Til að samræma útlit mastra á leiðinni og þannig draga úr sjónrænum áhrifum var ákveðið að notast

við stagaðar súlur. Fyrir leiðarana 6 verða þá 6 stakar stagaðar súlur hlið við hlið og engir þverbitar. Þetta minnkar ásýnd miðað við hefðbundin möstur og eru súlurnar mun lægri en núverandi möstur. Súlurnar er svo hægt að endurnýta þegar Hamranelínur 1 & 2 verða fjarlægðar. Mastrastæði verða aðeins stærri en ef um hefðbundið mastur fyrir eina línu væri að ræða en hægt er að hlífa Hellnahrauni að mestu leyti, einungis eitt nýtt mastrastæði þarf upp við tengivirknið í Hamranesei.

Við færslu Hamranelína 1 & 2 vera rifin 40 – 45 m há möstur sem blasa við Vallahverfi og nágrenni og sjást langt að. Í stað þeirra koma helmingi lægri möstur sem verða um hálfum km lengra frá byggðinni og að hluta til í hvarfi. Áhrif á landslag og ásýnd eru talin verulega jákvæð.

	Lýsing
Kostnaður	340 mkr.
Öryggi	Engin breyting frá núverandi kerfi
Áreiðanleiki afhendingar	Engin breyting frá núverandi kerfi
Gæði raforku	Engin breyting frá núverandi kerfi
Skilvirkni	Engin breyting frá núverandi kerfi
Hagkvæmni	Verkefnið er tímabundin ráðstöfun. Súlur og undirstöður verða endurnýttar fyrir Lyklafellslínu 1 þegar Hamranelínur 1 & 2 verða fjarlægðar.
Samræmi við stefnu um línutegund	Á ekki við þar sem um tímabundna ráðstöfun er að ræða.
Samræmi við sjónarmið sem hafa skal að leiðarljósi skv. stefnu stjórnavalda	Á ekki við þar sem um tímabundna ráðstöfun er að ræða.

TAFLA 3-51 : HN1&2 – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNIS

Lýsing á framkvæmd


Verkefnið felst í færslu á 1,5 km af Hamranelínunum 1 & 2 með því að byggja tvær nýjar loftlínur á stöguðum súlum. Framkvæmdin felur í sér niðurrif á 5 möstrum og byggingu á 8 nýjum í þeirra stað.

Raflína

Atriði	Lýsing
Tegund	Loftlínur
Fjöldi	2
Lengd	2,2 km
Nafnspenna	220 kV
Flutningsgeta	2x 320 MVA

TAFLA 3-52 : HN1&2 – LÝSING FRAMKVÆMDAR

Einlínemynd verkefnis



MYND 3-26 : HN1&2 – EINLÍNUMYND

Fjárhagslegar upplýsingar um aðalvalkost

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	340 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	10 mkr.
Áhrif á flutningstöp	Óveruleg áhrif
Áhrif á tekjumörk stórnottenda	
Hækkun á rekstrarkostnaði	5,1 mkr.
Aukning á afskriftum	5,1 mkr.
Aukning á leyfðum arði	15,9 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	26,1 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	0,3%
Áhrif á tekjumörk dreifiveitna	
Hækkun á rekstrarkostnaði	1,7 mkr.
Aukning á afskriftum	1,7 mkr.
Aukning á leyfðum arði	5,9 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	9,4 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	0,2%

TAFLA 3-53 : HN1&2 – FJÁRHAGSLEGR UPPLÝSINGAR


Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist fyrri hluta ársins 2019 og að þeim ljúki um haustið sama ár. Spennusetning er áætluð haustið 2019.

Tímaáætlun fyrir færslu HN1 & 2			
	2018	2019	2020
Framkvæmdir		■	
Lokafrágangur og verklok		■	
Spennusetning		◆	

Markmið raforkulaga

Framkvæmd var greining á því hvernig framlagðir valkostir uppfylla markmið raforkulaga. Mynd 3-27 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig framkvæmdin uppfyllir markmið raforkulaga. Eins og sést á myndinni þá hefur fraamkvæmdin lítil sem engin áhrif á núverandi ástand.



MYND 3-27 : FÆRSLA HN1&2 - SAMRÆMI VIÐ MARKMIÐ RAFORKULAGA

Áhrif framkvæmdar á flutningstöp

Framkvæmdin hefur ekki teljandi áhrif á flutningstöp í flutningskerfi raforku.

Samræmi við stefnu stjórnvalda

Ekki er talið ráðlegt að fara með tvö jarðstrengsett sömu leið og núverandi lína, bæði sökum þess hve mikið rask yrði á eldhrauni, auk þess sem tvö sett af háspennustrengjum flækja alla frekar uppbyggingu byggðar nærri sér og einkum með tilliti til annarra veitna sem þarf að leggja í jörð á svæðinu. Með lagningu strengjanna meðfram jaðri byggðar væri búið að hefta alla frekari uppbyggingu út fyrir strenginn nema með ærnum tilkostnaði og rekstraráhættu á afhendingaröryggi raforku. Kostnaður er einnig umtalsvert meiri en við loftlínuvalkosti og er rúmlega tvöfalt dýrara að leggja jarðstreng þessa leið.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Þeir þættir framkvæmdarinnar sem líklegir eru til að hafa áhrif á umhverfið eru bygging loftlínu og slóðagerð. Engin verndarsvæði eru innan framkvæmdasvæðisins, hvorki náttúruvernd, hverfisvernd né vatnsvernd. Innan framkvæmdasvæðisins er þó eldhraun sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Fyrirhuguð tilfærsla Hamranelína 1 & 2 fer inn á svæði sem er mikið til raskað og þar sem skipulögð er frekari byggð, sem mun raska svæðinu enn frekar. Helstu umhverfisáhrif vegna framkvæmdanna eru falin í sjónrænum áhrifum af breyttri legu mannvirkisins.

3.3 Framkvæmdir 2020

3.3.1 Hólasandslína 3

Framkvæmdin er fólgin í byggingu nýrrar 220 kV háspennulínu í meginflutningskerfinu á Norðurlandi. Línan, sem mun hljóta nafnið Hólasandslína 3, verður að hluta loftlína og að hluta lögð sem jarðstrengur og mun hún liggja á milli Akureyrar og Hólasands. Einnig inniheldur framkvæmdin byggingu á nýju 220 kV tengivirki á Hólasandi, ásamt byggingu á nýju 220 kV tengivirki á Akureyri sem mun tengjast núverandi 132 kV virki. Tengivirkið á Rangárvöllum mun innihalda 220/132 kV afspenni og spólu til útjöfnunar á launafli frá jarðstrengshluta línunnar.

Markmiðið með byggingu Hólasandslínu 3 er að bæta flutningsgetu til þess að geta tekist á við aukna flutningsþörf í kerfinu, en línan er ein af þremur lykilfjárfestingum á Norður- og Austurlandi, sem lýst er í langtímaáætlun. Meginmarkið þeirra er að bæta flutningsgetu meginflutningskerfisins á byggðalínusvæðinu og auka þannig afhendingargetu allra afhendingarstaða á landsbyggðinni, en Hólasandslína 3 er mikilvægur hlekkur í styrkingu tengsla sterkari hluta kerfisins á suðvesturhorninu við veikari hluta þess á Norðausturlandi (sjá nánar í kafla 5.1.1 í langtímaáætlun). Gert er ráð fyrir talsverðri aukningu í notkun á raforku á landsvísu yfir líftíma línunnar. Forsendur aukningar á raforkunotkun byggja á Raforkuspá ásamt Sviðsmyndum um raforkunotkun 2017-2050, gefin út af Raforkuhópi orkuspárnefndar. Fjallað er nánar um forsendur framkvæmda í meginflutningskerfinu í langtímaáætlun kerfisáætlunar í kafla 1.5 og kafla 2. Einnig er það markmið með framkvæmdinni að tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi gegn truflunum í orkuvinnslunni og að bæta úr brýnni þörf fyrir aukna flutningsgetu inn á Eyjafjarðarsvæðið.

Í dag er Akureyri tengd við Kröflu með 132 kV háspennulínu, Kröflulínu 1, sem er hluti af byggðalínuhringnum. Flutningstakmarkanir og óstöðugleiki í kerfisrekstrinum hefur verið mikið vandamál í rekstri byggðalínunnar og eru skerðingar á orkuahendingu farnar að vera tíðari með auknu á lagi á kerfið. Nú er svo komið að flutningstakmarkanir á byggðalínunni eru farnar að hamla verulega atvinnuuppbryggingu á Eyjafjarðarsvæðinu og hafa þannig áhrif á eðlilega þróun á svæðinu.

Þegar línan er komin í rekstur mun afhendingaröryggi á Eyjafjarðarsvæðinu aukast til muna þar sem við bætist ný og öflug tenging inn á svæðið sem einnig mun gefa möguleika á aukinni notkun innlendra endurnýjanlegra orkugjafa á svæðinu.

Til að uppfylla markmið framkvæmdarinnar er miðað við að hitaflutningsmörk línunnar verði að lágmarki 550 MVA og línan rekin á 220 kV spennu. Markmiðin eru sett með framtíðarþörf fyrir flutningsgetu að leiðarljósi, en reiknað er með 50 ára líftíma framkvæmdarinnar og horft til þess tímaramma þegar þörf á flutningsgetu er metin.

Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á afhendingu raforku á skilgreindu forgangssvæði samkvæmt þingsályktun nr. 26/148 um stefnu stjórnvalda um uppbryggingu flutningskerfis raforku.

Uppruni og meginmarkmið verkefnis

Uppruni verkefnisins er langtímaáætlun kerfisáætlunar. Hólasandslína 3 er ein af þeim sjö línum sem eru sameiginlegar öllum greindum valkostum í langtímaáætlun um þróun meginflutningskerfisins. Það

er niðurstaða Landsnets, m.t.t. valkostagreiningar í langtímaáætlun og umhverfismats áætlunarinnar að ráðast fyrst í framkvæmdir á þeim sjö línuleiðum sem eru sameiginlegar í öllum valkostum og er Hólasandslína 3 önnur í röðinni af línum á Norður- og Austurlandi, á eftir Kröflulínu 3, en áætlað er að framkvæmdir við hana verði langt komnar þegar framkvæmdir við Hólasandslínu 3 hefjast.

Meginarkmið með byggingu Hólasandslínu 3 er að bæta flutningsgetu til þess að geta tekist á við aukna flutningsþörf í kerfinu, en línan er ein af þremur lykilfjárfestingum á Norður- og Austurlandi, sem lýst er í langtímaáætlun. Meginmarkið þeirra er að bæta flutningsgetu meginflutningskerfisins á byggðalínusvæðinu og auka þannig afhendingargetu allra afhendingarstaða á landsbyggðinni, en Hólasandslína 3 er mikilvægur hlekkur í styrkingu tengsla sterkari hluta kerfisins á suðvesturhorninu við veikari hluta þess á Norðausturlandi (sjá nánar í kafla 5.1.1 í langtímaáætlun). Gert er ráð fyrir talsverðri aukningu í notkun á raforku á landsvísu yfir líftíma línunnar. Forsendur aukningar á raforkunotkun byggja á Raforkuspá ásamt Sviðsmyndum um raforkunotkun 2017-2050, gefin út af Raforkuhópi orkuspárnefndar. Fjallað er nánar um forsendur framkvæmda í meginflutningskerfinu í langtímaáætlun kerfisáætlunar í kafla 1.5 og kafla 2. Einnig er það markmið með framkvæmdinni að tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi gegn truflunum í orkuvinnslunni og að bæta úr brýnni þörf fyrir aukna flutningsgetu inn á Eyjafjarðarsvæðið.

Í dag er Akureyri tengd við Kröflu með 132 kV háspennulínu, Kröflulínu 1, sem er hluti af byggðalínuhringnum. Flutningstakmarkanir og óstöðugleiki í kerfisrekstrinum hefur verið mikilvægum vandamál í rekstri byggðalínunnar og eru skerðingar á orkuahendingu farnar að vera tíðari með auknu á lagi á kerfið. Nú er svo komið að flutningstakmarkanir á byggðalínunni eru farnar að hamla verulega atvinnuuppbryggingu á Eyjafjarðarsvæðinu og hafa þannig áhrif á eðlilega þróun á svæðinu.

Þegar línan er komin í rekstur mun afhendingaröryggi á Eyjafjarðarsvæðinu aukast til muna þar sem við bætist ný og öflug tenging inn á svæðið sem einnig mun gefa möguleika á aukinni notkun innlendra endurnýjanlegra orkugjafa á svæðinu.

Til að uppfylla markmið framkvæmdarinnar er miðað við að hitaflutningsmörk línunnar verði að lágmarki 550 MVA og línan rekin á 220 kV spennu. Markmiðin eru sett með framtíðarþörf fyrir flutningsgetu að leiðarljósi, en reiknað er með 50 ára líftíma framkvæmdarinnar og horft til þess að tímaramma þegar þörf á flutningsgetu er metin.

Upprunaleg afgreiðsla verkefnis

Verkefnið var upprunalega afgreitt í janúar 2019 með kerfisáætlun 2018-2027. Ekki hafa orðið neinar teljandi breytingar á umfangi verkefnisins frá þeim tíma.

Rökstuðningur verkefnis

Sá valkostur sem best uppfyllir markmið raforkulaga og stefnu stjórnvalda um uppbryggingu flutningskerfisins og stefnu um lagningu raflína hefur verið valinn sem framlagður valkostur í framkvæmdaáætlun.

	Lýsing
Hagkvæmni	Sjá umfjöllun um hagrænt mat á valkostum í langtímaáætlun kerfisáætlunar, kafli 5.5.
Kostnaður	7.845 mkr. (verð miðast við tvö strengsett)
Öryggi	Hefur verulega jákvæð áhrif
Skilvirkni	Hefur jákvæð áhrif
Gæði	Hefur jákvæð áhrif
Áreiðanleiki afhendingar	Hefur verulega jákvæð áhrif
Samræmi við stefnu um línutegund	Í fullu samræmi
Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórvalda	Í fullu samræmi/að hluta í samræmi

TAFLA 3-54 : HS3 – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNIS

Error! Reference source not found. sýnir niðurstöðu mats á því hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga, samkvæmt mælikvarða sem lýst er í kafla 3.1, og mat á því hvort verkefnið sé í samræmi við stefnur stjórvalda. Einnig inniheldur hún fjárhagslegar upplýsingar um verkefnið. Matinu er lýst nánar í **Error! Reference source not found., Error! Reference source not found., Error! Reference source not found.** og **Error! Reference source not found..**

Lýsing á framkvæmd

Verkefnið felst í lagningu 220 kV raflínu á milli Rangárvalla á Akureyri og nýs tengivirkis á Hólasandi. Raflínan verður að mestu leyti byggð sem loftlína, en verður einnig lögð sem jarðstrengur á kafla. Í verkefninu felst einnig bygging nýrra 220 kV tengivirkja á Hólasandi og á Rangárvöllum á Akureyri ásamt uppsetningu á útjöfnunarspólu á Rangárvöllum.

Hér á eftir fer lýsing á þeim búnaði sem felst í verkefninu.

Raflína


Ætlunin er að byggja 220 kV raflínu frá Rangárvöllum á Akureyri og að nýju tengivirkni á Hólasandi. Heildarlengd línnunnar verður 70,5 km og verður hún að stærstum hluta lögð sem loftlína, en sem jarðstrengur á 9,8 km kafla í Eyjafirði.

Atriði	Lýsing
Tegund	Blönduð leið, loftlína og jarðstrengir
Fjöldi	1
Lengd	Loftlína: 61 km Jarðstrengur í Eyjafirði: 9,8 km
Nafnspenna	220 kV
Flutningsgeta	550 MVA

TAFLA 3-55 : HS3 – LÝSING FRAMKVÆMDAR, RAFLÍNA

Mastragerð


Endanleg ákvörðun um mastragerð verður tekin í umhverfismati framkvæmdarinnar. Í þessari umfjöllun er miðað við stöguð stálröramöstur, svökölluð M-möstur og miðar verkefnalýsing framkvæmdarinnar við slík möstur. Meðalhæð mastra er um 23 metrar með 20 metra langri ofanáliggjandi brú, sem upphengibúnaður og leiðarar línunnar hanga í.



MYND 3-28: STAGAÐ STÁLRÖRAMASTUR AF M-GERÐ

Error! Reference source not found. sýnir teikningu af þeirri mastragerð sem lýsingin miðast við, stagað stálröramastur af M-gerð. Möstrin standa á tveimur fótum sem eru settir á steyptar undirstöður. Hornmöstur verða að öllu jöfnu þrjár stagaðar stálsúlur, sem standa á steyptum undirstöðum eða bergboltum. Þar sem takmarkað pláss er fyrir stög verða hins vegar notaðir frístandandi fjórfótungar með undirstöðu undir hverju horni.

Einlínemynd verkefnis



MYND 3-29 : EINLÍNUMYND AF HÓLASANDSLÍNU 3

Error! Reference source not found. sýnir einlínemynd af áætlaðri Hólasandslínu 3. Línuleiðin fylgir að mestu núverandi línuleið Kröflulínu 1.

Tengivirki á Rangárvöllum

Á Rangárvöllum verður byggt nýtt 220 kV tengivirki sem tengt verður núverandi 132 kV tengivirki. Bæta þarf einum 132 kV rofareit við núverandi virki.

Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útvirki)	Yfirbyggt
Spennustig í tengivirki	220 kV
Fjöldi rofareita í tengivirki	3 x 220 kV og 1 x 132 kV í núverandi tengivirki.
Teinafyrirkomulag	Tvöfaldur teinn.
Aflspennir	Settur verður upp einn aflspennir í tengivirkinu.
Flutningsgeta aflspennis	160 MVA
Umsetning aflspennis	220/132 kV

TAFLA 3-56 : HS3 – LÝSING FRAMKVÆMDAR, TENGIVIRKI Á RANGÁRVÖLLUM

Tengivirki á Hólasandi

Á Hólasandi verður byggt 220 kV tengivirki sem mun tengja saman Hólasandslínu 3 (Rangárvellir – Hólasandur), Kröflulínu 4 (Krafla – Hólasandur) og Hólasandslínu 1 (Hólasandur – Þeistareykir). Síðastnefnda línan er þegar til staðar og er í dag hluti af Kröflulínu 4. Tilkoma tengivirkisins eykur möskvun kerfisins og stuðlar þannig að bættu afhendingaröryggi meginflutningskerfisins.

Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útvirki)	Yfirbyggt
Spennustig í tengivirki	220 kV
Fjöldi rofareita í tengivirki	3
Teinafyrirkomulag	Tvöfaldur teinn
Aflspennar	Enginn aflspennir verður í tengivirkinu
Flutningsgeta aflspenna	Á ekki við
Umsetning aflspenna	Á ekki við

TAFLA 3-57 : HS3 – LÝSING FRAMKVÆMDAR, TENGIVIRKI Á HÓLASANDI

Búnaður til launaflsújtjöfnunar

Skv. niðurstöðum skýrslu sem fjallar um mat á mögulegum jarðstrengslengdum í 220 kV flutningskerfi á Norðurlandi⁴ er launaflsújtjöfnun upp á 35 MVAr nauðsynleg á Rangárvöllum ef lagður er 9,8 km langur jarðstrengur í Eyjafirði. Gert er ráð fyrir fastri tengingu við streng.

⁴ Jarðstengslengdir í meginflutningskerfinu – mat á mögulegum jarðstrengslengdum í nýju 220 kV flutningskerfi á Norðurlandi – Landsnet 17003.

Atriði	Lýsing
Staðsetning	Rangárvellir
Aflgeta (MVA, MVAr)	35 MVAr
Spenna (kV)	220

TAFLA 3-58 : HS3 - LÝSING FRAMKVÆMDAR, LAUNAFLSVIRKI

Fjárhagslegar upplýsingar um verkefni

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	7.845 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	Á ekki við í þessu verkefni.
Áhrif á flutningstöp	66% minnkun frá grunntilfelli.
Áhrif á stórnottendur	
Hækkun á rekstrarkostnaði	116,8 mkr.
Aukning á afskriftum	116,8 mkr.
Aukning á leyfðum arði	382,1 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	615,7 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	6,9%
Áhrif á dreifiveitur	
Hækkun á rekstrarkostnaði	37,2 mkr.
Aukning á afskriftum	37,2 mkr.
Aukning á leyfðum arði	128,8 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	203,1 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	3,6%

TAFLA 3-59 : HS3 – FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Error! Reference source not found. inniheldur fjárhagslegar upplýsingar um framkvæmdina. Þar kemur fram að teknu tilliti til fyrirvara sem tilgreindir eru í kafla 3.2 mun verkefnið hafa áhrif á báðar gjaldskrár til hækunar, að því gefnu að heildarkostnaður þess falli utan afskriftarrammans. Áhrifin á stórnottendagjaldskrá eru 5,6% en 1,7% á dreifiveitugjaldskrá. Þetta miðast við þá flutningsaukningu sem spáð er í Raforkuspá fyrir spennusetningarár línumnar, 2021.


Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við lagningu línumnar hefjist vorið 2020 og að þeim ljúki í lok árs 2021. Spennusetning er áætluð í lok 2021.

Tímaáætlun fyrir Hólasandslinu 3			
	2020	2021	2022
Framkvæmdir		■	
Lokafrágangur og verklok			■
Spennusetning			◆

Markmið raforkulaga

Framkvæmd var greining á því hvernig framlagðir valkostir uppfylla markmið raforkulaga.




MYND 3-30 : HS3 – UPPFYLLING MARKMIÐA

Error! Reference source not found. sýnir myndræna túlkun á niðurstöðu mats á því hvernig framkvæmdin uppfyllir markmið raforkulaga. Bygging Hólasandslinu 3 er talin hafa mikil jákvæð áhrif á öryggi þar sem hún stuðlar beint að auknu N-1 rekstraröryggi á Eyjafjarðarsvæðinu. Það sama gildir um áreiðanleika afhendingar, þar sem að um þriðju tengingu byggðalínu inn á Akureyri er að ræða. Einnig eykur nýtt tengivirkni á Hólasandi möskvun kerfisins og eykur þar með áreiðanleikann. Framkvæmdin er talin hafa jákvæð áhrif á gæði raforku þar sem að hún eykur skammhlaupsafl á Rangárvöllum með sterktengingu við virkjanir á A-landi og NA-landi. Hvað varðar markmið um skilvirkni er virkjunin einnig talin hafa jákvæð áhrif, en HS3 er ein af flutningslétta línutengingum valkosta langtímaáætlunar snemma í röðinni eykur gagn og nýtingu KR3 verulega.

Áhrif framkvæmdar á flutningstöp

Töp í háspennulínunum eru háð viðnámi leiðara, lengd línu og því afli sem flutt er um línuna. Erfitt er að meta hvaða áhrif mismunandi útfærslur á Hólasandslínu 3 hafa á heildartöp í flutningskerfinu yfir líftíma verkefnisins þar sem slíkt er háð flutningsmagni hverju sinni. Þó er reglan sú að því spennuhærri sem línan er, því minna er viðnám leiðara og þar með minnka töpin samhliða. Það leiðir af sér að flutningstöp muni minnka talsvert á þessari leið þegar horft er yfir líftíma línunnar, án þess þó að mögulegt sé að meta heildartöp yfir líftímann. Til að meta stærðargráðuna er farin sú leið að birta graf sem sýnir flutningstöp í prósentum við flutning á línuleiðinni á milli Rangárvalla og Hólasands, um 70 km leið, sem fall af fluttu afli. Á grafinu eru töp í línum Kröflulína 1, sem liggur á milli Kröflu og Akureyrar, notuð til viðmiðunar og er þá miðað við sömu vegalengd. Til samanburðar er svo horft til Hólasandslínu 3 sem er 220 kV loftlína með 9,5 km jarðstreng í Eyjafirði. Töpin eru skoðuð annars vegar þegar Hólasandslína 3 er í samrekstri með Kröflulínu 1 og hins vegar þegar Kröflulína 1 er ekki í rekstri.



MYND 3-31 : HÓLASANDSLÍNA 3, FLUTNINGSTÖP SEM FALL AF FLUTTU AFLI

Error! Reference source not found. sýnir flutningstöpin sem fall af fluttu afli á línuleiðinni á milli Rangárvalla og Hólasands. Heildartöp fyrir viðmiðunarlínuna, Kröflulínu 1 eru 0,65% þegar flutt eru 50 MW, 1,3% við 100 MW, 1,95% við 150 MW og 2,61% við 200 MW flutning. Það skal áréttar að raunveruleg hitaflutningsmörk Kröflulínu 1 eru u.b.b. 150 MW en til samanburðar eru fræðileg töp útreiknuð áfram (strikalína), þá reiknuð út frá viðnámi línunnar og horft fram hjá raunverulegri flutningsgetu hennar. Í tilfelli samkeyrslu Hólasandslínu 3 og Kröflulínu 1 verða töpin hins vegar 0,16%, 0,31%, 0,47% og 0,62% fyrir þessi fjögur álagstilfelli. Það er minnkun upp á 76% frá viðmiðunartilfellinu. Í tilfellinu þar sem Kröflulína 1 er aftengd og Hólasandslína 3 er eina tengingin á milli svæðanna eru

töpin 0,2% fyrir 50 MW flutning, 0,41% fyrir 100 MW, 0,61% fyrir 150 MW og 0,82% fyrir 200 MW flutning. Það er minnkun upp á 68% frá viðmiðunartilfelli.

Niðurstaðan er að framkvæmdin felur í sér minnkun á töpum frá 68% og upp í 76% eftir því hvort línan sé rekin í samrekstri með Kröflulínu 1 eða ein og sér.

Áhrif framkvæmdar á afhendingaröryggi

Landsnet setur sér markmið er varða áreiðanleika og afhendingaröryggi flutningskerfis ársgrundvelli með mælingu þriggja stuðla. Þessir stuðlar eru straumleysismínútur (SMS, stuðull um meðaltíma skerðingar í mín/ári), stuðull um rofið álag (SRA, MW/MWár) og kerfismínútur (mælikvarði á umfang truflana eða orkuskerðing sem hlutfall af hámarksfli veitu í mínumútum). Mælingar á stuðlunum byggjast á truflanaskráningu Landsnets og koma fram í Frammistöðuskýrslu Landsnets ár hvert. Markmið Landsnets fyrir þessa stuðla má sjá í töflunni ásamt þeim áhrifum sem framkvæmdin er talin hafa á stuðlana.

	Markmið	2017 (2016)	Áhrif vegna Hólasandslínu 3	Áhrif vegna Hólasandslínu 3 og Kröflulínu 3 saman
Stuðull um rofið álag (SRA)	Undir 0,85	0,93 (0,39)	1% lækkun	11,5% lækkun
Stuðull um meðallengd skerðingar, straumleysismínútur (SMS)	Undir 50	42,5 (5,1)	Fækkun um 1,47 mínútur	Fækkun um 1,47 mínútur
Kerfismínútur (KM)	Engin truflun lengri en 10 kerfismínútur	Engin truflun lengri en 10 kerfismínútur	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif

TAFLA 3-60 : MARKMIÐ UM OG MÖGULEG ÁHRIF FRAMKVÆMDAR Á AFHENDINGARÖRYGGI

Fjallað verður um áhrif framkvæmdarinnar Hólasandslínu 3 á ofangreinda stuðla. Annars vegar er fjallað um áhrif Hólasandslínu 3 á stuðlana sem sjálfstæða framkvæmd og hins vegar verður fjallað um áhrif hennar í þeirri framkvæmdaröð framkvæmdaáætlunar í þeim framkvæmdum sem fram koma í valkostagreiningu langtímaáætlunar. Með öðrum orðum verður fjallað um áhrif Hólasandslínu 3 að gefinni þeirri forsendu að Kröflulína 3 sé einnig komin í rekstur enda er það suð röð framkvæmda sem Landsnet leggur fram.

Hólasandslína 3

Áreiðanleiki raforkuafhendingar til notenda og móttöku orku frá virkjunum á svæðinu batnar með tilkomu Hólasandslínu 3 (HS3). Línan liggur frá Rangárvöllum við Akureyri að nýju tengivirkni á Hólasandi og þaðan liggur ný 220 kV lína, Kröflulína 4, að Kröflu. Fyrir er 132 kV lína frá Rangárvöllum að Kröflu, Kröflulína 1 (KR1) og mun því nýja línan auka flutningsgetu á þessum kafla byggðalínuhringsins.

Á síðustu 10 árum 2007-2016 hefur KR1 farið fimm sinnum úr rekstri vegna fyrirvaralausra truflana og 29 sinnum vegna viðhalds. Að meðaltali síðustu 10 ár hefur KR1 verið úti rétt undir 14 klukkustundum ári vegna fyrirvaralausra rekstrartruflana og um 60 klukkustundir ári vegna viðhalds. Á síðustu 10 árum

hafa verið tvær truflanir á KR1 sem hefur valdið skerðingum hjá Becromal á Akureyri sem samsvarar 42,8 MWh. HS3 liggur við hlið KR1, þannig að truflanir og viðhald á KR1 ættu með tilkomu HS3, að hafa lítil áhrif á afhendingaröryggið á Norðurlandi.

Hér hefur áreiðanleiki eða ótiltæki verið reiknað á þeim afhendingarstöðum sem verða fyrir beinum áhrifum af tilkomu Hólasandslínu 3. Niðurstaða þessara reikninga er eftirfarandi:

- **SMS:** Með tilkomu nýrrar línu ætti straumleysismínútum (SMS) að fækka að meðaltali um 1,47 mínútur ári, en markmið Landsnets er að straumleysismínútur í kerfinu séu ekki fleiri en 50 ári.
- **KM:** Engin truflun á Norðurlandi á síðustu 10 árum hefur farið yfir 10 kerfismínútur en markmið Landsnets er að engar slíkar truflanir eigi sér stað í kerfinu. Ætla má því að tilkoma HS3 muni lítið fækka truflunum sem eru yfir 10 kerfismínútur en slíkar truflanir eru fátíðar eins og kemur fram í Frammistöðuskýrslu Landsnets.
- **SRA:** Stuðull um rofið álag (SRA) er stuðull sem Landsnet hefur sett sér markmið um. Truflanir síðustu 10 ára á KR1 hafa valdið skerðingu sem jafngildir um 0,01 MW/MWár í SRA-stuðlinum fyrir landið í heild en markmið Landsnets er að þessi stuðull sé undir 0,85 MW/MWár. Ný lína við hlið KR1 gæti því að lágmarki lækkað SRA-stuðulinn sem þessu nemur sem er rúmlega 1% lækkun. Truflanir á Norðurlandi síðastliðin 10 ár hafa valdið skerðingu sem jafngildir um 0,17 MW/MWár, hægt er að reikna með að tilkoma HS3 hafi áhrif á truflanir á öllu Norðurlandi og geti haft áhrif á SRA til lækkunar.

Kröflulína 3 (KR3) og Hólasandslína 3 (HS3)

Ef tekin eru saman áhrifin fyrir KR3 og HS3 fæst eftirfarandi:

- **KM:** Engin truflun á Norðurlandi á síðustu 10 árum hefur farið yfir 10 kerfismínútur en markmið Landsnets er að engar slíkar truflanir eigi sér stað í kerfinu. Ætla má því að tilkoma KR3 og HS3 muni lítið fækka truflunum sem eru yfir 10 kerfismínútur en slíkar truflanir eru fátíðar eins og kemur fram í Frammistöðuskýrslu Landsnets.
- **SRA:** Með tilkomu bæði KR3 og HS3 gæti SMS lækkað á landsvísu um 0,097 MW/MWár eða allt að 11,5% af markmiði Landsnets sem er að þessi stuðull sé undir 0,85 MW/MWár,
- **SMS:** Með tilkomu þessara tveggja lína gæti SMS á landsvísu minnkað um 1,49 mín/ári.

KR3 og HS3 eru fyrsti og annar áfangi í stærri áætlun um 220kV „þak“ á byggðalínunni sem miðað er við að nái frá Blöndu að Fljótsdal. Með tilkomu þess þaks mun áreiðanleiki flutningskerfisins aukast til muna.

Til viðbótar við þetta, má nefna að truflanir á rekstri flutningskerfisins geta valdið því að flutningskerfinu er á sjálfvirkan hátt skipt upp í tvær eyjar og oft fylgir slíkum aðgerðum skerðing á afhendingu raforku. Styrking byggðalínukerfisins eflir kerfið og minnkar líkurnar á að til slíkra atburða þurfi að koma en ekki hefur verið skoðað sérstaklega hvaða áhrif Hólasandslína 3 ein og sér hefur á slíka atburði.

Samræmi við stefnu stjórvalda um línugerð

	Umsögn	Stig
Innan þéttbýlis?	Jarðstrengur innan þéttbýlis.	++
Nærri flugvelli?	Jarðstrengur við flugvöll.	++
Liggur um þjóðgarð?	Liggur ekki um þjóðgarð.	0
Fer um annað friðland?	Liggur ekki um annað friðland (liggur um friðlýst svæði Laxár-Mývatns. Ef strenglögn þar yfir yrði hún rúmlega 5x dýrar en loftlína).	++
Kostnaður við jarðstreng meiri en 2x loftlína	Jarðstrengur í Eyjafirði rúmlega 2,2x dýrar, en má fara yfir viðmið eftir þéttbýli eða vegna öryggissjónarmiða við flugvelli.	++

TAFLA 3-61 : HS3 – VALKOSTIR, SAMRÆMI VIÐ STEFNU UM LÍNUGERÐ

Allir valkostir hafa verulega jákvæð áhrif á samræmi við stefnu stjórvalda um lagningu raflína. Skoðaðir jarðstrengskostir í Eyjafirði liggja innan þéttbýlismarka, þar sem kostnaðarviðmið eiga ekki við. Í Eyjafirði getur loftlína ekki risið samhliða núverandi línum vegna áhrifa á flugumferð og þéttbýli og leiðarval fyrir jarðstreng lítur öðrum lögmálum en leiðarval loftlína.

Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórvalda

	Lýsing	
	Umsögn	Stig
N-1 afhendingaröryggi á öllum afhendingarstöðum fyrir 2030.	Framkvæmdin er mikilvægur þáttur í að tryggja fullt N-1 afhendingaröryggi á byggðalínusvæðinu.	++
Innviðauppbýgging mætir þörfum fyrir orkuskipti.	Framkvæmdin stuðlar að orkuskiptum m.a. í samgöngum og haftengdri starfsemi með aukinni flutningsgetu inn á Eyjafjarðarsvæðið.	++
Heildstætt mat ávinningi jarðstrengslagna í kerfi þar sem hámarkslengd jarðstrengskafla er takmörkunum háð.	Tæknilegar takmarkanir á lengd jarðstrengja. Hefur áhrif á mögulega hámarkslengd á öðrum línuleiðum. Ávinningur metin heildstætt með Kröflulínu 3 og Blöndulínu 3.	+
Forðast rask á friðlýstum svæðum og minjum í 61. gr. náttúruverndarlaga.	Línan mun raska eldhrauni og votlendi á hluta leiðarinnar. Við hönnun línuleiðar hefur verið og reynt að forðast rask eins og frekast er unnt og verður gert enn frekar við nánari verkhönnun.	+/-
Draga úr sjónrænum og umhverfisáhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja. Velja stæði þannig að sjónræn og önnur áhrif séu sem minnst.	Möguleikar á samnýtingu mastra skoðað á viðkvæmustu svæðum.	+
Línugötur í lágmarki Raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir færar m.a. m.t.t. kostnaðar og umhverfisáhrifa.	Núverandi línuleið fylgt að mestu.	+


Jarðstrengi skal leggja sem kostur er meðfram vegum.	Jarðstrengir í Eyjafirði að hluta samhliða vegum.	+
Nýta línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa.	Núverandi línuleið fylgt að mestu.	++
Mat á afhendingaröryggi og kostnaði að tryggja það.	Eykur afhendingaröryggi á byggðalínusvæðinu.	++
Styrking og uppbygging m.t.t. þarfa allra landsmanna.	Hluti af styrkingu á meginflutningskerfi.	++
Flutningstakmarkanir hafi ekki áhrif á aðgengi.	Dregur úr flutningstakmörkunum áhrifasvæði línunnar.	++
Horft verði til viðskiptahagsmunu.		
Tryggja hagkvæmt flutningsverð til kaupanda.	Sjá umfjöllun í langtímaáætlun kerfisáætlunar um áhrif fjárfestinga á gjaldskrá, kafli 6.	++

TAFLA 3-62 : HS3 – VALKOSTIR, SAMRÆMI VIÐ ALMENN ATRIÐIÐ Í STEFNU

Error! Reference source not found. inniheldur niðurstöðu mats á því hvernig valkostir samræmast almennum atriðum í stefnu stjórvalda. Allir valkostir eru taldir hafa óveruleg, jákvæð eða verulega jákvæð áhrif á samræmi við öll almenn markmið nema valkostir 5 og 6. Þar er það metið sem svo að línulögnin muni verða áberandi frá fjölförnum stöðum og er þar átt við frá þjóðvegi 1 í grennd við Laxárlínu 1.

Umhverfisáhrif valkosta

Error! Reference source not found. sýnir umhverfismat framkvæmdarinnar. Atvinnuuppbrygging, sem sést ekki á grafi, er talin verða fyrir jákvæðum áhrifum. Helstu neikvæðu umhverfisáhrif Hólasandslínu 3 eru á landslag og ásýnd og ferðapjónustu.



MYND 3-32 : HS3 – MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

3.3.2 Lækjartún – nýtt tengivirki

Landsnet hyggst styrkja möguleika flutningskerfisins á Suðurlandi til að afhenda aukna orku og bæta afhendingaröryggi. Eftir kerfisgreiningar og greiningar frumkosta var niðurstaðan að reisa nýtt tengivirki sem tengist 220 kV Búrfellslínu 2 (BU2) um 220/132 (66) kV affspenni inn á 66 kV kerfið á Suðurlandi um jarðstrengi/línur að Hellu og Selfossi. Síðar verði mögulegt að spennuhækka hluta 66 kV kerfisins í 132 kV og auka þannig flutningsgetu þess. Tengivirkið verður staðsett í landi jarðarinnar Lækjartúns í Ásahreppi skammt austan Þjórsárbrúar á Suðurlandsvegi.

Uppruni og markmið verkefnis

Núverandi flutningskerfi raforku á Suðurlandi samanstendur af 66 kV kerfi sem skiptist í austur- og vesturhluta, hvor hluti með hringtengingu. Tenging á milli hlutanna er um Selfosslínu 2 (SE2) á milli Hellu og Selfoss en flutningsgeta hennar er mjög takmörkuð. Innfæðing í austurhluta kerfisins er frá Búrfelli um línur að Flúðum og Hvolsvelli og í vesturhlutann frá Ljósafossi um línur að Selfossi og Hveragerði. Í samræmi við auknar þarfir á orkuafhendingu á Suðurlandi hyggst Landsnet styrkja flutningskerfið þannig að hægt sé að flytja aukna raforku inn á svæðið og auka afhendingaröryggi.

Meginmarkmið verkefnisins eru eftirfarandi:

- Að auka flutningsgetu inn á svæðisbundna flutningskerfið á Suðurlandi
- Að auka áreiðanleika afhendingar á Suðurlandi
- Að auka nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa með því að auðvelda orkuskipti á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum

Eftir umfangsmikla kerfis- og frumgreiningu Landsnets var lagt til að reist yrði nýtt tengivirki sem tengdist 220 kV Búrfellslínu 2 miðsvæðis á Suðurlandi og tengdist báðum hlutum 66 kV kerfisins í landshlutanum. Í framtíðinni yrði hluti 66 kV kerfisins spennuhækkaður í 132 kV.

Framlagður aðalvalkostur

Verkefnið snýr að byggingu nýs tengivirkis, sem mun bera heitið Lækjartún (LAE í KKS-1 kóða). Í virkinu verður 220 kV gaseinangraður (GIS) rofabúnaður með þremur rofareitum ásamt möguleika á að stækka um two reiti. Í virkinu verður einn 220/132 kV afspennir með lágspennuvinding umtengjanlegan í 66 kV. Þrír 132 kV GIS rofareitir verða í tengivirkinu og mögulegt að stækka 132 kV rofabúnaðinn, en þá þarf að lengja rofasalinn.

Rökstuðningur fyrir aðalvalkosti

Sá valkostur sem uppfyllir markmið framkvæmdarinnar ásamt því að uppfylla best markmið raforkulaga og stefnu stjórnvalda hefur verið valinn sem framlagður valkostur.

	Lýsing
Kostnaður	1.650 mkr.
Öryggi	Hefur jákvæð áhrif á öryggi.
Áreiðanleiki afhendingar	Hefur jákvæð áhrif áreiðanleika afhendingar.
Gæði raforku	Hefur jákvæð áhrif á gæði.
Skilvirkni	Hefur jákvæð áhrif á skilvirkni.
Hagkvæmni	Hefur jákvæð áhrif á hagkvæmni.
Samræmi við stefnu um línutegund	Á ekki við.
Samræmi við sjónarmið sem hafa skal að leiðarljósi skv. stefnu stjórnvalda	Í fullu samræmi.

TAFLA 3-63 : LAE – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNAS


Lýsing á framkvæmd

Verkefnið felur í sér byggingu nýs tengivirkis við Lækjartún þar sem settir verða upp þrír 220 kV rofareitir og þrír 132 kV rofareitir ásamt 220/132 kV millisambandsspenni. Tengivirkisbyggingin verður reist með nægjanlegt rými til að bæta við tveimur 220 kV rofareitum síðar og mögulegt verður að lengja rofasalinn síðar þannig að hægt sé að bæta við 132 kV rofareitum.

Tengivirki við Lækjartún

Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útivirkni)	Yfirbyggt, gaseinangrað (GIS)
Spennustig í tengivirkni	220 kV og 132 kV
Fjöldi rofareita í tengivirkni	3x 220 kV og 3x 132 kV
Teinafyrirkomulag	Einfaldur teinn
Aflspennir	1
Flutningsgeta aflspennis	100 MVA
Umsetning aflspennis	220/132 kV

TAFLA 3-64 : LAE – LÝSING FRAMKVÆMDAR

Einlínemynd verkefnis

MYND 3-33 : EINLÍNUMYND AF FLUTNINGSKERFINU Á SUÐURLANDI MEÐ NÝJU TENGIVIRKI VIÐ LÆKJARTÚN

Mynd 3-33 sýnir einlínemynd af svæðisflutningskerfinu á Suðurlandi með nýju tengivirki við Lækjartún á milli Búrfellslínu 2 og þjóðvegar 1 rétt austan við Þjórsá.

Fjárhagslegar upplýsingar um aðalvalkost

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	1.650 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	Á ekki við
Áhrif á flutningstöp	77% lækkun
Áhrif á tekjumörk stórnotenda	
Hækkun á rekstrarkostnaði	24,6 mkr.
Aukning á afskriftum	30,8 mkr.
Aukning á leyfðum arði	77,4 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	132,7 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	1,4%
Áhrif á tekjumörk dreifiveitna	
Hækkun á rekstrarkostnaði	8,4 mkr.
Aukning á afskriftum	10,5 mkr.
Aukning á leyfðum arði	28,6 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	47,5 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	0,9%

TAFLA 3-65 : LAE – FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á fyrri hluta árs 2020 og að þeim ljúki seinni hluta ársins 2021.

Tímaáætlun fyrir nýtt tengivirkni við Lækjartún			
	2020	2021	2022
Framkvæmdir			
Lokafrágangur og verklok			◆
Spennusetning			◆

Valkostagreining

Alls voru teknir þrír meginvalkostir til skoðunar vegna styrkingar á eystri hluta svæðisflutningskerfisins á Suðurlandi. Auk aðalvalkosts var skoðuð sambærileg lausn við Hvamm ásamt því að auka afhendingargetuna í Búrfelli.

Valkostur 1 – nýtt tengivirkni við Lækjartún (aðalvalkostur)	
Raflína	Á ekki við þar sem verkefnið snýst um byggingu nýs tengivirkis.
Tengivirkni	Nýtt tengivirkni þar sem settir verða upp þrír 220 kV rofareitir og þrír 132 kV rofareitir ásamt 220/132 kV millisambandsspenni.
Valkostur 2 – nýtt tengivirkni við Hvamm	
Raflína	Á ekki við þar sem verkefnið snýst um byggingu nýs tengivirkis.
Tengivirkni	Nýtt tengivirkni þar sem settir verða upp þrír 220 kV rofareitir og þrír 132 kV rofareitir ásamt 220/132 kV millisambandsspenni.
Valkostur 3 – stækjun á tengivirkni í Búrfelli	
Raflína	Á ekki við þar sem verkefnið snýst um byggingu nýs tengivirkis.
Tengivirkni	Stækjun á tengivirkni í Búrfelli þar sem settir verða upp 220 kV og 66 kV rofabúnaður fyrir tvo nýja 220/66 kV aflspenna.

TAFLA 3-66 : LAE – LÝSING Á VALKOSTUM

Fjárhagslegur samanburður valkosta

	Valkostur 1	Valkostur 2	Valkostur 3
Heildarfjárfestingarkostnaður	1.650 mkr.	1.650 mkr.	1.740 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra (greitt sem rekstrarkostnaður)	0	0	0
Áhrif á flutningstöp	77% lækkun	41% lækkun	74% lækkun
Áhrif á tekjumörk stórnotenda			
Hækjun á rekstrarkostnaði	24,6 mkr.	24,6 mkr.	25,9 mkr.
Aukning á afskriftum	30,8 mkr.	30,8 mkr.	32,4 mkr.
Aukning á leyfðum arði	77,4 mkr.	77,4 mkr.	81,6 mkr.
Samtals hækjun tekjumarka	132,7 mkr.	132,7 mkr.	140,0 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	1,4%	1,4%	1,5%

Áhrif á tekjumörk dreifiveitna				
Hækken á rekstrarkostnaði	8,4 mkr.	8,4 mkr.	8,9 mkr.	
Aukning á afskriftum	10,5 mkr.	10,5 mkr.	11,1 mkr.	
Aukning á leyfðum arði	28,6 mkr.	28,6 mkr.	30,2 mkr.	
Samtals hækken tekjumarka	47,5 mkr.	47,5 mkr.	50,1 mkr.	
Breyting á tekjumörkum %	0,9%	0,9%	0,9%	

TAFLA 3-67 : LAE – FJÁRHAGSLEGUR SAMANBURÐUR VALKOSTA

Markmið raforkulaga

Öryggi

Lagt hefur verið mat á það hvernig allir skoðaðir valkostir uppfylla markmið um öryggi. Sem liður í matinu hefur grunnástand öryggis verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir öryggi.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþátta fyrir öryggi			
	Lágt		Miðlungs	Mikið
Tvitenging afhendingarstaða				X
Stöðugleiki		X		
Náttúrvá	X			

TAFLA 3-68 : LAE – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSPÁTTA FYRIR ÖRYGGI

Tafla 3-68 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi matsþátta sem ná yfir öryggi. Grunnástand *Tvitengingar afhendingarstaða* er metið í næsthæsta flokki sökum þess að Hella tengist nú þegar flutningskerfinu með tveimur tengingum. Ástæða þess að það er ekki metið í hæsta flokki er takmörkuð flutningsgeta spenna í Búrfelli sem valda flutningstakmörkunum í truflanatilfellum. Það er einnig ástæða þess að grunnástand *Stöðugleika* er metið í næstlægsta flokki, en útleysing á einni einingu í kerfinu getur valdið talsverðum óstöðugleika sem getur komið af stað keðjuverkandi útleysingum á svæðinu. Matsþátturinn *Náttúrvá* er metinn lágor þar sem Hvolsvallarlína 1 (HV1) liggar yfir áhrifasvæði Heklugoss skv. korti frá Veðurstofu Íslands en HV1 er mjög mikilvæg fyrir kerfið á Suðurlandi.

Með greiningum eru áhrif skoðaðra valkosta á matsþætti sem ná yfir öryggi metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1			Valkostur 2			Valkostur 3		
	L	M	H	L	M	H	L	M	H
Tvitenging afhendingarstaða			X			X			X
Stöðugleiki		X			X			X	
Náttúrvá		X	X				X		

TAFLA 3-69 : LAE – MAT Á EINKENNUM ÁHRIFA VALKOSTA Á ÖRYGGI

Tafla 3-69 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa skoðaðra valkosta eru á matsþætti fyrir öryggi. Eins og sést á töflunni eru áhrif valkostins á *Tvitengingar afhendingarstaða* metin í hæsta lagi. Ástæður þess eru að ný flutningsleið bætist við inn á svæðið í öllum valkostum. Stöðugleiki mun einnig aukast talsvert við framkvæmdina í öllum valkostum sökum þess að líkur á útleysingum vegna yfirálags munu minnka og það minnkar líkurnar á keðjuverkandi útleysingum á svæðinu. Áhrif valkosta á

Náttúrvá eru metin hátt fyrir valkost 1 þar sem ný virki eru fyrir utan áhrifasvæði Heklu en fyrir hina valkostina eru áhrifin metin lítil þar sem ný mannvirki verða áfram innan áhrifasvæðisins.

Áreiðanleiki afhendingar

Lagt hefur verið mat á það hvernig skoðaðir valkostir uppfylla markmið um áreiðanleika afhendingar. Sem liður í því mati er lagt mat á grunnástand þeirra matsþátta sem notaðir eru við mat á markmiði um áreiðanleika afhendingar.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþátta fyrir áreiðanleika afhendingar				
	Lítið		Miðlungs		Mikið
Flöskuhálsar		X			
Ótiltæki		X			
Áreiðanleikastuðlar				X	

TAFLA 3-70 : LAE – GRUNNÁSTAND MATSPÁTTA FYRIR ÁREIÐANLEIKA AFHENDINGAR

Tafla 3-70 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi matsþátta sem ná yfir áreiðanleika afhendingar. Grunnástand fyrir Flöskuhálsa er metið í næstlægsta flokki vegna flutningstakmarkana í skertu kerfi. Grunnástand fyrir Ótiltæki er einnig metið í næstlægsta flokki þar sem ótiltæki eininga kallar á skerðingar. Grunnástand fyrir Áreiðanleikastuðla er hins vegar metið nokkuð hátt þar sem truflanir hafa hingað til eingöngu valdið skerðingum á skerðanlegum flutning.

Með kerfisgreiningum eru áhrif valkostanna á þá matsþætti sem notaðir eru til að mæla áreiðanleika afhendingar metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1				Valkostur 2				Valkostur 3			
	L		M	H	L		M	H	L		M	H
Flöskuhálsar			X					X			X	
Ótiltæki	X				X						X	
Áreiðanleikastuðlar	X				X						X	

TAFLA 3-71 : LAE – ÁHRIF VALKOSTA Á ÁREIÐANLEIKA AFHENDINGAR

Tafla 3-71 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á matsþætti fyrir *áreiðanleika afhendingar*. Áhrif valkosta 1 og 2 á flöskuhálsa eru metin talsverð, þar sem nýr innmötunarstaður úr 220 kV kerfinu mun auka verulega aflgetu inn á svæðið. Valkostur 3 er talinn hafa miðlungsáhrif þar sem verið er að uppfæra núverandi innmötunarstað. Áhrif á ótiltæki er lítið í valkostum 1 og 2 þar sem mikilvægur spennir með háan ótiltækistuðul bætist við en jarðstrengir vega upp á móti honum. Í valkosti 3 lagast ótiltækið þar sem nýr spennar hafa betri stuðla en gömlu spennarnir sem hefur einnig áhrif á áreiðanleikastuðla til hækkunar. Áhrif valkosta 1 og 2 á áreiðanleikastuðla eru ekki mælanleg og því metin vera lítil.

Gæði raforku

Lagt hefur verið mat á það hvernig allir skoðaðir valkostir uppfylla markmið um gæði raforku. Sem liður í því mati hefur grunnástand verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir gæði raforku.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþátta fyrir gæði raforku				
	Lítið		Miðlungs		Mikið
Kerfisstyrkur		X			
Spennusveiflur/spennuþrep					X
Afhendingaspenna/vikmörk					X

TAFLA 3-72 : LAE – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSPÁTTA FYRIR GÆÐI RAFORKU

Tafla 3-72 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi allra matsþátta sem ná yfir gæði raforku. Grunnástand fyrir Kerfisstyrk er skoðað fyrir Hellu en það er metið frekar lágt. Grunnástand fyrir matsþáttinn Spennusveiflur/spennuþrep er metið hátt þar sem mælt spennuþrep er vel innan marka. Fyrir Afhendingaspennu/vikmörk er grunnástandið metið hátt og er ástæða þess sú að rekstraspenna er á milli 1 og 1,05 pu á afhendingarstöðum á svæðinu.

Til að meta áhrif skoðaðra valkosta á þá matsþætti sem notaðir eru til að mæla gæði raforku hafa verið framkvæmdar kerfisgreiningar þar sem áhrif allra valkosta á matsþættina eru rannsókuð. Niðurstaða matsins er eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1			Valkostur 2			Valkostur 3		
	L	M	H	L	M	H	L	M	H
Kerfisstyrkur			X		X				X
Spennusveiflur/spennuþrep	X			X			X		
Afhendingaspenna/vikmörk	X			X			X		

TAFLA 3-73 : LAE – ÁHRIF VALKOSTA Á GÆÐI RAFORKU

Tafla 3-73 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á þá matsþætti sem notaðir eru til að mæla uppfyllingu markmiðs raforkulaga um gæði raforku. Eins og sést á töflunni eru áhrif valkosta 1 og 3 á Kerfisstyrk metin há þar sem skammhlaupsaflið á Hellu tvöfaldast en fyrir valkost 2 hækkar það um þriðjung og fær því miðlungsgildi. Áhrif allra valkosta á Spennusveiflur/spennuþrep og Afhendingaspennu/vikmörk eru metin lítil þar sem grunnástandið fyrir þessi atriði voru mæld innan marka og valkostirnir breyta ástandinu á því lítið.

Skilvirkni

Lagt hefur verið mat á það hvernig valkosturinn uppfyllir markmið um skilvirkni. Grunnástand hefur verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir skilvirkni.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþátta fyrir skilvirkni				
	Lágt		Miðlungs		Mikið
Flutningstöp	X				
Flutningsgeta	X				
Nýting virkjana		X			

TAFLA 3-74 : LAE – GRUNNÁSTAND MATSPÁTTA FYRIR SKILVIRKNI

Tafla 3-74 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi allra matsþátta sem ná yfir Skilvirkni. Eins og sést á töflunni er grunnástand Flutningstapa metið lágt. Flutningstöp voru reiknuð í núverandi 66 kV kerfi (FU1, HV1, HE1 og HE2) og voru þau rúmlega fjórfold meðaltöp kerfisins alls. Grunnástand fyrir Flutningsgetu er metið lítið þar sem ekki er möguleiki á neinni flutningsaukningu á svæðinu.

Grunnástand fyrir *Nýtingu virkjana* er metið sem nokkuð lágt af þeirri ástæðu að flutningskerfið takmarkar ekki keyrslu núverandi virkjana á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, en aftur á móti eru möguleikar á tengingum nýrra virkjanakosta á svæðinu takmarkaðir.

Með greiningum eru áhrif valkostanna á matsþætti skilvirkni metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1			Valkostur 2			Valkostur 3		
	L	M	H	L	M	H	L	M	H
Flutningstöp			X		X				X
Flutningsgeta			X			X			X
Nýting virkjana			X			X			X

TAFLA 3-75 : LAE – EINKENNI ÁHRIFA VALKOSTA Á SKILVIRKNI

Tafla 3-75 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosts eru á matsþætti fyrir *Skilvirkni*. Eins og sést á töflunni eru áhrif valkosta á *Flutningstöp* metin misjöfn. Valkostur 1 minnkar töpin niður fyrir meðaltöp kerfis. Valkostur 2 minnkar töpin um helming og valkostur 3 minnkar töpin þannig að þau eru rétt yfir meðaltópum. Áhrif allra valkosta á *Flutningsgetu* eru metin mikil þar sem flutningsgetan inn á svæðið eykst um helming. Áhrif allra valkosta á matsþáttinn *Nýtingu virkjana* er einnig metin mikil vegna þess að með framkvæmdinni, óháð valkostum, mun myndast tölувert svigrúm fyrir nýja orkuvinnslu á svæðinu.

Hagkvæmni

Til að leggja mat á hagkvæmni framkvæmdarinnar hefur verið lagt mat á það hvernig valkosturinn uppfyllir markmið um hagkvæmni. Liður í því er að meta grunnástand þeirra matsþáttta sem notaðir eru fyrir mat á uppfyllingu markmiðs um hagkvæmni.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþáttta fyrir hagkvæmni			
	Lágt	Miðlungs	Töluvvert	Mikið
Truflanir og skerðingar	X			
Losun gróðurhúsalofttegunda	X			
Aukning flutningsmagns	X			

TAFLA 3-76 : LAE – GRUNNÁSTAND MATSPÁTTA FYRIR HAGKVÆMNI

Tafla 3-76 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi matsþáttta sem notaðir eru sem mælikvarðar fyrir markmið um *Hagkvæmni*. Eins og sést á töflunni er grunnástand fyrir matsþáttinn *Truflanir og skerðingar* metið lágt. Ástæða þess er að tíðar skerðingar eru á Suðurlandi í núverandi kerfi vegna bilana og yfirlestana. Árlegur START-kostnaður svæðisins er metinn í kringum 25 milljónir króna. Grunnástand fyrir *Losun gróðurhúsalofttegunda* er einnig metið lágt vegna keyrslu varafls í Vestmannaeyjum. Full rafvæðing fiskimjölsiðnaðar er ómöguleg í núverandi kerfi og illmögulegt að rafvæða Herjólf. Grunnástand fyrir matsþáttinn *Aukning flutningsmagns* er metið lágt þar sem ekki er mögulegt að bæta við notkun í vesturhluta Suðurlandskerfisins (rautt ljós á öllum afhendingarstöðum).

Með greiningum eru áhrif valkostanna á matsþætti *hagkvæmni* metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:


Matsþáttur	Valkostur 1			Valkostur 2			Valkostur 3		
	L	M	H	L	M	H	L	M	H
Truflanir og skerðingar		X			X			X	
Losun gróðurhúsalofttegunda			X			X			X
Aukning flutningsmagns				X			X		X

TAFLA 3-77 : LAE – ÁHRIF VALKOSTA Á HAGKVÆMNI


Tafla 3-77 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á matsþætti fyrir *hagkvæmni*. Eins og sést á töflunni eru áhrif allra valkosta á *Truflanir og skerðingar* metin miðlungs. Ástæða þess er að truflanir í Suðurlandskerfinu munu minnka talsvert við framkvæmdina óháð valkosti.

Áhrif allra valkosta á matsþáttinn *Losun gróðurhúsalofttegunda* eru metin töluverð og er ástæða þess sú að þeir styðja allir við rafvæðingu samgangna og fiskimjölsiðnaðar en hafa hverfandi áhrif á keyrslu varaafils í Eyjum. Áhrif allra valkosta á matsþáttinn *Aukning flutningsmagns* eru umtalsverð vegna þess að valkostirnir hafa allir bein áhrif á mögulega aukningu í kerfinu, afhendingargeta afhendingarstaða á svæðinu eykst úr rauðu í appelsínugult.


Niðurstaða mats á uppfyllingu markmiða



MYND 3-34 : LAE – NIÐURSTAÐA MATS Á UPPFYLLINGU MARKMIÐA FYRIR VALKOST 1



MYND 3-35 : LAE – NIÐURSTAÐA MATS Á UPPFYLLINGU MARKMIÐA FYRIR VALKOST 2



MYND 3-36 : LAE – NIÐURSTAÐA MATS Á UPPFYLLINGU MARKMIÐA FYRIR VALKOST 3

Samræmi við stefnu stjórnvalda

Þar sem um byggingu tengivirkis er að ræða er ekki framkvæmt mat á því hvernig framkvæmdin samræmist stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Hvað varðar stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku samræmist verkefnið þeim lið sem fjallar um að tryggt skuli að flutningskerfið mæti þörfum fyrir aukin orkuskipti í samgöngum og haftengdri starfsemi, sem er eitt af meginmarkmiðum með verkefninu. Verkefnið samræmist einnig aðgerðaáætlun stjórnvalda í orkuskiptum, sem tiltekur að raforkuinnviðir fyrir fiskimjölsverksmiðjur skuli vera til staðar. Í Vestmannaeyjum eru fiskimjölsverksmiðjur sem geta ekki rafvæðst í núverandi kerfi en tilkoma Lækjartúns tengivirkisins mun hjálpa verulega til við þá rafvæðingu.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Framkvæmd er talin hafa óveruleg áhrif á umhverfisþætti. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 10.04.2019, kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki matsskyld.

Niðurstaða valkostagreiningar

Allir skoðaðir valkostir uppfylla meginmarkmið framkvæmdarinnar sem snýr að aukinni flutningsgetu inn á svæðisbundna flutningskerfið á Suðurlandi, ásamt því að styðja við orkuskipti á svæðinu. Niðurstaða kerfislegrar áhættugreiningar sýnir að bygging nýs tengivirkis við Lækjartún er sá valkostur sem kemur best út hvað varðar markmið um bættan áreiðanleika afhendingar. Á grundvelli samanburðar á tæknilegum og hagrænum þáttum er því lagt til að byggt verði 220/132 kV tengivirkí í Lækjartúni með gaseinangruðum rofabúnaði. Tengingen til Hellu yrði rekin á 66 kV í byrjun eða þar til álag á svæðinu krefst spennuhækkunar. Þessi lausn kemur best út í kostnaðarsamanburði sem og í kerfislegri áhættugreiningu. Nýtt tengivirkí í Lækjartúni kemur einnig betur út í tæknilegum samanburði en valkostir 2 og 3, þar sem tæknileg geta þeirrar útfærslu, og stuðningur hennar við framtíðaruppbyggingu svæðisflutningskerfisins á Suðurlandi, er afgerandi miðað við þá. Lækjartúnslausnin gefur meiri möguleika en hinár tvær m.t.t. framtíðarþróunar álags og orkuvinnslu og er að auki miðsvæðis á Suðurlandi.

3.3.3 Lækjartúnslína 2

Verkefnið snýst um lagningu 132 kV raflínu, sem hlotið hefur nafnið Lækjartúnslína 2, í svæðisbundna flutningskerfinu á Suðurlandi. Línan mun styrka möguleika flutningskerfisins á Suðurlandi til að afhenda aukna orku og bæta afhendingaröryggi. Lækjartúnslína 2 mun liggja á milli Hellu og Lækjartúns sem er væntanlegt tengivirki í landi Lækjartúns í Ásahreppi, skammt norðan við Suðurlandsveg, nálægt Þjórsá. Lækjartún er tengt við og fætt frá Búrfellslínu 2 sem er 220 kV flutningslína á milli Búrfells og Kolviðarhóls. Núverandi 66 kV loftlína, Selfosslína 2, sem liggur á milli Selfoss og Hellu mun fyrst um sinn liggja óbreytt frá Selfossi að Lækjartúni, en þeim hluta línumnar sem liggur á milli Hellu og Lækjartúns mun verða skipt út fyrir Lækjartúnslínu 2. Í framtíðinni er einnig gert ráð fyrir að þeim hluta Selfosslínu 2 sem liggur á milli Selfoss og Lækjartúns verði skipt út fyrir afkastameiri línu og þá væntanlega einnig lögð sem 132 kV jarðstrengur. Til stendur að reka Lækjartúnslínu 2 fyrst um sinn á 66 kV spennu með þeim möguleika að síðar verði hægt að spennuhækka hluta 66 kV kerfisins á Suðurlandi í 132 kV og auka þannig flutningsgetu þess, eftir því sem þróun notkunar á svæðinu krefst.

Uppruni og meginmarkmið verkefnis

Uppruni verkefnisins er tvíþættur. Annars vegar er um að ræða endurnýjun á Selfosslínu 2, sem er hluti af endurnýjunaráætlun Landsnets, og hins vegar er um að ræða þörf sem skapast hefur fyrir öflugri fæðingu inn á svæðisbundna flutningskerfið á Suðurlandi vegna örari notkunaraukningar en gert hafði verið ráð fyrir og staðfest hefur verið með kerfisgreiningum. Selfosslína 2, milli Selfoss og Hellu, var tekin í notkun árið 1947 og er orðin brýn þörf á endurnýjun hennar bæði vegna aldurs og ástands og einnig vegna takmarkaðrar flutningsgetu hennar. Álag á 66 kV svæðisflutningskerfið á eystri hluta Suðurlands (þ.e. austan Þjórsár) hefur aukist mikið á síðari árum, ekki síst vegna aukinnar raforkunotkunar notenda á skerðanlegum flutningi í Vestmannaeyjum. Flutningsgeta einstakra hluta kerfisins er orðin takmarkandi þáttur og að auki fara spennuvandamál vaxandi. Þörfin fyrir styrkingu kerfisins á svæðinu er því brýn og liður í að bæta þetta ástand er að endurnýja flutningsleiðir á milli Selfoss og Hvolsvallar. Sú endurnýjun mun fara fram í þremur áföngum, en búið er að ljúka fyrsta áfanga þeirrar endurnýjunar sem var lagning Hellulínu 2 milli Hellu og Hvolsvallar. Lagning Lækjartúnslínu 2 er áfangi tvö í þeirri endurnýjun, en þriðji og síðasti áfanginn er endurnýjun þess hluta Selfosslínu 2 á milli Selfoss og Lækjartúns.

Meginmarkmið verkefnis eru að auka flutningsgetu inn á svæðisbundna flutningskerfið á Suðurlandi og auka áreiðanleika afhendingar á svæðinu.

Framlagður aðalvalkostur

Verkefnið snýr að lagningu nýs 132 kV jarðstrengs, um 16 km og mun bera heitið Lækjartúnslína 2 (LT2). Jarðstrengurinn mun liggja frá nýju tengivirki við Lækjartún að tengivirki á Hellu.

Rökstuðningur fyrir aðalvalkosti

Sá valkostur sem best uppfyllir meginmarkmið framkvæmdarinnar ásamt markmiðum raforkulaga og stefnu stjórnavalda um uppbyggingu flutningskerfisins hefur verið valinn sem framlagður valkostur í framkvæmdaáætlun.

	Lýsing
Kostnaður	883 mkr.
Öryggi	Hefur jákvæð áhrif á öryggi
Áreiðanleiki afhendingar	Hefur jákvæð áhrif áreiðanleika afhendingar
Gæði raforku	Hefur jákvæð áhrif á gæði
Skilvirkni	Hefur jákvæð áhrif á skilvirkni
Hagkvæmni	Hefur jákvæð áhrif á hagkvæmni
Samræmi við stefnu um línutegund	Í fullu samræmi
Samræmi við sjónarmið sem hafa skal að leiðarljósi skv. stefnu stjórnvalda	Í fullu samræmi

TAFLA 3-78 : LT2 – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNSIS

Tafla 3-78 inniheldur mat á því hvernig framkvæmdin er talin uppfylla þau markmið sem sett eru fram í raforkulögum ásamt stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Aðalvalkostur er talinn uppfylla markmið framkvæmdarinnar um aukna orkuafhendingu inn á Suðurlandskerfið ásamt því að auka afhendingaröryggi á svæðinu. Mat á því hvernig framkvæmdin uppfyllir markmið raforkulaga má sjá á Mynd 3-38 og mat á samræmi við stefnu stjórnvalda í töflum Tafla 3-93 og Tafla 3-94.


Lýsing á framkvæmd

Verkefnið felur í sér lagningu nýs 15,5 km 132 kV jarðstrengs milli Lækjartúns og Hellu. Jarðstrengur verður samsettur úr þremur aðskildum einleiðarastrengjum sem lagðir eru í þríhyrningsuppröðun í strengsand sem er með viðunandi varmaleiðni. Uppgrafið efni verður notað sem yfirfylling, en ónothæft efni fjarlægt. Yfir streng verður lagður hlífðarborði og strengir merktir með viðvörunarborðum neðan yfirborðs og stikum á yfirborði. Meðfram strengjunum verður lagt ídráttarrör fyrir ljósleiðara (fjarskiptarör). Sérútfærslur í þverunum verða flestar gerðar með ídrætti í rör. Öllu yfirborði verður skilað eins líku og mögulegt er eins og það var fyrir framkvæmdir.

Raflína

Atriði	Lýsing
Tegund	Jarðstrengur
Fjöldi	1
Lengd	15,5 km
Nafnspenna	132 kV
Flutningsgeta	120 MVA (60 MVA á 66 kV)

TAFLA 3-79 : LT2 – LÝSING FRAMKVÆMDAR

Einlínemynd verkefnis

MYND 3-37. LT2 – EINLÍNUMYND MEÐ LÆKJARTÚNSLÍNU 2

Mynd 3-37 sýnir einlínemynd af svæðisflutningskerfinu á Suðurlandi með Lækjartúnslínu 2 milli Lækjartúns og Hellu.

Fjárhagslegar upplýsingar um aðalvalkost

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	883 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	28 mkr.
Áhrif á flutningstöp	75% lækkun
Áhrif á tekjumörk dreifiveitna	
Hækjun á rekstrarkostnaði	17,7 mkr.
Aukning á afskriftum	17,7 mkr.
Aukning á leyfðum arði	60,2 mkr.
Samtals hækjun tekjumarka	95,5 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	1,8%

TAFLA 3-80 : LT2 – FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á seinni hluta árs 2020 og að þeim ljúki seinni hluta ársins 2021.

Tímaáætlun fyrir Lækjartúnslínu 2			
	2020	2021	2022
Framkvæmdir		■	
Lokafrágangur og verklok		■	
Spennusetning		◆	

Valkostagreining

Alls voru teknir tveir meginvalkostir til skoðunar vegna tengingar Lækjartúnslínu 2 milli Lækjartúns og Hellu. Auk aðalvalkosts var skoðaður sá möguleiki að leggja 66 kV jarðstreng sömu leið.

Valkostur 1 – 132 kV jarðstrengur (aðalvalkostur)	
Raflína	Lagning 132 kV jarðstrengs milli Lækjartúns og Hellu, lengd um 16 km
Tengivirkni	Á ekki við þar sem verkefnið snýst um lagningu nýs jarðstrengs
Valkostur 2 – 66 kV jarðstrengur	
Raflína	Lagning 66 kV jarðstrengs milli Lækjartúns og Hellu, lengd um 16 km
Tengivirkni	Á ekki við þar sem verkefnið snýst um lagningu nýs jarðstrengs

TAFLA 3-81 : LT2 – LÝSING VALKOSTA

Fjárhagslegur samanburður valkosta

	Valkostur 1	Valkostur 2
Heildarfjárfestingarkostnaður	883 mkr.	756 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra (greitt sem rekstrarkostnaður)	28,3 mkr.	28,3 mkr.
Áhrif á flutningstop	75% lækkun	77% lækkun
Áhrif á tekjumörk dreifiveitna		
Hækkun á rekstrarkostnaði	17,7 mkr.	15,1 mkr.
Aukning á afskriftum	17,7 mkr.	15,1 mkr.
Aukning á leyfðum arði	60,2 mkr.	51,6 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	95,5 mkr.	81,8 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	1,8%	1,5%

TAFLA 3-82 : LT2 – FJÁRHAGSLEGUR SAMANBURÐUR VALKOSTA

Markmið raforkulaga

Öryggi

Lagt hefur verið mat á það hvernig valkosturinn uppfyllir markmið um öryggi. Sem liður í matinu hefur grunnástand öryggis verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir öryggi.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþátta fyrir öryggi				
	Lítið		Miðlungs		Mikið
Tvítenging afhendingarstaða				X	
Stöðugleiki		X			
Náttúruvá	X				

TAFLA 3-83 : LT2 – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSPÁTTA FYRIR ÖRYGGI

Tafla 3-83 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi matsþátta sem ná yfir öryggi. Grunnástand *Tvítengingar afhendingarstaða* er metið í næsthæsta flokki sökum þess að Hella tengist nú þegar flutningskerfinu með tveimur tengingum. Ástæða þess að það er ekki metið í hæsta flokki er takmörkuð flutningsgeta spenna í Búrfelli sem valda flutningstakmörkunum í truflanatilfellum. Það er einnig ástæða þess að grunnástand *Stöðugleika* er metið í næstlægsta flokki, en útleysing á einni einingu í kerfinu getur valdið talsverðum óstöðugleika sem getur komið af stað keðjuverkandi útleysingum á svæðinu. Matsþátturinn *Náttúruvá* er metinn lágor þar sem Hvolsvallarlína 1 (HV1) liggur yfir áhrifasvæði Heklugoss skv. korti frá Veðurstofu Íslands en HV1 er mjög mikilvæg fyrir kerfið á Suðurlandi.

Með greiningum eru áhrif skoðaðra valkosta á matsþætti öryggis metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1					Valkostur 2				
	L		M		H	L		M		H
Tvítenging afhendingarstaðar					X					X
Stöðugleiki				X					X	
Náttúruvá					X					X

TAFLA 3-84 : LT2 – MAT Á EINKENNUM ÁHRIFA VALKOSTA Á ÖRYGGI

Tafla 3-84 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa skoðaðra valkosta eru á matsþætti fyrir öryggi. Eins og sést á töflunni eru áhrif valkostsins á *Tvítengingu afhendingarstaða* metin í hæsta lagi. Ástæður þess eru þær að ný flutningsleið bætist við inn á svæðið í báðum valkostum. Stöðugleiki mun einnig aukast talsvert við framkvæmdina í báðum valkostum sökum þess að líkur á útleysingum vegna yfirálags munu minnka sem minnkar líkurnar á keðjuverkandi útleysingum á svæðinu. Áhrif valkosta á *Náttúruvá* eru metin hátt fyrir valkostina þar sem ný virki eru fyrir utan áhrifasvæði Heklu.

Áreiðanleiki afhendingar

Lagt hefur verið mat á það hvernig skoðaðir valkostir uppfylla markmið um áreiðanleika afhendingar. Grunnástand hefur verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir áreiðanleika afhendingar.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþátta fyrir áreiðanleika afhendingar				
	Lágt		Miðlungs		Mikið
Flöskuhálsar		X			
Ótiltæki		X			
Áreiðanleikastuðlar				X	

TAFLA 3-85 : LT2 – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSPÁTTA FYRIR ÁREIÐANLEIKA AFHENDINGAR

Tafla 3-85 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi matsþátta sem ná yfir áreiðanleika afhendingar. Grunnástand fyrir *Flöskuhálsa* er metið í næstlægsta flokki vegna flutningstakmarkana í skertu kerfi. Grunnástand fyrir *Ótiltæki* er einnig metið í næstlægsta flokki þar sem ótiltæki eininga kallar á skerðingar. Grunnástand fyrir *Áreiðanleikastuðla* er hins vegar metið nokkuð hátt þar sem truflanir hafa hingað til eingöngu valdið skerðingum á skerðanlegum flutningi.

Með greiningum eru áhrif valkostanna á matsþætti áreiðanleika afhendingar metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1					Valkostur 2				
	L		M		H	L		M		H
Flöskuhálsar			X					X		
Ótiltæki	X					X				
Áreiðanleikastuðlar	X					X				

TAFLA 3-86 : LT2 – MAT Á EINKENNUM ÁHRIFA VALKOSTA ÁREIÐANLEIKA AFHENDINGAR

Tafla 3-86 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á matsþætti fyrir áreiðanleika afhendingar. Áhrif beggja valkosta á *Flöskuhálsa* eru metin talsverð, þar sem nýr innmötunarstaður úr 220 kV kerfinu mun auka verulega aflgetu inn á svæðið. Áhrif á *Ótiltæki* er lítið í valkostum 1 og 2 þar sem mikilvægur spennir bætist við með háan ótiltækistuðul en jarðstrengir vega upp á móti honum. Áhrif beggja valkosta á *Áreiðanleikastuðla* eru ekki mælanleg og því metin vera lítil.

Gæði raforku

Lagt hefur verið mat á það hvernig valkostir uppfylla markmið um gæði raforku. Grunnástand öryggis hefur verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir gæði raforku.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþátta fyrir gæði raforku				
	Lítið		Miðlungs		Mikið
Kerfisstyrkur		X			
Spennusveiflur/spennuþrep					X
Afhendingarspenna/vikmörk					X

TAFLA 3-87 : LT2 – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSPÁTTA FYRIR GÆÐI RAFORKU

Tafla 3-87 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi allra matsþátta sem ná yfir gæði raforku. Grunnástand fyrir *Kerfisstyrk* er skoðað fyrir Hellu en það er metið frekar lágt. Grunnástand fyrir matsþáttinn *Spennusveiflur/spennuþrep* er metið hátt þar sem mælt spennuþrep er vel innan marka. Fyrir *Afhendingarspenna/vikmörk* er grunnástandið metið hátt og er ástæða þess sú að rekstrarspenna er á milli 1 og 1,05 pu á afhendingarstöðum á svæðinu.

Með greiningum eru áhrif uppstilltra valkosta á matsþætti gæða raforku metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1					Valkostur 2				
	L		M		H	L		M		H
Kerfisstyrkur					X					X
Spennusveiflur/spennuþrep	X					X				
Afhendingarspenna/vikmörk	X					X				

TAFLA 3-88 : LT2 – MAT Á EINKENNUM ÁHRIFA VALKOSTA Á GÆÐI RAFORKU

Tafla 3-88 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á þá matsþætti sem notaðir eru til að mæla uppfyllingu markmiðs raforkulaga um gæði raforku. Eins og sést á töflunni eru áhrif valkosta 1 og 2 á *Kerfisstyrk* metin há þar sem skammhlaupsaflið á Hellu rúmlega tvöfaldast en fyrir valkost 2 hækkar það minna en fyrir valkost 1. Áhrif allra valkosta á *Spennusveiflur/spennuþrep* og *Afhendingarspenna/vikmörk* eru metin lítil þar sem grunnástandið fyrir þessi atriði voru mæld innan marka og valkostirnir breyta ástandinu á því lítið.

Skilvirkni

Lagt hefur verið mat á það hvernig valkosturinn uppfyllir markmið um skilvirkni. Grunnástand hefur verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir skilvirkni.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþáttu fyrir skilvirkni				
	Lágt		Miðlungs		Mikið
Flutningstöp	X				
Flutningsgeta	X				
Nýting virkjana		X			

TAFLA 3-89 : LT2 – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSPÁTTA FYRIR SKILVIRKNI

Tafla 3-89 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi allra matsþáttu sem ná yfir skilvirkni. Eins og sést á töflunni er grunnástand *Flutningstapa* metið lágt. *Flutningstöp* voru reiknuð í núverandi 66 kV kerfi (FU1, HV1, HE1 og HE2) og voru þau rúmlega fjórfold meðaltöp kerfisins alls. Grunnástand fyrir *Flutningsgetu* er metið lítið þar sem ekki er möguleiki á neinni flutningsaukningu á svæðinu. Grunnástand fyrir *Nýtingu virkjana* er metið sem nokkuð lágt af þeirri ástæðu að flutningskerfið takmarkar ekki keyrslu núverandi virkjana á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, en aftur á móti eru möguleikar á tengingum nýrra virkjanakosta á svæðinu takmarkaðir.

Með greiningum eru áhrif valkostanna á matsþætti skilvirkni metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1					Valkostur 2				
	L		M		H	L		M		H
Flutningstöp					X					X
Flutningsgeta					X					X
Nýting virkjana					X					X

TAFLA 3-90 : LT2 – MAT Á EINKENNUM ÁHRIFA VALKOSTA Á SKILVIRKNI

Tafla 3-90 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á matsþætti fyrir skilvirkni. Eins og sést á töflunni eru áhrif valkosta á *Flutningstöp* metin jafngóð þar sem báðir valkostir minnka töpin niður fyrir meðaltöp kerfis. Áhrif beggja valkosta á *Flutningsgetu* eru metin mikil þar sem flutningsgetan inn á svæðið eykst um helming, þó aðeins meira fyrir valkost 1 en 2. Áhrif valkostanna á matsþáttinn

Nýtingu virkjana eru einnig metin sambærileg vegna þess að með framkvæmdinni mun myndast töluvert svigrúm fyrir nýja orkuvinnslu á svæðinu, þó aðeins meira fyrir valkost 1 en 2.

Hagkvæmni

Til að leggja mat á hagkvæmni framkvæmdarinnar hefur verið lagt mat á það hvernig valkosturinn uppfyllir markmið um hagkvæmni. Liður í því er að meta grunnástand þeirra matsþáttta sem notaðir eru fyrir mat á uppfyllingu markmiðs um hagkvæmni.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþáttta fyrir hagkvæmni				
	Lítið		Miðlungs		Hátt
Truflanir og skerðingar	X				
Losun gróðurhúsalofttegunda	X				
Aukning flutningsmagns	X				

TAFLA 3-91 : LT2 – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSPÁTTA FYRIR HAGKVÆMNI

Tafla 3-91 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi matsþáttta sem notaðir eru sem mælikvarðar fyrir markmið um hagkvæmni. Eins og sést á töflunni er grunnástand fyrir matsþáttinn *Truflanir og skerðingar* metið lágt. Ástæða þess er að tíðar skerðingar eru á Suðurlandi í núverandi kerfi vegna bilana og yfirlestana. Árlegur START-kostnaður svæðisins er metinn í kringum 25 milljónir króna. Grunnástand fyrir *Losun gróðurhúsalofttegunda* er einnig metið lágt vegna keyrslu varaafils í Vestmannaeyjum. Full rafvæðing fiskimjölsiðnaðar er ómöguleg í núverandi kerfi og illmögulegt að rafvæða Herjólf. Grunnástand fyrir matsþáttinn *Aukning flutningsmagns* er metið lágt þar sem ekki er mögulegt að bæta við notkun í vesturhluta Suðurlandskerfisins (rautt ljós á öllum afhendingarstöðum).

Með greiningum eru áhrif valkostanna á matsþætti hagkvæmni metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:


Matsþáttur	Valkostur 1				Valkostur 2			
	L	M	H	L	M	H		
Truflanir og skerðingar		X			X			
Losun gróðurhúsalofttegunda			X				X	
Aukning flutningsmagns				X				X

TAFLA 3-92 : LT2 – MAT Á EINKENNUM ÁHRIFA VALKOSTA Á HAGKVÆMNI


Tafla 3-92 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á matsþætti fyrir hagkvæmni. Eins og sést á töflunni eru áhrif beggja valkosta á *Truflanir og skerðingar* metin miðlungs. Ástæða þess er að truflanir í Suðurlandskerfinu munu minnka talsvert við framkvæmdina óháð valkosti.

Áhrif valkosta á matsþáttinn *Losun gróðurhúsalofttegunda* eru metin töluverð og er ástæða þess að þeir styðja báðir við rafvæðingu samgangna og fiskimjölsiðnaðar, en hafa hverfandi áhrif á keyrslu varaafils í Eyjum. Áhrif allra valkosta á matsþáttinn *Aukning flutningsmagns* eru umtalsverð vegna þess að báðir valkostirnir hafa bein áhrif á mögulega aukningu í kerfinu, afhendingargeta afhendingarstaða á svæðinu eykst úr rauðu í appelsínugult. Valkostur 1 hefur þó örliðið meira svigrúm en valkostur 2.

Niðurstaða mats á uppfyllingu markmiða



MYND 3-38 : LT2 – NIÐURSTAÐA MATS Á UPPFYLLINGU MARKMIÐA FYRIR VALKOST 1



MYND 3-39 : LT2 – NIÐURSTAÐA MATS Á UPPFYLLINGU MARKMIÐA FYRIR VALKOST 2

Samræmi við stefnu stjórnvalda um línutegund

	Valkostur 1 (AV)		Valkostur 2	
	Umsögn	Stig	Umsögn	Stig
Tilheyrir línlögningin landshlutakerfi raforku?	Já. Jarðstrengur metinn alla leið	++	Já. Jarðstrengur metinn alla leið	++
Kostnaður við jarðstreng meiri en 2x loftlína	Kostnaður við jarðstreng 1,06 x loftlína	++	Kostnaður við jarðstreng 1,04 x loftlína	++

TAFLA 3-93 : LT2 – SAMRÆMI VIÐ STEFNU UM LÍNUGERÐ

Tafla 3-93 sýnir mat á því hvernig framkvæmdin samræmist stefnu stjórnvalda um línugerð. Raflínan er hluti af svæðisbundna flutningskerfinu á Suðurlandi og samkvæmt stefnunni á að meta jarðstrengslagnir í slíkum tilfellum. Skv. kostnaðarviðmiði í stefnunni á að leggja jarðstreng ef kostnaður við jarðstreng er undir tvívar sinnum kostnaði við sambærilega loftlinu. Samkvæmt verðbönkum Landsnets er kostnaður við 132 kV loftlinu 751 milljón og kostnaður við 66 kV loftlinu er 645 milljónir. Samkvæmt samanburði á kostnaðarmati eru báðir valkostir því í fullu samræmi við stefnu um línugerð og falla undir kostnaðarviðmið sem sett er í stefnunni.

Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda

Metið var hvernig framkvæmdin samræmist við almenn atriði sem tilgreind eru í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis. Greiningin er sameiginleg fyrir báða valkosti, þar sem enginn munur er á framkvæmdinni eftir valkostum, nema spennustig á strengum.

	Valkostur 1 132 kV jarðstrengur		Valkostur 2 66 kV jarðstrengur	
	Umsögn	Stig	Umsögn	Stig
Flutningskerfið mæti þörfum raforkunotenda á hverjum tíma. (tl. 2)	Hluti af styrkingu á svæðisbundnu flutningskerfunum. Dregur úr flutningstakmörkunum á áhrifasvæði línumnar	++	Hluti af styrkingu á svæðisbundnu flutningskerfunum. Dregur úr flutningstakmörkunum á áhrifasvæði línumnar	++
Tryggja afhendingaröryggi um land allt. Tengja betur lykilsvæði. Eyjafjarðarsvæði, Vestfirðir og Suðurnes í forgang. (tl. 3)	Verkefnið tryggir betur N-1 afhendingaröryggi á Hellu.	++	Verkefnið tryggir betur N-1 afhendingaröryggi á Hellu.	+
Skoða hvernig megi nýta jarðstrengi með hagkvæmum hætti. Ekki línlagnir yfir hálandið. (tl. 4)	Í valkostagreiningu er litið til jarðstrengslagnar. Valkostur fer ekki um hálandið.	++	Í valkostagreiningu er litið til jarðstrengslagnar. Valkostur fer ekki um hálandið.	++
Gæta skal jafnvægis milli efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa. (tl. 5)	Í valkostagreiningu er litið til efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa.	+	Í valkostagreiningu er litið til efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa.	+
N-1 afhendingaröryggi á öllum afhendingarstöðum í svæðisbundnu flutningskerfum fyrir 2040. (tl. 7)	Verkefnið tryggir betur N-1 afhendingaröryggi á Hellu.	++	Verkefnið tryggir betur N-1 afhendingaröryggi á Hellu.	++

	Valkostur 1 132 kV jarðstrengur		Valkostur 2 66 kV jarðstrengur	
Innviðauppbýgging mætir þörfum fyrir orkuskipti. (tl. 8)	Jákvæð áhrif, eykur flutningsgetu inn á svæðið.	+	Jákvæð áhrif, eykur flutningsgetu inn á svæðið.	+
Heildstætt mat á ávinnungi jarðstrengsagna í kerfi þar sem hámarkslenđ jarðstrengskafla er takmörkunum háð. (tl. 9)	Ekki eru tæknilegir annmarkar varðandi lengd jarðstrengsins.	0	Ekki eru tæknilegir annmarkar varðandi lengd jarðstrengsins.	0
Forðast rask á friðlýstum svæðum og svæðum sem njóta sérstakrar verndar náttúruverndarlaga. (tl. 10)	Valkostur fer ekki um friðlýst svæði, svæði sem njóta verndar skv. sérlögum eða raskar svæðum sem njóta verndar 61. gr. náttúruverndarlaga.	++	Valkostur fer ekki um friðlýst svæði, svæði sem njóta verndar skv. sérlögum eða raskar svæðum sem njóta verndar 61. gr. náttúruverndarlaga.	++
Tryggja hagkvæmt flutningsverð til kaupanda. (tl. 11)	Sjá áhrif á tekjumörk Tafla 3-82.	+	Sjá áhrif á tekjumörk Tafla 3-82.	+
Draga úr sjónrænum og umhverfisáhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja. Velja stæði þannig að sjónræn og önnur áhrif séu sem minnst. Raska ekki ósnortnum svæðum, ef aðrar lausnir í boði. (tl. 12)	Fylgt er mannvirkjabelti og jarðstrengir draga úr sjónrænum áhrifum.	++	Fylgt er mannvirkjabelti og jarðstrengir draga úr sjónrænum áhrifum.	++
Jarðstengi skal leggja svo sem kostur er meðfram vegum. (tl. 13)	Línan mun fylgja þjóðvegi alla línuleiðina.	++	Línan mun fylgja þjóðvegi alla línuleiðina.	++
Nýta línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa. (tl. 14)	Línan mun fylgja núverandi línustæði rúmlega hálfa leiðina.	++	Línan mun fylgja núverandi línustæði rúmlega hálfa leiðina.	++
Mat á afhendingaröryggi og kostnaði að tryggja það. (tl. 15)	Eykur afhendingaröryggi á Suðurlandi. Gerður er kostnaðarsamanburður valkosta	++	Eykur afhendingaröryggi á Suðurlandi. Gerður er kostnaðarsamanburður valkosta	++
Tryggja raforkudreifingu og -öryggi m.t.t. náttúruhamfara. (tl. 16)	Liður í hringtengingu Vestfjarða, sem stuðlar að auknu öryggi	+	Liður í hringtengingu Vestfjarða, sem stuðlar að auknu öryggi	+

TAFLA 3-94 : LT2 – SAMRÆMI VIÐ ALMENN ATRIÐI Í STEFNU STJÓRNVALDA

Tafla 3-94 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig framkvæmdin samræmist almennum atriðum í stefnu stjórvalda um uppbýggingu flutningskerfisins. Niðurstaða er að framkvæmdin hefur verulega jákvæð áhrif á flest almenn atriði sem tilgreind eru í stefnu um uppbýggingu flutningskerfisins. Af þessu má draga þá ályktun að framkvæmdin sé í fullu samræmi við stefnu stjórvalda um lagningu raflína og í samræmi við almenn atriði skv. stefnu um uppbýggingu flutningskerfisins. Verkefnið samræmist einnig aðgerðaáætlun stjórvalda í orkuskiptum, sem tiltekur að raforkuinnviðir fyrir fiskimjölsverksmiðjur skuli vera til staðar. Í Vestmannaeyjum eru fiskimjölsverksmiðjur sem geta ekki rafvæðst að fullu í núverandi kerfi en tilkoma Lækjartúnslínu 2, ásamt nýjum afhendingarstað í Lækjartúni, mun hjálpa verulega til við þá rafvæðingu.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Framkvæmd er talin hafa óveruleg áhrif á umhverfisþætti. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 10.04.2019, kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki matsskyld.

Niðurstaða valkostagreiningar

Metið hefur verið hvernig tveir valkostir uppfylla markmið framkvæmdarinnar. Á grundvelli samanburðar á tæknilegum og hagrænum þáttum er lagt til að lagður verði nýr jarðstrengur frá nýju tengivirkni í Lækjartúni og út í Hellu. Lagt er til að jarðstrengurinn verði lagður sem 132 kV jarðstrengur. Tengingin til Hellu yrði rekin á 66 kV í byrjun eða þar til álag á svæðinu krefst spennuhækkunar. Þessi lausn kemur betur út fyrir matsþættina hagkvæmni, skilvirkni sem og fyrir gæði raforku.

3.3.4 Korpulína 1 – endurnýjun

Verkefnið snýr að strenglagningu línu í meginflutningskerfinu á höfuðborgarsvæðinu, en Reykjavíkurborg hefur óskað eftir því að Landsnet kanni möguleikann á því að setja Korpulínu 1 í jarðstreng þar sem byggðin hefur þróast á þann veg að hún er komin alveg upp að línum.

Uppruni og meginmarkmið verkefnis

Uppruni verkefnisins er í endurnýjunaráætlun Landsnets, en línan er langt komin með líftíma sinn og því þarf að huga að endurnýjun á henni. Eftir viðræður á milli Reykjavíkurborgar og Landsnets um tilfærslu Korpulínu 1 og strenglagningu línum, m.a. innan fyrirhugaðs kirkjugarðs, hefur verkefnið verið sett á framkvæmdaáætlun. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er gert ráð fyrir að hliðra línum til suðurs fyrir landmótun vegna kirkjugarðs í hlíðum Úlfarsfells og leggja línum sem jarðstreng. Landsnet hefur fyrir sitt leyti samþykkt staðsetningu línum og á nú í viðræðum við Reykjavíkurborg m.a. um nánari útfærslu og kostnaðarskiptingu verksins milli Landsnets og borgarinnar, en Reykjavíkurborg mun taka þátt í kostnaði við verkefnið þar sem línan hefur ekki verið afskrifuð að fullu.

Línan liggur að hluta til innan skilgreinds þéttbýlis, sbr. skilgreiningu á þéttbýli í 2. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

Meginmarkmið verkefnisins eru að tryggja áframhaldandi rekstraröryggi Korpulínu 1 sem er kerfislega mikilvæg fyrir orkufæðingu höfuðborgarsvæðisins og að tryggja samræmi við þróun skipulags á höfuðborgarsvæðinu.

Upprunaleg afgreiðsla verkefnis

Verkefnið var afgreitt með samþykkt kerfisáætlunar 2018-2027. Í þeirri kerfisáætlun stóð til að framkvæmdir við verkefnið myndu hefjast á árinu 2019. Nú er orðið ljóst að undirbúningur verkefnisins mun taka lengri tíma en til stóð upphaflega og að framkvæmdir munu hefjast á árinu 2020.

Umfang verkefnis

Skoðaðir voru tveir valkostir um mögulega línuleið fyrir lagningu Korpulínu 1 í jarðstreng og þeir metnir eftir markmiðum raforkulaga og m.t.t. stefnu stjórvalda uppbyggingu flutningskerfisins og stefnu um lagningu raflína.

Ekki hefur verið lokið við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og er vel mögulegt að niðurstaða þeirrar valkostagreiningar sem þar verður unnin skili annarri niðurstöðu en hér er lýst. Verði það tilfellið verður viðkomandi valkostur kynntur í næstu útgáfu framkvæmdaáætlunar eða þá að lýsing á breyttu umfangi verður send Orkustofnun til kynningar.

Rökstuðningur verkefnis

Sá valkostur sem best uppfyllir markmið raforkulaga og stefnu stjórvalda um uppbyggingu flutningskerfisins og stefnu um lagningu raflína hefur verið valinn sem framlagður valkostur í framkvæmdaáætlun.

	Lýsing
--	--------

Hagkvæmni	Verkefninu er ætlað að uppfylla markmið um öryggi, skilvirkni og gæði raforku, en hefur ekki í för með sér beina aukningu á flutningsmagni. Því nær arðsemishugtakið ekki yfir verkefnið og hafa hefðbundnir arðsemisútreikningar ekki verið framkvæmdir.
Kostnaður	343 mkr.
Öryggi	Óveruleg áhrif.
Skilvirkni	Óveruleg áhrif.
Gæði	Óveruleg áhrif.
Áreiðanleiki afhendingar	Óveruleg áhrif.
Samræmi við stefnu um línutegund	Í fullu samræmi.
Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda	Í fullu samræmi.

TAFLA 3-95 : KO1 – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNIS

Tafla 3-95 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga, samkvæmt mælikvarða sem lýst er í kafla 3.1, og mat á því hvort verkefnið sé í samræmi við stefnur stjórnvalda. Einnig inniheldur hún fjárhagslegar upplýsingar um verkefnið. Matinu ásamt niðurstöðu valkostagreiningar er lýst nánar í Tafla 3-97, Tafla 3-98 og Tafla 3-99.


Lýsing á framkvæmd

Verkefnið felst í að leggja hluta Korpulínu 1 í jarðstreng frá stæðu 19 að núverandi strengendavirki við Korpu, alls 3,8 km.

Raflína

Atriði	Lýsing
Tegund	Nýr 132 kV jarðstrengur
Fjöldi	1
Lengd (km)	Jarðstrengur: 3,8 km
Nafnspenna	132 kV
Flutningseta	150 MVA

TAFLA 3-96 : KO1 – LÝSING FRAMKVÆMDAR, RAFLÍNA

Einlínemynd verkefnis

MYND 3-40 : EINLÍNUMYND KORPULÍNU 1

Mynd 3-40 sýnir einlínemynd af Korpulínu 1.

Fjárhagslegar upplýsingar um aðalvalkost

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	343 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	15 mkr.
Áhrif á flutningstöp	Óveruleg áhrif.
Áhrif á stórnottendur	
Hækkan á rekstrarkostnaði	5,2 mkr.
Aukning á afskriftum	5,2 mkr.
Aukning á leyfðum arði	17,0 mkr.
Samtals hækkan tekjumarka	27,4 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	0,3%
Áhrif á dreifiveitur	
Hækkan á rekstrarkostnaði	1,7 mkr.
Aukning á afskriftum	1,7 mkr.
Aukning á leyfðum arði	5,7 mkr.
Samtals hækkan tekjumarka	9,0 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	0,2%

TAFLA 3-97 : KO1 – FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Korpulína 1 er hluti af meginflutningskerfinu og því hefur framkvæmdin áhrif á gjaldskrá bæði fyrir dreifiveitur og stórnottendur. Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður 343 milljónir króna.


Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist 2020 og að þeim ljúki sama ár.

Tímaáætlun - Korpulína 1				
	2020 - Q1	2020 - Q2	2020 - Q3	2020 - Q4
Framkvæmdir			█	
Lokafrágangur og verklok			█	█
Spennusetning				◆

Markmið raforkulaga

Framkvæmt var mat á því hvernig áhrif framkvæmdarinnar eru á markmið raforkulaga.



MYND 3-41 : KORPULÍNA 1 – UPPFYLLING MARKMIÐA

Mynd 3-41 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig framkvæmdin uppfyllir markmið raforkulaga. Framkvæmdin er ekki talin hafa nein teljandi áhrif á markmið raforkulaga eins og sést á myndinni.

Áhrif framkvæmdar á flutningstöp

Áhrif á flutningstöp eru óveruleg þar sem verið er að skipta út loftlínu fyrir jarðstreng á sama spennustigi og svipaðri lengd.

Samræmi við stefnu stjórnvalda um línugerð

	Umsögn	Stig
Innan þéttbýlis?	Línan liggur innan skilgreinds þéttbýlis.	++
Nærri flugvelli?	Línan liggur ekki nærri flugvelli.	0
Liggur um þjóðgarð?	Línan liggur ekki um þjóðgarð.	0
Fer um annað friðland?	Línan fer ekki um annað friðland.	0
Kostnaður við jarðstreng meiri en 2x loftlína	Kostnaður 2,5 x meiri en við loftlínu innan þéttbýlis.	++

TAFLA 3-98 : KO1 – SAMRÆMI VIÐ STEFNU UM LÍNUGERÐ

Til að bera saman kostnað við jarðstrengslagnir var framkvæmt verðmat á sambærilegum 132 kV loftlínum, annars vega 4 km og hins vega 6 km.

Kostnaður við 4 km loftlínu er 135 milljónir króna og kostnaður við 6 km loftlínu er 198 milljónir króna.

Kostnaðarviðmið vegna jarðstrengslagna er ekki í gildi þar sem um þéttbýli er að ræða.

Verðið eru fengið úr verðbanka Landsnets og miðast við gengi evru 121,5 krónur og gengi Bandaríkjadollara 99 krónur.

Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda

	Umsögn	Stig
N-1 afhendingaröryggi á öllum afhendingarstöðum fyrir 2030.	Óveruleg áhrif	+/-
Innviðauppbýgging mætir þörfum fyrir orkuskipti.	Óveruleg áhrif	+/-
Heildstætt mat ávinningi jarðstrengslagna í kerfi þar sem hámarkslengd jarðstrengskafla er takmörkunum háð.	Ekki eru fyrir hendi tæknilegir annmarkar á strenglend	0
Forðast rask á friðlýstum svæðum og minjum í 61. gr. náttúruverndarlaga.	Framkvæmdir munu fylgja vegstæði.	++
Draga úr sjónrænum og umhverfisáhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja.	Línan verður lögð sem jarðstrengur.	++
Velja stæði þannig að sjónræn og önnur áhrif séu sem minnst.		
Línugötur í lágmarki. Raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir færar, m.a. m.t.t. kostnaðar og umhverfisáhrifa.	Línan mun fylgja vegstæði alla leið.	++
Jarðstrengi skal leggja svo sem kostur er meðfram vegum.	Línan mun fylgja vegstæði alla leið.	++
Nýta línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa,	Á ekki við.	0

Mat á afhendingaröryggi og kostnaði að tryggja það.	Endurnýjun búnaðar fyrir fæðingu höfuðborgarsvæðis.	++
Styrking og uppbygging m.t.t. þarfa allra landsmanna.	Tryggir afhendingaröryggi áhrifasvæði línumnar.	++
Flutningstakmarkanir hafi ekki áhrif á aðgengi. Horft verði til viðskiptahagsmunu.	Óbreytt ástand.	0
Tryggja hagkvæmt flutningsverð til kaupanda.	Sjá umfjöllun í langtímaáætlun kerfisáætlunar um áhrif fjárfestinga á gjaldskrá, kafli 6.	++

TAFLA 3-99 : KO1 – SAMRÆMI VIÐ ALMENN ATRIÐI Í STEFNU

Matið sýnir að framkvæmdin er í fullu samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Umhverfisáhrif eru talin óveruleg, þar sem framkvæmd mun fylgja vegstæði og fara ekki um verndarsvæði. Framkvæmdin fellur ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum ef hún liggur ekki um verndarsvæði.

3.3.5 Húsavík – ný tenging

Verkefnið snýr að uppsetningu á nýjum afhendingarstað fyrir raforku á Húsavík. Núverandi tenging Húsavíkur frá Laxá, Húsavíkurlína 1, er með allra elstu flutningslínúm í kerfinu og hefur um nokkurn tíma staðið fyrir dyrum að endurnýja tenginguna við bæinn. Nokkrir valkostir hafa verið skoðaðir í þeim eftirnum og stóð valið um að tengja bæjarfélagið frá nýjum afhendingarstað við væntanlegt iðnaðarsvæðið á Bakka, leggja nýja línu frá Kópaskerslínu 1 við Höfuðreiðarmúla, eða endurnýja núverandi tengingu frá Laxá.

Uppruni og meginmarkmið verkefnis

Uppruni verkefnisins er endurnýjunaráætlun Landsnets, en núverandi tenging Húsavíkur við flutningskerfið er eitt af elstu mannvirkjum í eignastofni fyrirtækisins og hefur verið afskrifuð að fullu frá árinu 2009.

Umfang verkefnis

Verkefnið snýr að uppsetningu á 11 kV aflrofum í tengivirkini á Bakka.

Rökstuðningur fyrir verkefni

	Lýsing
Hagkvæmni	Verkefninu er ætlað að uppfylla markmið um öryggi, skilvirkni og gæði raforku, en hefur ekki í för með sér beina aukningu á flutningsmagni. Markmiðið er ekki að auka arðsemi flutningskerfisins. Því hafa hefðbundnir arðsemisútreikningar ekki verið framkvæmdir.
Kostnaður	110 mkr.
Öryggi	Verulega jákvæð áhrif.
Skilvirkni	Verulega jákvæð.
Gæði	Óveruleg áhrif.
Áreiðanleiki afhendingar	Verulega jákvæð áhrif.
Samræmi við stefnu um línutegund	Á ekki við, þar sem verkefnið snýr eingöngu að uppsetningu aflrofa.
Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda	Í samræmi.

TAFLA 3-100 : HÚSAVÍK – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNIS

Tafla 3-100 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga, samkvæmt mælikvarða sem lýst er í kafla 3.1, og mat á því hvort verkefnið sé í samræmi við stefnur stjórnvalda. Einnig inniheldur hún fjárhagslegar upplýsingar um verkefnið. Matinu er lýst nánar í Tafla 3-102 og Tafla 3-103.

Lýsing á framkvæmd


Verkefnið felst í færslu á afhendingarstað Landsnets frá núverandi tengivirki á Húsavík yfir í nýtt tengivirki Landsnets að Bakka og að afhenda raforku á 11 kV spennu.

Tengivirki á Bakka

Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útvirkni)	Yfirbyggt
Spennustig í tengivirki	220/33/11
Fjöldi rofa	Verkefnið nær yfir uppsetningu á 3 11 kV rofum.
Teinafyrirkomulag	Einfaldur 11 kV teinn
Aflspennir	11 kV vaf í aflspenni
Flutningsgeta aflspennis	86/60/26 MVA
Umsetning aflspennis	220/33/11 KV

TAFLA 3-101 : HÚSAVÍK - BREYTINGAR Í TENGIVIRKI Á BAKKA

Einlínemynd verkefnis



MYND 3-42 : HÚSAVÍK – EINLÍNUMYND VERKEFNIS

Fjárhagslegar upplýsingar um aðalvalkost

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	110 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	Á ekki við
Áhrif á flutningstöp	Minnkun um 23% frá núverandi fæðingu.
Áhrif á dreifiveitur	
Hækkun á rekstrarkostnaði	2,2 mkr.


Aukning á afskriftum	2,8 mkr.
Aukning á leyfðum arði	7,6 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	12,6 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	0,2%

TAFLA 3-102 : HÚSAVÍK – FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á síðari hluta árs 2020 og að þeim ljúki ári seinna.

Tímaáætlun fyrir tengingu Húsavíkur			
	2020	2021	2022
Framkvæmdir		■	
Lokafrágangur og verklok		■	
Spennusetning			◆

Markmið raforkulaga

MYND 3-43 : HÚSAVÍK – UPPFYLLING MARKMIÐA


Á Mynd 3-43 sést að framkvæmdin hefur verulega jákvæði áhrif á öryggi. Það er tilkomíð vegna þess að hún leiðir beint af sér N-1 rekstur á Húsavík. Einnig eykst afhendingaröryggi á Húsavík sem leiðir til þess að framkvæmdin er metin hafa verulega jákvæð áhrif á markmið um áreiðanleiki afhendingar. Áhrif á gæði raforku eru metin óverulega jákvæð og er ástæða þess sú að spennusveiflur gætu haft

áhrif á spennugæði á Húsavík. Hvað varðar markmið um skilvirkni eru áhrifin metin verulega jákvæð af þeirri ástæðu að ný mannvirki á Bakka, í grennd við Húsavík eru nýtt sem viðbót við núverandi flutningslínu. og auka þannig skilvirkni kerfisins.

Óvissa ríkir um hvaða áhrif rekstur kísilvers hefur á spennugæði á Bakka, en mælingar á spennugæðum standa yfir.

Áhrif framkvæmdar á flutningstöp

Til að meta áhrif framkvæmdarinnar á flutningstöp eru borin saman hlutfallsleg flutningstöp við núverandi fæðingu Húsavíkur og við nýja 11 kV fæðingu frá Bakka.



MYND 3-44 : HLUTFALLSLEG FLUTNINGSTÖP TIL HÚSAVÍKUR

Mynd 3-44 sýnir muninn á flutningstöpum til Húsavíkur og við fæðingu frá tengivirknu á Bakka. Við 10 MW flutning eru töpin annars vegar 2,7% við núverandi 33 kV fæðingu, en myndu minnka í 2,1% við 11 kV fæðingu frá Bakka. Þetta er minnkun upp á 23%.

Áhrif framkvæmdar á afhendingaröryggi

Ekki er hægt að meta aukið afhendingaröryggi á Húsavík með sömu stuðlum og gert er fyrir línuframkvæmdir. Þó er ljóst að afhendingaröryggi mun aukast til muna, þar sem um verður að ræða N-1 afhendingu á Húsavík eftir að framkvæmdinni lýkur.

Samræmi við stefnu stjórvalda línugerð

Stefna stjórvalda um lagningu raflína á ekki við, þar sem einungis er um uppsetningu rofa í tengivirkni að ræða.

Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda

	Umsögn	Stig
N-1 afhendingaröryggi á öllum afhendingarstöðum fyrir 2040.	Framkvæmdin stuðlar beint að því að afhendingarstaðurinn á Húsavík verður rekinn með N-1 afhendingaröryggi.	++
Innviðauppbygging mætir þörfum fyrir orkuskipti.	Hefur óverulega áhrif.	+/-
Heildstætt mat ávinningi jarðstrengslagna í kerfi þar sem hámarkslengd jarðstrengskafla er takmörkunum háð.	Á ekki við.	0
Forðast rask á friðlýstum svæðum og minjum í 61. gr. náttúruverndarlaga.	Á ekki við.	0
Draga úr sjónrænum og umhverfisáhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja.	Á ekki við.	0
Velja stæði þannig að sjónræn og önnur áhrif séu sem minnst.		
Línugötur í lágmarki. Raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir færar, m.a. m.t.t. kostnaðar og umhverfisáhrifa.	Á ekki við.	0
Jarðstrengi skal leggja sem kostur er meðfram vegum.	Á ekki við.	0
Nýta línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa.	Á ekki við.	0
Mat á afhendingaröryggi og kostnaði að tryggja það.	Eykur afhendingaröryggi á Húsavík.	++
Styrking og uppbygging m.t.t. þarfa allra landsmanna.	Hluti af styrkingu á svæðisbundnu flutningskerfunum.	++
Flutningstakmarkanir hafi ekki áhrif á aðgengi. Horft verði til viðskiptahagsmunu.	Hefur jákvæð áhrif á aðgengi raforku á Húsavík.	+
Tryggja hagkvæmt flutningsverð til kaupanda.	Sjá umfjöllun í langtímaáætlun kerfisáætlunar um áhrif fjárfestinga á gjaldskrá, kafli 6.	++

TAFLA 3-103 : HÚSAVÍK – SAMRÆMI VIÐ ALMENN ATRIÐI Í STEFNU

Einungis sex almenn atriði eiga við um framkvæmdina. Af þeim hafa fjögur verulega jákvæð áhrif, eitt jákvæð og eitt óveruleg. Af þessu má draga þá ályktun að framkvæmdin sé í fullu samræmi við stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Framkvæmd liggur um iðnaðarsvæði og síðan opið svæði. Raflínan fer ekki nærri íbúðabyggð, nema við tengivirkið í Húsavík. Engin verndarsvæði eru á línuleiðinni. Áhrifin eru verulega jákvæð á atvinnuuppbyggingu en óveruleg á aðra umhverfisþætti.

3.3.6 Fitjar – Stakkur – ný tenging

Verkefnið, sem áður hét Fitjalína 3, snýst um lagningu 132 KV jarðstrengs frá tengivirkini Fitjum í Reykjanesskagi og að tengivirkini Stakki í Helguvík. Tilgangur tengingarinnar er að bæta tengingu Stakks við meginflutningskerfið, m.a. vegna fyrirhugaðs kísilvers Thorsil í Helguvík.

Uppruni verkefnis

Uppruni verkefnisins er tilkominn til að bæta flutningsgetu í svæðisbundna kerfinu á Suðurnesjum, m.a. vegna tengingar nýs notanda í Helguvík.

Upprunaleg afgreiðsla verkefnis

Verkefnið var upprunalega afgreitt í apríl 2016 með kerfisáætlun 2015-2024. Ekki hafa orðið neinar teljandi breytingar á umfangi verkefnisins frá þeim tíma.

Hluti af heildarkostnaði við verkefnið er tilkominn vegna niðurspenningar til notenda og mun sá hluti verða greiddur af notandanum í formi niðurspenningarálags. Í kerfisáætlun 2015-2024 var eingöngu tiltekinn sá framkvæmdakostnaður sem kemur til með að verða færður í eignastofn Landsnets, en niðurspenningarálag hefur ekki áhrif á tekjumörk. Í þessari áætlun er hins vegar gerð grein fyrir heildarframkvæmdakostnaði við verkefnið, en eingöngu sá hluti sem leggst við eignastofninn, um 800 milljónir, notaður í hagræna útreikninga, m.a. á þróun gjaldskrár og þjóðhagslegrar hagkvæmni.

Umfang verkefnis

Ný tenging í Stakk	
Raflína	132 KV jarðstrengur, alls 8,9 km langur.
Tengivirki	Stækkun á tengivirkini Stakki um 4 rofareiti og uppsetning á 3 stk. 132/33 KV, 50 MVA afspennum. Stækkun á tengivirkini á Fitjum um einn rofareit.

TAFLA 3-104 : FITJAR – UMFANG VERKEFNIS

Rökstuðningur verkefnis

Sá valkostur sem best uppfyllir markmið raforkulaga og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis og stefnu um lagningu raflína hefur verið valinn sem framlagður valkostur í framkvæmdaáætlun.

	Lýsing
Hagkvæmni	Reiknuð var út arðsemi vegna verkefnisins og er niðurstaða þess að ekki sé um kerfisframlag að ræða. Reiknuð arðsemi (IRR) er 7,59% miðað við 27% tekna.
Kostnaður	1.754 mkr.
Öryggi	Hefur verulega jákvæð áhrif
Skilvirkni	Hefur jákvæð áhrif
Gæði	Hefur óveruleg áhrif
Áreiðanleiki afhendingar	Hefur verulega jákvæð áhrif
Samræmi við stefnu um línutegund	Í fullu samræmi
Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda	Í fullu samræmi

TAFLA 3-105 : FITJAR – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNIS

Tafla 3-105 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga, samkvæmt mælikvarða sem lýst er í kafla 3.1, og mat á því hvort verkefnið sé í samræmi við stefnur stjórnvalda. Einnig inniheldur hún fjárhagslegar upplýsingar um verkefnið. Matinu er lýst nánar í Tafla 3-109, Tafla 3-110 og Tafla 3-111.


Lýsing á framkvæmd

Hér á eftir fer lýsing á þeim búnaði sem felst í umfangi verkefnisins.

Raflína

Atriði	Lýsing
Tegund	Jarðstrengur
Fjöldi	1
Lengd	8,9 km
Nafnspenna	132 kV
Flutningsgeta	160 MVA

TAFLA 3-106 : FITJAR – LÝSING FRAMKVÆMDAR, RAFLÍNA

Einlínemynd verkefnis

MYND 3-45 : EINLÍNUMYND STAKKSLÍNU 1

Mynd 3-45 sýnir einlínemynd af áætlaðri línu milli tengivirkjana Fitja og Stakks. Línan fylgir Fitjalínu 2.

Stakkur tengivirki – stækkun

Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útvirki)	Yfirbyggt virki
Spennustig í tengivirki	132 kV
Fjöldi nýrra rofareita	4
Teinafyrirkomulag	Einfaldur teinn
Aflspennar	3 stk.
Flutningsgeta aflspenna	50 MVA hver
Umsetning aflspenna	132/33 kV

TAFLA 3-107 : FITJAR – LÝSING FRAMKVÆMDAR, STAKKUR

Fitjar tengivirki - breyting

Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útvirki)	Yfirbyggt
Spennustig í tengivirki	132
Fjöldi nýrra rofareita	1
Teinafyrirkomulag	Tvöfaldur teinn
Aflspennar	Ekki er þörf á nýjum aflspenni.
Flutningsgeta aflspenna	Á ekki við.
Umsetning aflspenna	Á ekki við.

TAFLA 3-108 : FITJAR – LÝSING FRAMKVÆMDAR, FITJAR

Búnaður til launaflsútjöfnunar

Ekki er þörf á launaflsútjöfnun vegna strenglagnarinnar.

Fjárhagslegar upplýsingar um verkefni

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	1. 754 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	Á ekki við.
Áhrif á flutningstöp	Hefur ekki áhrif á flutningstöp.
Áhrif á stórnottendur	
Hækkun á rekstrarkostnaði	34,4 mkr.
Aukning á afskriftum	34,4 mkr.
Aukning á leyfðum arði	112,5 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	181,3 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	2,0%

TAFLA 3-109 : FITJAR – FJÁRHAGSLEGR UPPLÝSINGAR

Tafla 3-109 inniheldur fjárhagslegar upplýsingar um verkefnið. Þar sem verkefnið snýr að tengingu stórnottenda hefur það engin áhrif á gjaldskrá til dreifiveitna. Tengingu fylgir beint aukin flutningur sem stendur undir kostnaði af framkvæmdinni og er arður af fjárfestingunni reiknaður 7,59% miðað við að 27% af auknum flutningstekjum nýttist til að greiða niður framkvæmdina.

Tímaáætlun


Tímaáætlun gerir ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í lok árs 2020 og að spennusetning fari fram vorið 2022.

Tímaáætlun - Fitjar Stakkur - ný tenging			
	2020	2021	2022
Framkvæmdir			
Lokafrágangur og verklok			
Spennusetning			◆

Verkefnið er háð þeim fyrirvörum sem eru í samningum Thorsil við Landsnet og mun einungis koma til framkvæmda ef þeim samningsbundnu fyrirvörum er aflétt.

Markmið raforkulaga

Framkvæmd var greining á því hvernig framlagðir valkostir uppfylla markmið raforkulaga.



MYND 3-46 : FITJAR – STAKKUR – NÝ TENGING

Mynd 3-46 sýnir mat á því hvernig framkvæmdin uppfyllir markmið raforkulaga. Samkvæmt matinu hefur framkvæmdin jákvæð áhrif á öryggi og áreiðanleika afhendingar. Afhendingaröryggi í tengivirknu í Stakki eykst frá því sem nú er og áreiðanleiki afhendingar í Helguvík eykst vegna tvöföldunar tengingar. Skilvirkni eykst þar sem aukning flutningsgetu til Helguvíkur eykur möguleika á atvinnuuppbryggingu í Helguvík en framkvæmdin hefur ekki teljandi áhrif á gæði raforku.

Áhrif framkvæmdar á flutningstöp

Framkvæmdin hefur ekki áhrif á flutningstöp.

Áhrif framkvæmdar á afhendingaröryggi

Framkvæmdin eykur afhendingaröryggi í Helguvík, þar sem um N-1 rekstur verður að ræða í Stakki.

Samræmi við stefnu stjórnválda um línugerð

	Umsögn	Stig
Tilheyrir línulögnin landshlutakerfi raforku?	Já, jarðstrengur metinn alla leið.	++
Kostnaður við jarðstreng meiri en 2x loftlína	Kostnaður við jarðstreng 1,55 x meiri en við sambærilega loftlínu.	++

TAFLA 3-110 : FITJAR – SAMRÆMI VIÐ STEFNU UM LÍNUGERÐ

Taflan sýnir hvernig framkvæmdin uppfyllir stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Kostnaður vegna lagningar sambærilegrar loftlínu er fenginn úr verðbanka Landsnets.

Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda

	Umsögn	Stig
N-1 afhendingaröryggi á öllum afhendingarstöðum í svæðisbundnu flutningskerfunum fyrir 2040.	Stuðlar beint að N-1 rekstri afhendingastaðarins Stakks.	++
Innviðauppbýgging mætir þörfum fyrir orkuskipti.	Óveruleg áhrif.	+/-
Heildstætt mat ávinningi jarðstrengslagna í kerfi þar sem hámarkslengd jarðstrengskafla er takmörkunum háð.	Hámarkslengd jarðstrengsins er ekki háð takmörkunum.	0
Forðast rask á friðlýstum svæðum og minjum í 61. gr. náttúruverndarlaga**.	Á ekki við.	0
Draga úr sjónrænum og umhverfisáhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja. Velja stæði þannig að sjónræn og önnur áhrif séu sem minnst.	Jarðstrengur fylgir Fitjalínu 2.	++
Línugötur í lágmarki. Raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir eru færar, m.a. m.t.t. kostnaðar og umhverfisáhrifa.	Jarðstrengur fylgir Fitjalínu 2.	++
Jarðstrengi skal leggja svo sem kostur er meðfram vegum.	Jarðstrengur fylgir Fitjalínu 2.	++
Nýta línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa.	Jarðstrengur fylgir Fitjalínu 2.	++
Mat á afhendingaröryggi og kostnaði að tryggja það.	Afhendingaröryggi í Stakki eykst	+
Styrking og uppbýgging m.t.t. þarfa allra landsmanna.	Hluti af styrkingu svæðisbundna flutningskerfisins á Suðurnesjum.	+
Flutningstakmarkanir hafi ekki áhrif á aðgengi. Horft verði til viðskiptahagsmunu.	Afhendingargeta Stakks eykst við framkvæmdina sem eykur aðgengi að raforku á svæðinu.	++
Tryggja hagkvæmt flutningsverð til kaupanda.	Sjá umfjöllun í langtímaáætlun kerfisáætlunar um áhrif fjárfestinga á gjaldskrá, kafli 6.	++

TAFLA 3-111 : FITJAR – SAMRÆMI VIÐ ALMENN ATRIÐI Í STEFNU

Framkvæmdin hefur verulega jákvæð áhrif á flest þau almennu atriði sem við eiga í stefnu um uppbýggingu flutningskerfisins.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Umhverfisáhrif línulagnarinnar eru óveruleg þar sem hún fylgir að öllu leyti núverandi línugötu Fitjalínu 2.

3.4 Framkvæmdir 2021

3.4.1 Vopnafjarðarlína 1 - endurbætur á línu

Verkefnið snýr að endurbótum á Vopnafjarðarlínu 1 sem er hluti af svæðisbundna flutningskerfinu á Austurlandi. Verkefnið gengur út á að breyta línum, sem er 66 kV háspennulína, er liggur frá tengivirkini við Lagarfoss að tengivirki rétt við Vopnafjarðarbæ, í þeim tilgangi að auka afhendingaröryggi á Vopnafirði og einnig til að minnka slysahættu við rekstur og viðhald línum. Línan er tréstauralína og er heildarlengd rúmlega 58 km. Hún liggur meðfram Lagarfljóti og Jökulsá Brú í Hróarstungu í átt til sjávar. Línan þverar Hellisheiði eystri og fer niður Skinnugil og upp Búrið, sem er afar torfarið og hættulegt á veturna. Ofan af Hellisheiði eystri liggur línan inn Vopnafjörð og í tengivirkioð norðan megin við fjörðinn. Línan var tekin í notkun árið 1980.

Uppluni verkefnis

Verkefnið er hluti af endurnýjunaráætlun Landsnets og snýr að hlutaendurnýjun á 66 kV háspennulínu. Á Hellisheiði eystri er Vopnafjarðarlína 1 sem er eina tenging Vopnafjarðar við meginflutningskerfið. Línan er útsett fyrir mikilli ísingu á köflum ásamt því að liggja um svæði þar sem búast má við snjóflóðum. Í ljósi þessara ástæðna hefur verið skoðað, hvort auka megi persónuöryggi starfsmanna, sem sinna viðhaldi og rekstri línum, ásamt því að fækka rekstrartruflunum og minnka kostnað vegna erfiðra og áhættusamra viðgerða við slæmar aðstæður. Línan liggur yfir fjallgarð með bröttum hlíðum og hafa skapast afar erfiðar aðstæður við lagfæringer á línum, þegar hún hefur skaðast í slæmum veðrum. Einkum er erfitt að ferðast að línum á svokölluðu Búri þar sem fara þarf um brattar fjallshlíðar og oft í miklum snjó með tilheyrandi snjóflóðahættu.

Línan er tæplega 40 ára gömul og á enn töluvert eftir af skilgreindum líftíma (50 ár). Reiknaður heilsufarsstuðull bendir til að línan sé í þokkalegu ástandi, en hún hefur þó farið nokkru sinnum úr rekstri vegna veðurs og skemmda á undanförnum árum. Undanfarin 10 ár hafa verið nokkrar truflanir og bilanir á línum, en árið 2014 var erfitt rekstrarár, þegar línan bilaði átta sinnum og þurfti að ráðast í umfangsmiklar viðgerðir á henni. Viðvarandi ísinga- og stormverður var á NA-landi frá áramótum og fram í apríl það ár. Aðstæður til viðgerða voru afar erfiðar, mikil snjóflóðahætta og mjög erfitt að komast um svæðið með búnað til viðgerða. Persónuöryggi starfsmanna var ógnað og urðu tafir á viðgerðum af þeim völdum.

Framkvæmt var áhættumat fyrir línum, þar sem metnar voru líkur á bilunum ákveðnum hlutum hennar og afleiðingar þeirra út frá áhættumatsferli Landsnets.

Niðurstaða matsins sýnir, að veruleg áhætta er á, að alvarleg slys geti átt sér stað við rekstur línum og áframhaldandi rekstrartruflunum, ef ekki verður að gert. Alls voru 7 atvik á rauðu (hæsta alvarleikastig) og 5 atvik af næst hæsta alvarleikastigi. Áhættumatið var svo endurtekið þegar búið var að gera ráð fyrir jarðstreng samkvæmt tillögu sem lýst er í aðalvalkosti, frá stæðu nr. 196 og að stæðu 274. Endurtekið áhættumat sýnir að verulega dregur úr hættu starfsmanna og mögulegum rekstrartruflunum við strenglagningu línum á þessum stað og eru engin atvik lengur af tveimur alvarlegustu alvarleikastigum.

Umfang verkefnis

Verkefnið snýst um að leggja jarðstreng frá stæðu 196 rétt norðan við veginn yfir Hellisheiði, að mestu meðfram veginum yfir heiðina að stæðu númer 274 undir Vindfellshálsi. Leiðin er u.p.b. 9,6 km löng, þar sem hún fer yfir Hellisheiði eystri og niður í Vopnafjörð. Að breyta línunni að hluta í jarðstreng er í samræmi við stefnu stjórnvalda um lagningu raflína og eykur persónuöryggi þeirra starfsmanna er sinna línu viðhaldi. Gera má ráð fyrir að áhrif veðurs á rekstur línunnar minnki og þar með er öryggi raforkuflutnings aukið.

Rökstuðningur verkefnis

Sá valkostur sem best uppfyllir markmið raforkulaga og er í samræmi við stefnu stjórnvalda um uppbryggingu flutningskerfisins og stefnu um lagningu raflína hefur verið valinn sem framlagður aðalvalkostur í framkvæmdaáætlun. Það er einnig sá valkostur sem hefur í för með sér mest jákvæð áhrif á persónuöryggi starfsmanna sem sinna viðhaldi og viðgerðum á línunni sem er ein af aðalástæðum þess að ákveðið var að ráðast í framkvæmdina.


	Lýsing
Hagkvæmni	Verkefninu er ætlað að uppfylla markmið um öryggi, skilvirkni og gæði raforku, en hefur ekki í för með sér beina aukningu á flutningsmagni. Kostnaður vegna útitíma línunnar síðustu 10 ár er metin á 200 milljónir.
Heildarkostnaður	490 mkr. með niðurrifi loftlínukaflans.
Öryggi	Hefur verulega jákvæð áhrif.
Skilvirkni	Hefur óveruleg áhrif.
Gæði	Hefur óveruleg áhrif.
Áreiðanleiki afhendingar	Hefur verulega jákvæð áhrif.
Samræmi við stefnu um línutegund	Í fullu samræmi.
Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda	Í fullu samræmi.

TAFLA 3-112 : VP1 – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNIÐ

Tafla 3-112 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga, samkvæmt mælikvarða sem lýst er í kafla 3.1, og mat á því hvort verkefnið sé í samræmi við stefnur stjórnvalda. Einnig inniheldur hún fjárhagslegar upplýsingar um verkefnið. Matinu ásamt niðurstöðu valkostagreiningar er lýst nánar í Tafla 3-114, Tafla 3-115 og Tafla 3-116.

Lýsing á framkvæmd

Verkefnið felst í að leggja hluta línunnar í jörð, þar sem hún fer yfir Hellisheiði eystri, samtals um 10 km. Tveimur möstrum í línunni verður breytt í endamöstur þar sem línan fer úr loftlinu í jarðstreng og síðan aftur í loftlinu. Settur verður upp samtengibúnaður fyrir loftlinu og jarðstreng á þessum tveimur stöðum.

Einlínemynd verkefnis

MYND 3-47 : EINLÍNUMYND AF VP1 SEM VERKEFNIÐ NÆR YFIR

Mynd 3-47 sýnir einlínemynd af Vopnafjarðarlínu 1. Jarðstrengsleiðin fylgir að mestu núverandi þjóðvegi, þar sem hann fer yfir heiðina, en þverar veginn á nokkrum stöðum til að krækja hjá giljum og bröttu landi. Vestan við Dalsá, norðan við Eyvindarstaði, mun strengurinn liggja eftir gömlum vegi að þeim stað sem hann tengist loftlínunni.

Raflína

Atriði	Lýsing
Tegund	Jarðstrengur
Fjöldi	1
Lengd (km)	U.p.b. 10 km
Nafnspenna	66 kV
Flutningsgeta	54 MVA

TAFLA 3-113 : VP1 – LÝSING FRAMKVÆMDAR

Búnaður til launaflsútjöfnunar

Ekki er þörf á sérstökum búnaði til launaflsútjöfnunar.

Fjárhagslegar upplýsingar um aðalvalkost

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	490 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	35 mkr.
Áhrif á flutningstöp	Óveruleg áhrif.
Áhrif á dreifiveiturn	
Hækkun á rekstrarkostnaði	9,4 mkr.
Aukning á afskriftum	9,4 mkr.
Aukning á leyfðum arði	32,6 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	51,4 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	1,0%

TAFLA 3-114 : VP1 – FJÁRHAGSLEGR UPPLÝSINGAR

Tafla 3-114 sýnir fjárhagsleg áhrif af fjárfestingunni sem fylgir verkefninu. Áhrifin koma eingöngu fram í gjaldskrá til dreifiveitna, þar sem að Vopnafjarðarlína 1 er hluti af svæðisbundna flutningskerfinu á Austfjörðum. Heildarkostnaður við verkefnið er 490 milljónir króna.

Vopnafjarðarlína hefur verið úti í tæpa 18 sólarhringa síðan 2007. Á tímabilinu janúar – febrúar 2014 var línan úti í tæpa 10 sólarhringa af þessum 18. Heildarkostnaður vegna þessa er skv. tölum frá START hópnum um 175 milljónir króna. Ástæðan fyrir því að kostnaðurinn er ekki hærri en raun ber vitni, er sú að á Vopnafirði er 6 MW varaflsstöð. Hún hefur á þessum tíma framleitt um 1.100 MWh með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda. Beinn kostnaður vegna þessa er áætlaður um 32 milljónir króna.

Heildarkostnaður vegna útleysinga á VP1 er því rúmar 200 milljónir króna síðan 2007.


Tímaáætlun

Áætlað er að framkvæmdir hefjist vorið 2020 og línan verði spennusett þá um haustið. Lokafrágangi eftir framkvæmdir mun ljúka á vordögum 2021.

Tímaáætlun fyrir Vopnafjarðarlínu 1		
	2021	2022
Framkvæmdir		
Lokafrágangur og verklok		
Spennusetning		◆

Markmið raforkulaga

Framkvæmd var greining á því hvernig báðir valkostir uppfylla markmið raforkulaga.



MYND 3-48 : VP1 - UPPFYLLING MARKMIÐA RAFORKULAGA

Mynd 3-48 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig framkvæmdin uppfyllir markmið raforkulaga. Framkvæmdin er talin hafa jákvæð áhrif á markmið um öryggi og áreiðanleika afhendingar þar sem afhendingaröryggi eykst vegna þess að gert er ráð fyrir verulegri fækkan truflana vegna veðurs. Áhrif á gæði raforku og skilvirkni eru talin vera óveruleg.

Áhrif framkvæmdar á flutningstöp

Framkvæmdin hefur ekki áhrif á flutningstöp.

Áhrif framkvæmdar á afhendingaröryggi

Þeir stuðlar sem notaðir eru við að meta afhendingaröryggi breytast ekki þar sem eingöngu er um hlutaendurnýjun línu að ræða. Þó má reikna með bættu afhendingaröryggi á Vopnafirði þar sem erfiðum hluta línunnar sem er útsettur fyrir ísingu verður breytt í jarðstrengslögn.

Samræmi við stefnu stjórvalda um línugerð

	Umsögn	Stig
Tilheyrir línlögnum landshlutakerfi raforku?	Já, jarðstrengur metinn alla leið.	++
Kostnaður við jarðstreng meiri en 2x loftlína.	Kostnaður við jarðstreng 1,03 x meiri en við loftlínu.	++

TAFLA 3-115 : VP1 – SAMRÆMI VIÐ STEFNU UM LÍNUGERÐ

Tafla 3-115 staðfestir að strenglagning lína í svæðisbundnu flutningskerfunum við endurnýjun er í samræmi við stefnu stjórvalda um lagningu raflína. Skv. stefnunni má jarðstrengslögn ekki vera meira


en tvisvar sinnum dýrari en sambærileg loftlína. Verðið er fengið úr verðbanka Landsnets og miðast við kostnað vegna lagningar nýrrar 66 kV loftlínu við svipaðar aðstæður og eru á viðkomandi verkstað. Skv. verðbankanum er verð nýrrar loftlínu 485 milljónir króna sem er 103% af verði jarðstrengslagnarina. Jarðstrengslagningin er því í samræmi við stefnu stjórnvalda um línugerð.

Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda

	Umsögn	Stig
N-1 afhendingaröryggi á öllum afhendingarstöðum fyrir 2030.	Óveruleg áhrif.	+/-
Innviðauppbýgging mætir þörfum fyrir orkuskipti.	Óveruleg áhrif.	+/-
Heildstætt mat ávinningi jarðstrengslagna í kerfi þar sem hámarkslengd jarðstrengskafla er takmörkunum háð.	Ekki eru fyrir hendi tæknilegir annmarkar á strenglend.	0
Forðast rask á friðlýstum svæðum og minjum í 61. gr. náttúruverndarlaga.	Framkvæmdir munu fylgja vegstæði að mestu.	++
Draga úr sjónrænum og umhverfisáhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja. Velja stæði þannig að sjónræn og önnur áhrif séu sem minnst.	Línan verður lögð sem jarðstrengur.	++
Línugötur í lágmarki. Raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir færar, m.a. m.t.t. kostnaðar og umhverfisáhrifa.	Línan mun fylgja vegstæði að hluta.	+
Jarðstrengi skal leggja svo sem kostur er meðfram vegum.	Línan mun fylgja vegstæði að hluta.	+
Nýta línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa.	Á ekki við.	0
Mat á afhendingaröryggi og kostnaði að tryggja það.	Endurnýjun búnaðar fyrir fæðingu Vopnafjarðar.	++
Styrking og uppbýgging m.t.t. þarfa allra landsmanna.	Aukið afhendingaröryggi áhrifasvæði línumannar.	+
Flutningstakmarkanir hafi ekki áhrif á aðgengi. Horft verði til viðskiptahagsmunu.	Óbreytt ástand.	0
Tryggja hagkvæmt flutningsverð til kaupanda.	Sjá umfjöllun í langtímaáætlun kerfisáætlunar um áhrif fjárfestinga á gjaldskrá, kafli 6.	+

TAFLA 3-116 : VP1 – SAMRÆMI VIÐ ALMENN ATRIÐI Í STEFNU

Verkefnið er í samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda um uppbýggingu flutningskerfis. Áhrif þess eru metin frá því að vera óveruleg og upp í það að vera verulega jákvæð.

Umhverfisáhrif valkosta

MYND 3-49 : VP1 - MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Umhverfisáhrif verkefnisins kunna að verða neikvæð á lífríki og snýr það fyrst og fremst að vistgerðum sem eru á eða í nágrenni áhrifasvæðis. Nokkrar vistgerðir eru með hátt verndargildi. Huga þarf að þeim þegar endanleg lega er ákveðin. Að öðru leyti fer strengur ekki nálægt verndarsvæðum. Óvissa er um menningarminjar. Atvinnuuppbrygging, sem sést ekki á grafi, er talin verða fyrir jákvæðum áhrifum.

3.4.2 Akraneslína 2

Verkefnið snýr að endurnýjun flutningslínu í svæðisbundna flutningskerfinu á Vesturlandi. Akranes er í dag tengt við meginflutningskerfið með tveimur 66 kV flutningslínum. Annars vegar með Akraneslínu 1 sem er 66 kV jarðstrengur á milli Akraness og Brennimels og hins vegar með Vatnshamralínu 2 (hét áður Andakíslína 1) sem er 66 kV loftlína á milli Akraness og Vatnshamra. Línan er yfir 50 ára gömul og þarfnað endurnýjunar. Endurnýjuð tenging Akraness við meginflutningskerfið mun hljóta nafnið Akraneslína 2 (AK2).

Landsneti hefur borist erindi frá Akranesbæ um að fjarlægja Vatnshamralínu 2 á um 4 km kafla þar sem gert er ráð fyrir iðnaðarsvæði norðaustan við bæinn. Því hefur verið ákveðið að skipta framkvæmdinni upp í two áfangi. Sá fyrri nær yfir strenglagningu Vatnshamralínu 2 á um 4 km leið við Akranes. Síðari áfanginn er svo áframhaldandi lagning jarðstrengs að tengivirki á Brennimel og endurnýjun á 132/66 kV spenni á Brennimel, ásamt niðurrifi á Vatnshamralínu 2.

Uppruni og meginmarkmið verkefnis

Verkefnið er hluti af endurnýjunaráætlun Landsnets, en hlutverk endurnýjunaráætlunar er að hámarka afhendingaröryggi í flutningskerfinu, tryggja samfellu í endurnýjun núverandi eigna í flutningskerfinu og lágmarka þannig uppsafnaðan vanda vegna endurnýjunarþarfar. Meginmarkmið verkefnisins er að viðhalda afhendingaröryggi á Akranesi og tryggja að flutningskerfið standi ekki í veki fyrir atvinnuuppbryggingu á svæðinu.

Umfang verkefnis

Verkefnið snýst um endurnýjun á tvítengingu Akraness, sem er lagning á 66 kV jarðstreng milli Brennimels og Akraness.

Rökstuðningur verkefnis

Metið hefur verið hvernig framkvæmdin uppfyllir meginmarkmið verkefnisins ásamt þeim markmiðum sem skilgreind eru í raforkulögum og stefnu stjórvalda um uppbryggingu flutningskerfisins.


	Lýsing
Heildarkostnaður	923 mkr.
Öryggi	Hefur jákvæð áhrif á öryggi
Áreiðanleiki afhendingar	Hefur jákvæð áhrif áreiðanleika afhendingar
Gæði raforku	Hefur jákvæð áhrif á gæði raforku
Skilvirkni	Hefur jákvæð áhrif á skilvirkni
Hagkvæmni	Hefur jákvæð áhrif á hagkvæmni
Samræmi við stefnu um línutegund	Í fullu samræmi
Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórvalda	Í fullu samræmi

TAFLA 3-117 : AK2 – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNAS

Tafla 3-117 inniheldur mat á því hvernig framkvæmdin er talin uppfylla þau markmið sem sett eru fram í raforkulögum ásamt stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Mat á því hvernig framkvæmdin uppfyllir markmið raforkulaga má sjá á Mynd 3-52 og mat á samræmi við stefnu stjórnvalda í töflum Tafla 3-132 og Tafla 3-133 ásamt undirkarflanum *niðurstaða valkostagreiningar*.

Lýsing á framkvæmd

Lagning 66 kV jarðstrengs á milli Akraness og Brennimels um 20 km leið. Einnig verður Vatnshamralína 2 rifin niður.

Einlínemynd verkefnis

MYND 3-50 : AK2 – EINLÍNUMYND

Raflína

Atriði	Lýsing
Tegund	Jarðstrengur
Fjöldi	1
Lengd (km)	20 km
Nafnspenna	66
Flutningsgeta	Um 45 MW

TAFLA 3-118 : AK2 – LÝSING FRAMKVÆMDAR

Búnaður til launaflsútjöfnunar

Ekki er þörf á launaflsútjöfnun.

Fjárhagslegar upplýsingar um aðalvalkost

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	923 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	75 mkr.
Áhrif á flutningstöp	85% lækkun
Áhrif á tekjumörk dreifiveitna	

Hækkun á rekstrarkostnaði	16,7 mkr.
Aukning á afskriftum	16,7 mkr.
Aukning á leyfðum arði	57,1 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	90,6 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	1,3%

TAFLA 3-119 : AK2 – FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Tímaáætlun

Áætlað er að framkvæmdir hefjist í maí 2021 og ljúki um mánaðamótin september/október.

Tímaáætlun - Akraneslína 2				
	2021 - Q1	2021 - Q2	2021 - Q3	2021 - Q4
Framkvæmdir			■	
Lokafrágangur og verklok			■	
Spennusetning				◆

Valkostagreining

Alls voru teknir þrír meginvalkostir til skoðunar vegna nýrrar tengingar inn á Akranes. Auk aðalvalkosts var skoðaður sá möguleiki að leggja 132 kV jarðstreng sömu leið, sem og að leggja 66 kV jarðstreng milli Akraness og Vatnshamra.

Valkostur 1 – endurnýjun Vatnshamralínu 2	
Raflína	Lagning 66 kV á milli Akraness og Vatnshamra um 42 km leið í línuleið Vatnshamralínu 2. Niðurrif Vatnshamralínu 2.
Valkostur 2 – nýr strengur (Aðalvalkostur)	
Raflína	Lagning 66 kV jarðstrengs á milli Akraness og Brennimels um 20 km leið. Niðurrif Vatnshamralínu 2.
Valkostur 3 – nýr strengur	
Raflína	Lagning 132 kV jarðstrengs á milli Akraness og Brennimels um 20 km leið. Niðurrif Vatnshamralínu 2.

TAFLA 3-120 : AK2 – LÝSING VALKOSTA

Fjárhagslegur samanburður valkosta

	Valkostur 1	Valkostur 2 (AV)	Valkostur 3
Heildarfjárfestingarkostnaður mkr. Kostnaður við fyrsta áfanga í sviga	1.796 mkr.	923	1.350 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra (greitt sem rekstrarkostnaður)	75 mkr.	75 mkr.	75 mkr.

Áhrif á flutningstöp	38% lækkun	85% lækkun	93% lækkun
Áhrif á tekjumörk dreifiveitna			
Hækkun á rekstrarkostnaði	35,9 mkr.	16,7 mkr.	27,0 mkr.
Aukning á afskriftum	35,9 mkr.	16,7 mkr.	27,0 mkr.
Aukning á leyfðum arði	122,5 mkr.	57,1 mkr.	92,1 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	194,3 mkr.	90,6 mkr.	146,1 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	2,9%	1,3%	2,2%

TAFLA 3-121 : AK2 – FJÁRHAGSLEGUR SAMANBURÐUR VALKOSTA

Markmið raforkulaga**Öryggi**

Lagt hefur verið mat á það hvernig valkosturinn uppfyllir markmið um öryggi. Sem liður í matinu hefur grunnástand öryggis verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir öryggi.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþátta fyrir öryggi			
	Lítið		Miðlungs	Mikið
Tvítenging afhendingarstaða			X	
Stöðugleiki		X		
Náttúrvá				X

TAFLA 3-122 : AK2 – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSÞÁTTA FYRIR ÖRYGGI

Tafla 3-122 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi matsþátta sem ná yfir öryggi. Grunnástand *Tvítengingar afhendingarstaða* er metið sem miðlungs þar sem tengivirknið á Akranesi tengist við meginflutningskerfið með tveimur flutningslínum. Ástæða þess að það er ekki metið í hæsta flokki er takmörkuð flutningsgeta AK1 og VA2 ásamt háu viðnámi í VA2. Grunnástand *Stöðugleika* er metið í næstlægsta flokki, en útleysing á annarri hvorri línu inn á Akranes getur valdið talsverðum óstöðugleika sem getur komið af stað keðjuverkandi útleysingum á svæðinu. Matsþátturinn *Náttúrvá* er ekki metinn fyrir línuleiðina.

Með greiningum eru áhrif skoðaðra valkosta á matsþætti öryggis metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1				Valkostur 2				Valkostur 3			
	L	M	H	L	M	H	L	M	H	L	M	H
Tvítenging afhendingarstaða		X				X				X		
Stöðugleiki		X					X				X	
Náttúrvá	X			X				X				

TAFLA 3-123 : AK2 – MAT Á EINKENNUM ÁHRIFA VALKOSTA Á ÖRYGGI

Tafla 3-123 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa skoðaðra valkosta eru á matsþætti fyrir öryggi. Eins og sést á töflunni eru áhrif valkostanna á *Tvítengingar afhendingarstaða* metin undir meðallagi fyrir alla þrijá valkosti. Ástæður þess eru að ekki bætist við ný flutningsleið, heldur eykst flutningsgeta að svæðinu sem talið er auka afhendingaröryggi á svæðinu. Stöðugleiki mun ekki aukast fyrir valkost 1 þar sem strengurinn yrði lagður sömu leið að tengivirkini í Vatnshömrum. Stöðugleiki fyrir valkost 2 og 3 er metinn yfir meðallagi þar sem viðnám nýrrar flutningsleiðar er töluvert lægra samanborið við grunnástandið. Einnig eru taldar minni líkur á mislestun flutningslína fyrir valkost 2 og 3 samanborið við valkost 1.

Áreiðanleiki afhendingar

Lagt hefur verið mat á það hvernig skoðaðir valkostir uppfylla markmið um áreiðanleika afhendingar. Grunnástand hefur verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir áreiðanleika afhendingar.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþátta fyrir áreiðanleika afhendingar				
	Lágt		Miðlungs		Mikið
Flöskuhálsar		X			
Ótiltæki			X		
Áreiðanleikastuðlar		X			

TAFLA 3-124 : AK2 – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSPÁTTA FYRIR ÁREIÐANLEIKA AFHENDINGAR

Tafla 3-124 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi matsþátta sem ná yfir áreiðanleika afhendingar. Grunnástand fyrir *Flöskuhálsa* er metið undir meðallagi vegna takmarkandi flutningsgetu inn á svæðið þar sem VA2 er rekin opin til að koma í veg fyrir gegnumflæði. Grunnástand fyrir *Ótiltæki* og *Áreiðanleikastuðla* er metið miðlungs þar sem truflanir á AK1 valda skerðingum á orkuafhendingu.

Með greiningum eru áhrif valkostanna á matsþætti áreiðanleika afhendingar metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1			Valkostur 2			Valkostur 3		
	L	M	H	L	M	H	L	M	H
Flöskuhálsar	X					X			X
Ótiltæki		X			X			X	
Áreiðanleikastuðlar		X			X			X	

TAFLA 3-125 : AK2 – MAT Á EINKENNUM ÁHRIFA VALKOSTA ÁREIÐANLEIKA AFHENDINGAR

Tafla 3-125 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á matsþætti fyrir áreiðanleika afhendingar. Áhrif valkosts 1 á *Flöskuhálsa* eru metin undir meðallagi þar sem hætta er á gegnumflæði um Akranes að Vatnshömrum eins og í tilfelli VA2. Áhrif valkosta 2 og 3 á *Flöskuhálsa* eru metin yfir meðallagi þar sem litlar líkur eru á flutningstakmörkum inn á svæðið. Áhrif allra valkosta á *Ótiltæki* eru metin miðlungs þar sem útleysing einnar krítískrar einingar ógnar ekki öryggi svæðisins. Áhrif allra valkosta *Áreiðanleikastuðla* eru metin miðlungs þar sem stuðlar fyrir jarðstrengi eru lægri en fyrir loftlinur.

Gæði raforku

Lagt hefur verið mat á það hvernig valkostir uppfylla markmið um gæði raforku. Grunnástand öryggis hefur verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir gæði raforku.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþátta fyrir gæði raforku				
	Lítið		Miðlungs		Mikið
Kerfisstyrkur			X		
Spennusveiflur/spennuþrep			X		
Afhendingarspenna/vikmörk				X	

TAFLA 3-126 : AK2 – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSPÁTTA FYRIR GÆÐI RAFORKU

Tafla 3-126 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi allra matsþátta sem ná yfir gæði raforku. Grunnástand fyrir *Kerfisstyrk* er metið miðlungs þar sem skammhlaupsafl á svæðinu er frekar lágt. Grunnástand fyrir *Spennusveiflur/spennuþrep* er metið miðlungs þar sem töluverðar líkur eru á spennusveiflum í truflanatvikum. Fyrir *Afhendingarspennu/vikmörk* er grunnástandið metið töluvert

og er ástæða þess sú að þrátt fyrir lágt skammhlaupsafl helst afhendingarspenna innan vikmarka að mestu leyti.

Með greiningum eru áhrif uppstilltra valkosta á matsþætti gæða raforku metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1			Valkostur 2			Valkostur 3		
	L	M	H	L	M	H	L	M	H
Kerfisstyrkur		X			X				X
Spennusveiflur/spennuþrep		X			X			X	
Afhendingaspenna/vikmörk			X			X			X

TAFLA 3-127 : AK2 – MAT Á EINKENNUM ÁHRIFA VALKOSTA Á GÆÐI RAFORKU

Tafla 3-127 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á matsþætti fyrir gæði raforku. Eins og sést á töflunni eru áhrif valkosta á kerfisstyrk miðlings eða töluberð. Fyrir valkost 1 og 2 hækkar skammhlaupsafl lítillega og eru því áhrifin metin miðlings. Fyrir valkost 3 hækkar skammhlaupsafl töluberð og eru áhrifin því metin töluberð. Áhrif allra valkosta á *Spennusveiflur/spennuþrep* eru metin miðlings þar sem búast má við minni spennusveiflum/spennuþrepum þar sem tvær sterkar tengingar tengja afhendingarstaðinn við meginflutningskerfið. Áhrif allra valkosta á *Afhendingaspennu/vikmörk* eru metin töluberð og er ástæða þess sú að rekstrarspenna á svæðinu verður stöðugri vegna hærra skammhlaupsafls.

Skilvirkni

Lagt hefur verið mat á það hvernig valkosturinn uppfyllir markmið um skilvirkni. Grunnástand hefur verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir skilvirkni.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþátta fyrir skilvirkni				
	Lágt		Miðlungs		Mikið
Flutningstöp			X		
Flutningsgeta	X				
Nýting virkjana					X

TAFLA 3-128 : AK2 – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSPÁTTA FYRIR SKILVIRKNI

Tafla 3-128 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi matsþátta sem ná yfir skilvirkni. Eins og sést í töflunni er grunnástand *Flutningstapa* metið lágt. Ástæða þessa er sú að flutningur um línuma liggur nálægt flutningsmörkum loftlinuhlutans sem þýðir að hlutfallsleg flutningstöp eru há. Það sama gildir um grunnástand fyrir *Flutningsgetu*, en það er metið lágt sökum þeirra flutningstakmarkana sem loftlinuhlutum línumnar orsakar. Grunnástand fyrir *nýtingu virkjana* er ekki metið fyrir AK2, þar sem línan hefur lítil sem engin áhrif á þann matsþátt.

Með greiningum eru áhrif valkostanna á matsþætti skilvirkni metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1				Valkostur 2				Valkostur 3			
	L	M	H	L	M	H	L	M	H	L	M	H
Flutningstöp			X					X				X
Flutningsgeta			X					X				X
Nýting virkjana	X			X			X					

TAFLA 3-129 : AK2 – MAT Á EINKENNUM ÁHRIFA VALKOSTA Á SKILVIRKNI

Tafla 3-129 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á matsþætti fyrir skilvirkni. Eins og sést á töflunni eru áhrif valkostanna á *Flutningstöp* talsverð og há fyrir alla valkosti þar sem verið er að skipta út langri og gamalli loftlínu fyrir jarðstrengi. Áhrif valkostanna á *Flutningsgetu* eru einnig metin nokkuð hátt fyrir valkost 1 og hátt fyrir valkost 2 og 3 þar sem hægt er að bæta við á bilinu 23–50 MW flutningi inn á Akranes. Áhrif valkosta á matsþáttinn *Nýtingu virkjana* eru lítil þar sem hann er ekki metinn hérlendis.

Hagkvæmni

Lagt hefur verið mat á það hvernig valkosturinn uppfyllir markmið um hagkvæmni. Grunnástand hefur verið metið fyrir alla matsþætti sem nái yfir hagkvæmni.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþáttu fyrir hagkvæmni				
	Lítið		Miðlungs		Hátt
Truflanir og skerðingar					X
Losun gróðurhúsalofttegunda				X	
Aukning flutningsmagns		X			

TAFLA 3-130 : AK2 – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSÞÁTTA FYRIR HAGKVÆMNI

Tafla 3-130 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi allra matsþáttu sem nái yfir skilvirkni. Eins og sést á töflunni er grunnástand fyrir matsþáttinn *Truflanir og skerðingar* metið hátt þar sem skerðingar hafa verið mjög litlar síðustu ár vegna tvítengingar Akraness. Grunnástand fyrir *Losun gróðurhúsalofttegunda* er metið talsvert og er ástæða þess engin varaafslkeyrsla en það er bara meðalsvigrum til orkuskipta. Grunnástand fyrir matsþáttinn *Aukning flutningsmagns* er metið nokkuð lágt og er ástæða þess að ekki er mögulegt að bæta við stórnotkun (fjólublátt ljós).

Með greiningum eru áhrif valkostanna á matsþætti hagkvæmni metnir og er niðurstaða matsins eftirfarandi:


Matsþáttur	Valkostur 1				Valkostur 2				Valkostur 3			
	L	M	H	L	M	H	L	M	H	L	M	H
Truflanir og skerðingar	X			X			X					
Losun gróðurhúsalofttegunda				X			X					X
Aukning flutningsmagns		X				X						X

TAFLA 3-131 : AK2 – MAT Á EINKENNUM ÁHRIFA VALKOSTA Á HAGKVÆMNI


Tafla 3-131 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á matsþætti fyrir hagkvæmni. Eins og sést á töflunni eru áhrif valkostanna á *Truflanir og skerðingar* lítil þar sem núverandi ástand er þegar mjög gott. Áhrif valkostanna á matsþáttinn *Losun gróðurhúsalofttegunda* eru metin mikil fyrir

alla valkosti þar sem flutningsgeta eykst og þar af leiðandi svigrúmið til orkuskipta einnig. Áhrif valkosta á matsþáttinn *Aukning flutningsmagns* er miðlungs fyrir valkost 1 sem eykur flutningsgetu um 23 MW og mikil fyrir hina valkostina sem auka flutningsgetuna um allt að 50 MW.


Niðurstaða mats á uppfyllingu markmiða



MYND 3-51 : AKRANESLÍNA 2 – MAT Á ÞVÍ HVERNIG VALKOSTUR 1 UPPFYLLIR MARKMIÐ RAFORKULAGA



MYND 3-52 : AKRANESLÍNA 2 – MAT Á ÞVÍ HVERNIG VALKOSTUR 2 UPPFYLLIR MARKMIÐ RAFORKULAGA



MYND 3-53 : AKRANESLÍNA 2 – MAT Á ÞVÍ HVERNIG VALKOSTUR 3 UPPFYLLIR MARKMIÐ RAFORKULAGA

Samræmi við stefnu stjórvalda um línugerð

	Valkostur 1		Valkostur 2 (AV)		Valkostur 3	
	Umsögn	Stig	Umsögn	Stig	Umsögn	Stig
Tilheyrir línulögningin landshlutakerfi raforku?	Já. Valkostur fellur ekki að meginreglu.	-	Já. Jarðstrengur metinn alla leið. Fellur að meginreglu.	++	Já. Jarðstrengur metinn alla leið. Fellur að meginreglu.	++
Kostnaður við jarðstreng meiri en 2x loftlína	Kostnaður við loftlínu nær ekki að vera tvöfalt dýrari en jarðstrengur.	-	Kostnaður við jarðstreng minni en 2x loftlína.	++	Kostnaður við jarðstreng minni en 2x loftlína.	++

TAFLA 3-132 : AK2 – SAMRÆMI VALKOSTA VIÐ STEFNU UM LÍNUGERÐ

Tafla 3-132 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig valkostir samræmast stefnu stjórvalda um línugerð. Línan telst vera í landshlutakerfi raforku og á samkvæmt því að meta sem jarðstreng. Kostnaðarhlutfall er undir tvisvar sinnum það sem loftlína með sambærilega flutningsgetu kostar á þessu svæði og því er jarðstrengslögn metin í fullu samræmi við stefnu stjórvalda um línugerð.

Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórvalda

	Valkostur 1 Loftlína		Valkostur 66 kV jarðstregur		Valkostur 3 132 kV Jarðstrengur	
	Umsögn	Stig		Stig	Umsögn	Stig
Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda	Á ekki við.

TAFLA 3-161 : STRAUMSVÍK – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNIS

Tafla 3-161 sýnir niðurstöðu mats á því hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga, samkvæmt mælikvarða sem lýst er í kafla 3.1, og mat á því hvort verkefnið sé í samræmi við stefnur stjórnvalda. Einnig inniheldur hún fjárhagslegar upplýsingar um verkefnið. Matinu er lýst nánar á Mynd 3-65.

Lýsing á framkvæmd

Um er að ræða 220 kV rofabúnað sem tengir saman tvo teina í tengivirkiniu í Straumsvík svo að afl geti flætt í gegnum tengivirkið. Þessi rofi verður hluti af flutningskerfi Landsnets. Um er að ræða framkvæmdir sem fara fram inni í tengivirkiniu við álverið í Straumsvík. Með þessum breytingum verður hluti flutningskerfisins innan tengivirkisins við álverið í Straumsvík.

Breytingar á aðveitustöð álversins í Straumsvík

Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útvirkni)	Breytingar á tengivirkni.
Spennustig í tengivirkni	220 kV
Fjöldi rofareita í tengivirkni	1 x 220 kV
Teinafyrirkomulag	Á ekki við.
Aflspennir	Á ekki við.
Flutningsgeta aflspennis	Á ekki við.
Umsetning aflspennis	Á ekki við.

TAFLA 3-162 : STRAUMSVÍK – LÝSING FRAMKVÆMDAR

Fjárhagslegar upplýsingar um aðalvalkost

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	110 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	Á ekki við.
Áhrif á flutningstöp	Hefur engin áhrif á flutningstöp.
Áhrif á stórnottendur	
Hækjun á rekstrarkostnaði	3,2 mkr.
Aukning á afskriftum	4,0 mkr.
Aukning á leyfðum arði	10,3 mkr.
Samtals hækjun tekjumarka	17,4 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	0,2%

TAFLA 3-163 : STRAUMSVÍK – FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Tímaáætlun


Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á fyrrí hluta árs 2022 og að þeim ljúki í byrjun árs 2023. Verkefnið er fljótt í framkvæmd og er tímasett til að vera lokið tímanlega fyrir spennusetningu

Lyklafellslínu 1 og niðurrif ísallína 1 og 2 þar sem teinatengisrofinn er mikilvægur fyrir rekstur kerfis eftir þær framkvæmdir.

Tímaáætlun - Nýr teinatengisrofi í álverinu í Straumsvík		
	2022	2023
Framkvæmdir		■
Lokafrágangur og verklok		■
Spennusetning		◆

Markmið raforkulaga

Framkvæmd var greining á því hvernig verkefnið uppfyllir markmið raforkulaga.



MYND 3-65 : NÝR TEINATENGISROFI – UPPFYLLING Á MARKMIÐUM RAFORKULAGA

Framkvæmdin er talin hafa jákvæð áhrif á öryggi og verulega jákvæð áhrif á skilvirkni. Áhrif á önnur markmið eru talin óveruleg.

Samræmi við stefnu stjórnavalda

Á ekki við þar sem eingöngu er um að ræða uppsetningu á rofareit inni í aðveitustöð álversins.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Ekki er talin þörf á að umhverfismeta viðkomandi framkvæmd þar sem hún hefur ekki umhverfisáhrif í för með sér.

3.5.4 Ísafjarðardjúp – nýr afhendingarstaður

Verkefnið snýr að uppsetningu á nýjum afhendingarstað í meginflutningskerfinu við Ísafjarðardjúp. Afhendingarstaðurinn verður tengdur við núverandi meginflutningskerfi í Kollafirði inn á Mjólkárlínu 1 (MJ1), þar sem byggt verður nýtt tengivirkri.

Uppruni og meginmarkmið verkefnis

Landsnet hefur unnið að undirbúningi verkefna á Vestfjörðum með það að markmiði að auka afhendingaröryggi raforku. Er það í samræmi við stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, en samkvæmt stefnunni eiga allir afhendingarstaðir í meginflutningskerfinu að vera komnir með N-1 öryggi fyrir árið 2030 og afhendingarstaðir í svæðisbundnum flutningskerfum fyrir árið 2040. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að auka afhendingaröryggi flutningskerfisins á Vestfjörðum. Afhendingarstaður í Ísafjarðardjúpi eykur möguleikana á nýrri orkuvinnslu á svæðinu sem bætir afhendingaröryggi raforku til notenda umtalsvert samkvæmt greiningum sem framkvæmdar hafa verið. Nokkrir virkjanakostir hafa verið til skoðunar á þessum slóðum, m.a. Skúfnavötn, Austurgil og Hvalá, og mun afhendingarstaðurinn auðvelda tengingar þessarra og fleiri virkjanakosta við meginflutningskerfið. Að auki mun afhendingarstaðurinn skapa möguleika á frekari styrkingum á flutningskerfinu, t.d. með tengingu yfir á Ísafjörð.

Framlagður aðalvalkostur

Aðalvalkostur sem lagður er fram er að byggja 132 kV loftlínu, um 26 km langa, að afhendingarstað í Ísafjarðardjúpi ásamt tengivirkjum á báðum endum.

Rökstuðningur verkefnis

Metið hefur verið hvernig aðalvalkosturr uppfyllir meginmarkmið verkefnisins ásamt þeim markmiðum sem skilgreind eru í raforkulögum og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins.

	Lýsing
Lýsing	132 kV loftlína frá MJ1 að tengivirkri í Miðdal, ásamt tengivirkjum
Kostnaður	2.275 mkr.
Öryggi	Hefur jákvæð áhrif á öryggi
Áreiðanleiki afhendingar	Hefur jákvæð áhrif áreiðanleika afhendingar
Gæði raforku	Hefur jákvæð áhrif á gæði
Skilvirkni	Hefur jákvæð áhrif á skilvirkni
Hagkvæmni	Hefur jákvæð áhrif á hagkvæmni
Samræmi við stefnu um línutegund	Í fullu samræmi
Samræmi við sjónarmið sem hafa skal að leiðarljósi skv. stefnu stjórnvalda	Í fullu samræmi


TAFLA 3-164 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNIS

Tafla 3-164 er um markmið raforkulaga og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis. Mat á því hvernig framkvæmdin uppfyllir markmið raforkulaga má sjá Mynd 3-55 og mat á samræmi við stefnu stjórnvalda í Tafla 3-181 og Tafla 3-182 ásamt undirkaflanum *niðurstaða valkostagreiningar*.

Lýsing á framkvæmd

Verkefnið felst í byggingu tveggja nýrra tengivirkja, í Kollafirði og í Ísafjarðardjúpi, og 26 km langa 132 kV raflínu á milli þeirra.

Einlínemynd verkefnis



MYND 3-66 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – EINLÍNUMYND AF FLUTNINGSKERFI VESTFJARÐA

Mynd 3-66 sýnir einlínemynd af þeim hluta meginflutningskerfisins sem nær yfir á Vestfirði ásamt svæðisbundna flutningskerfinu á Vestfjörðum. Á myndinni sést hvernig nýr afhendingarstaður í Djúpi tengist við meginflutningskerfið á Mjólkárlínu sem liggur á milli Geiradals við Króksfjörð og Mjólkár. Sá hluti flutningskerfisins sem tilheyrir svæðisbundna flutningskerfinu er rekinn á 66 kV spennu og er blálitaður á myndinni. Meginflutningskerfið er hins vegar rekið á 132 kV spennu og er rauðlitað.

Raflína

Atriði	Lýsing
Tegund	Loftlína
Fjöldi	1
Lengd (km)	26 km loftlína
Nafnspenna	132 kV
Flutningsgeta	150 MVA

TAFLA 3-165 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – RAFLÍNA

Tengivirki í Djúpi

Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útvirkni)	Yfirbyggt
Spennustig í tengivirki	132 kV
Fjöldi rofareita í tengivirki	1
Teinafyrirkomulag	Einfaldur teinn
Aflspennir	Á ekki við
Flutningsgeta aflspennis	Á ekki við
Umsetning aflspennis	Á ekki við

TAFLA 3-166 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – TENGIVIRKI Í ÍSAFJARDARDJÚPI

Tengivirki í Kollafirði

Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útvirkni)	Yfirbyggt
Spennustig í tengivirki	132 kV
Fjöldi rofareita í tengivirki	3
Teinafyrirkomulag	Einfaldur teinn
Aflspennir	Á ekki við
Flutningsgeta aflspennis	Á ekki við
Umsetning aflspennis	Á ekki við

TAFLA 3-167 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – TENGIVIRKI Í KOLLAFIRÐI

Búnaður til launaflsútföfnunar

Ekki er þörf á sérstökum búnaði til launaflsútföfnunar.

Fjárhagslegar upplýsingar um aðalvalkost

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	2.275 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	enginn
Áhrif á flutningstöp	42% lækkun
Áhrif á tekjumörk stórnottenda	
Hækjun á rekstrarkostnaði	33,4 mkr.
Aukning á afskriftum	41,8 mkr.
Aukning á leyfðum arði	105,1 mkr.

Samtals hækken tekjumarka	180,3 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	1,8%
Áhrif á tekjumörk dreifiveitna	
Hækken á rekstrarkostnaði	12,1 mkr.
Aukning á afskriftum	15,1 mkr.
Aukning á leyfðum arði	41,2 mkr.
Samtals hækken tekjumarka	68,4 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	1,1%

TAFLA 3-168 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á síðari hluta árs 2022 og að þeim ljúki með spennusetningu seinni hluta árs 2024. Gert er ráð fyrir að lokafrágangur og lúkning fyrir verkefnið ásamt tengdum verkefnum verði í gangi fram á árið 2024.

Tímaáætlun fyrir nýjan afhendingarstað í Djúpi				
	2022	2023	2024	2025
Framkvæmdir				
Lokafrágangur og verklok				
Spennusetning			◆	

Tímaáætlun vegna framkvæmdarinnar er bundin þeim fyrirvara að framkvæmdir vinnsluaðila sem tengast munu afhendingarstaðnum fari fram samhliða.

Valkostagreining

Alls eru teknir tveir meginvalkostir til skoðunar. Valkostur 1 er 132 kV loftlína alla leið frá tengivirki við MJ1 að nýju tengivirki í Djúpi og valkostur 2 er 132 kV jarðstrengur alla leið frá tengivirki við MJ1 að nýju tengivirki í Djúpi.

Valkostur 1 – 132 kV loftlína	
Raflína	132 kV loftlína alla leið, um 26 km
Tengivirki	Ný tengivirki í Djúpi og í Kollafirði
Valkostur 2 – 132 kV jarðstrengur	
Raflína	132 kV jarðstrengur alla leið, um 26 km
Tengivirki	Ný tengivirki í Djúpi og í Kollafirði

TAFLA 3-169 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – LÝSING VALKOSTA

Fjárhagslegur samanburður valkosta

	Valkostur 1	Valkostur 2
--	-------------	-------------

Heildarfjárfestingarkostnaður	2.275 mkr.	2.367 mkr.
Kostnaður við niðurrit eldri virkja og afskriftir vegna þeirra (greitt sem rekstrarkostnaður)	Enginn	Enginn
Áhrif á flutningstöp	43% lækkun	73% lækkun
Áhrif á tekjumörk stórnotenda		
Hækkun á rekstrarkostnaði	33,4 mkr.	34,8 mkr.
Aukning á afskriftum	41,8 mkr.	43,5 mkr.
Aukning á leyfðum arði	105,1 mkr.	109,3 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	180,3 mkr.	187,5 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	1,8%	1,8%
Áhrif á tekjumörk dreifiveitna		
Hækkun á rekstrarkostnaði	12,1 mkr.	12,6 mkr.
Aukning á afskriftum	15,1 mkr.	15,7 mkr.
Aukning á leyfðum arði	41,2 mkr.	42,9 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	68,4 mkr.	71,2 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	1,1%	1,2%

TAFLA 3-170 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – FJÁRHAGSLEGUR SAMANBURÐUR VALKOSTA

Markmið raforkulaga

Öryggi

Lagt hefur verið mat á það hvernig allir skoðaðir valkostir uppfylla markmið um öryggi. Sem liður í matinu hefur grunnástand öryggis verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir öryggi.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþátta fyrir öryggi				
	Lágt		Miðlungs		Mikið
Tvitenging afhendingarstaða	X				
Stöðugleiki	X				
Náttúrvá				X	

TAFLA 3-171 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSPÁTTA FYRIR ÖRYGGI

Tafla 3-171 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi allra matsþátta sem ná yfir öryggi. Eins og sést á töflunni er grunnástand *Tvitengingar afhendingarstaða* metið lágt. Ástæða þess er að allar tengingar við meginflutningskerfið eru einfaldar og því er kerfið mjög útsett fyrir truflunum á afhendingu. Grunnástand *Stöðugleika* er einnig lágt og er ástæða þess veikar tengingar við meginflutningskerfið með hátt rafviðnám þar sem einföld truflun í kerfinu veldur óstöðugleika í kerfinu. Grunnástand *Náttúrvá* er metin sem talsvert og er ástæða þess að lítil sem engin hætta er á eldgosum og hamfarafloðum á svæðinu, en veðurfarslegir þættir gætu haft áhrif á öryggi á svæðinu sem útskýrir af hverju matsþátturinn er ekki í hæsta flokki.

Með greiningum eru áhrif skoðaðra valkosta á matsþætti sem ná yfir öryggi metnir og er niðurstaða matsins eftirfarandi.

Matsþáttur	Valkostur 1	Valkostur 2
------------	-------------	-------------

	L		M		H	L		M		H
Tvítenging afhendingarstaða			X					X		
Stöðugleiki		X					X			
Náttúrvá		X					X			

TAFLA 3-172 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – MAT Á EINKENNUM ÁHRIFA VALKOSTA Á ÖRYGGI

Tafla 3-172 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa skoðaðra valkosta eru á matsþætti fyrir öryggi. Eins og sést á töflunni eru áhrif valkostanna á *Tvítengingu afhendingarstaða* metin miðlungs fyrir báða valkostina. Ástæða þess er að valkostirnir opna möguleika á tvítengingu inn á Mjólkárlínu 1 í Kollafirði og hringtengingu á Vestfjörðum. Einnig verður mögulegt að tengja nýja orkuvinnslu á svæðinu sem eykur afhendingu raforku. Áhrif valkosta á *Stöðugleika* er metið mitt á milli lágt og miðlungs. Með tilkomu nýrrar tengingar í Djúpi styttað raffræðilegar vegalengdir á svæðinu en kerfið verður áfram geislatengt, þ.e. engin möskvun. Áhrif valkosta á *Náttúrvá* er metið í næstlægsta flokk þar sem báðir valkostir hafa takmörkuð áhrif á þennan matsþátt.

Áreiðanleiki afhendingar

Lagt hefur verið mat á það hvernig skoðaðir valkostir uppfylla markmið um áreiðanleika afhendingar. Sem liður í því mati er lagt mat á grunnástand þeirra matsþátta sem notaðir eru við mat á markmiði um áreiðanleika afhendingar.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþátta fyrir áreiðanleika afhendingar				
	Lítið		Miðlungs		Mikið
Flöskuhálsar			X		
Ótiltæki		X			
Áreiðanleikastuðlar	X				

TAFLA 3-173 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – GRUNNÁSTAND MATSPÁTTA FYRIR ÁREIÐANLEIKA AFHENDINGAR

Tafla 3-173 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi matsþátta sem notaðir eru til að mæla uppfyllingu markmiðs um áreiðanleika afhendingar. Eins og sést á töflunni er grunnástand *Tvítengingar afhendingarstaða* metið vera miðlungs. Ástæða þess er að lítið er um eiginlega flöskuhálsa í flutningskerfinu á Vestfjörðum. Grunnástand *Ótiltæki* er metið mitt á milli lítið og miðlungs og er ástæða þess sú að ótiltæki eininga í kerfinu getur ógnað öryggi kerfisins og valdið flutningstakmörkunum inn á svæðið, sbr. skýrslu Landsnets um greiningu á afhendingaröryggi í flutningskerfinu á Vestfjörðum⁵. Grunnástand *Áreiðanleikastuðla* er metið lágt og er ástæða þess sú að áreiðanleikastuðlar fyrir Vestfirði eru yfirleitt hærri en fyrir aðra landshluta, sjá frammistöðuskýrslu Landsnets⁶.

Með kerfisgreiningum eru áhrif valkostanna á þá matsþætti sem notaðir eru til að mæla áreiðanleika afhendingar metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1	Valkostur 2

⁵ https://www.landsnet.is/library/Skrar/utgefnar-skyrslur/%C3%81rei%C3%B0anleiki%20%C3%A1%20Vestfj%C3%BBr%C3%80um%20-20LN%2019020_Loka.pdf.

⁶ <https://2018.landsnet.is/islenska/frammistoduskýrsla/afhendingaroryggi/>.

	L		M		H	L		M		H
Flöskuhálsar				X					X	
Ótiltæki			X							X
Áreiðanleikastuðlar			X							X

TAFLA 3-174 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – ÁHRIF VALKOSTA ÁREIÐANLEIKA AFHENDINGAR

Tafla 3-174 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á matsþætti fyrir áreiðanleika afhendingar. Eins og sést á töflunni eru áhrif beggja valkosta á matsþáttinn *Flöskuhálsar* metin vera talsvert mikil eða í næsthæsta flokki. Ástæða þess að matið er ekki í hæsta flokki er að einhverjar flutningstakmarkanir eru enn fyrir hendi þrátt fyrir styrkingar. Áhrif valkosts 1 á *Ótiltæki* er metið miðlungs og er ástæða þess að meiri líkur eru á að útleysing verði á loftlinu að tengivirknu vegna veðurs. Áhrif valkosts 2 á *Ótiltæki* er hins vegar metið hátt sökum þess að mun minni líkur eru á útleysingu vegna veðurs þegar um jarðstreng er að ræða. Áhrif valkosts 1 á *Áreiðanleikastuðla* eru metin miðlungs og er ástæða þess sú að áreiðanleikastuðlar fyrir Vestfirði lækka með tilkomu tengivirkisins. Áreiðanleikastuðlar fyrir loftlinur eru hærri en fyrir jarðstrengi og því skorar valkostur 2 hærra en valkostur 1.

Gæði raforku

Lagt hefur verið mat á það hvernig allir skoðaðir valkostir uppfylla markmið um gæði raforku. Sem liður í því mati hefur grunnástand verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir gæði raforku.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþátta fyrir gæði raforku				
	Lítið		Miðlungs	Talsverð	Mikið
Kerfisstyrkur	X				
Spennusveiflur/spennuþrep	X				
Afhendingarspenna/vikmörk	X				

TAFLA 3-175 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSPÁTTA FYRIR GÆÐI RAFORKU

Tafla 3-175 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi allra matsþátta sem ná yfir gæði raforku. Eins og sést á töflunni er grunnástand *Kerfisstyrks* metið lágt. Ástæða þess er lágt skammhlaupsafl á svæðinu og því lítt kerfisstyrkur. Grunnástand fyrir matsþáttinn *Spennusveiflur/spennuþrep* er metið lágt. Ástæða þess er lágt skammhlaupsafl á svæðinu sem endurspeglast í spennusveiflum við rof eða innsetningu búnaðar. Fyrir *Afhendingarspenna/vikmörk* er grunnástandið metið lágt og er ástæða þess sú að rekstrarspenna er víða lág og við vikmörk á afhendingarstöðum.

Til að meta áhrif skoðaðra valkosta á þá matsþætti sem notaðir eru til að mæla gæði raforku hafa verið framkvæmdar kerfisgreiningar þar sem áhrif allra valkosta á matsþættina eru rannsókuð. Niðurstaða matsins er eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1					Valkostur 2				
	L		M		H	L		M		H
Kerfisstyrkur			X						X	
Spennusveiflur/spennuþrep					X			X		
Afhendingaspenna/vikmörk				X					X	

TAFLA 3-176 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – ÁHRIF VALKOSTA Á GÆÐI RAFORKU

Tafla 3-176 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á þá matsþætti sem notaðir eru til að mæla uppfyllingu markmiðs raforkulaga um gæði raforku. Eins og sést á töflunni eru áhrif beggja valkosta á *Kerfisstyrk* metin miðlungs. Ástæða þess er að tengivirkí í Djúpi opnar möguleika á tengingu orkuvinnslu á svæðinu sem hækkar skammhlaupsafl og þar með kerfisstyrk. Áhrif valkosts 1 á *Spennusveiflur/spennuþrep* eru metin há og er ástæða þess sú að spennusveiflur minnka og óverulegar líkur eru á spennuþrepi við spennusetningu á loftlínunni. Áhrif valkosts 2 á *Spennusveiflur/spennuþrep* eru metin miðlungs og er ástæða þess sú að spennusveiflur minnka í kerfinu en töluverðar líkur eru á spennuþrepi við spennusetningu á jarðstreng að tengivirkí. Áhrif á *Afhendingarspennu/vikmörk* eru metin töluverð (næsthæsti flokkur) fyrir báða valkosti og er ástæða þess sú að í báðum tilfellum eykst kerfisstyrkur og þar með lagast gildi afhendingarspennu á áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Skilvirkni

Lagt hefur verið mat á það hvernig valkosturinn uppfyllir markmið um skilvirkni. Grunnástand hefur verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir skilvirkni.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþáttta fyrir skilvirkni				
	Lágt		Miðlungs		Mikið
Flutningstöp	X				
Flutningsgeta	X				
Nýting virkjana			X		

TAFLA 3-177 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – GRUNNÁSTAND MATSPÁTTA FYRIR SKILVIRKNI

Tafla 3-177 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi allra matsþáttta sem ná yfir skilvirkni. Eins og sést á töflunni er grunnástand *Flutningstapa* metið lágt. Ástæða þess er að flutningstöp í núverandi kerfi í meginflutningslínum til Vestfjarðar eru ekki mikil þar sem línum eru að öllu jöfnu léttlestaðar miðað við hitaflutningsmörk þeirra og hlutfallsleg töp því lág. Grunnástand fyrir *Flutningsgetu* er metið lágt og er ástæða þess fyrst og fremst tengd spennuvandamálum á svæðinu, lágrí rekstrarspennu auk fjarlægðar afhendingarstaða frá byggðalínuhringnum, sem leiðir af sér að skammhlaupsafl er lágt sem hefur neikvæð áhrif á spennugildi. Grunnástand fyrir *Nýtingu virkjana* er metið sem hátt af þeirri ástæðu að flutningskerfið takmarkar ekki keyrslu núverandi virkjana á áhrifasvæði framkvæmdarinnar en aftur á móti eru möguleikar á tengingum þekktra virkjanakosta á svæðinu takmarkaðir.

Með greiningum eru áhrif valkostanna á matsþætti skilvirkni metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1					Valkostur 2				
	L		M		H	L		M		H
Flutningstöp			X							X
Flutningsgeta				X						X
Nýting virkjana				X						X

TAFLA 3-178 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – EINKENNI ÁHRIFA VALKOSTA Á SKILVIRKNI

Tafla 3-178 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á matsþætti fyrir skilvirkni. Eins og sést á töflunni eru áhrif valkosts 1 á *Flutningstöp* metin talsverð. Ástæða þess er að framkvæmdin hefur töluverð áhrif á flutningstöp á Vestfjörðum sé horft til möguleika orkuvinnslu á

svæðinu. Áhrif valkosts 2 á *Flutningstöp* eru metin mikil. Ástæða þess er að framkvæmdin hefur tölverð áhrif á flutningstöp á Vestfjörðum sé horft til möguleika orkuvinnslu á svæðinu og að auki eru flutningstöp lægri fyrir jarðstreng en loftlinu. Áhrif beggja valkosta á *Flutningsgetu* eru metin mikil og er ástæða þess sú að möguleiki á tengingum nýrra framleiðslueininga opnast sem mun hafa mjög jákvæð áhrif á möguleika til aflaukningar á svæðinu. Áhrif beggja valkosta á matsþáttinn *Nýtingu virkjana* eru einnig metin mikil vegna þess að með framkvæmdinni, óháð valkostum, mun myndast tölvert svigrúm fyrir nýja orkuvinnslu á svæðinu.

Hagkvæmni

Til að leggja mat á hagkvæmni framkvæmdarinnar hefur verið lagt mat á það hvernig valkosturinn uppfyllir markmið um hagkvæmni. Liður í því er að meta grunnástand þeirra matsþáttta sem notaðir eru fyrir mat á uppfyllingu markmiðs um hagkvæmni.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþáttta fyrir hagkvæmni				
	Lágt		Miðlungs	Tölvert	Mikið
Truflanir og skerðingar	X				
Losun gróðurhúsalofttegunda	X				
Aukning flutningsmagns	X				

TAFLA 3-179 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – GRUNNÁSTAND MATSPÁTTA FYRIR HAGKVÆMNI

Tafla 3-179 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi matsþáttta sem notaðir eru sem mælikvarðar fyrir markmið um hagkvæmni. Eins og sést á töflunni er grunnástand fyrir matsþáttinn *Truflanir og skerðingar* metið lágt. Ástæða þess er að tíðar skerðingar eru á Vestfjörðum í núverandi kerfi. Helsta ástæða útleysinga er veðurfarslegar aðstæður. Grunnástand fyrir *Losun gróðurhúsalofttegunda* er einnig metið lágt og er ástæða þess tíð keyrla varaflstöðva í truflanatilfellum með tilheyrandi brennslu jarðefnaeldsneytis. Grunnástand fyrir matsþáttinn *Aukning flutningsmagns* er metið lágt og er ástæða þess lítið svigrúm fyrir meiri aflflutning frá meginflutningskerfinu að Vestfjörðum. Aðalástæða þess er raffræðilega veikt kerfi á Vestfjörðum sem stafar af lengd flutningslína og leiðir af sér spennuvandamál sem hamla aukningu á raforkuflutningi á svæðinu.

Með greiningum eru áhrif valkostanna á matsþætti hagkvæmni metnir og er niðurstaða matsins eftirfarandi:


Matsþáttur	Valkostur 1				Valkostur 2			
	L		M	H	L		M	H
Truflanir og skerðingar			X					X
Losun gróðurhúsalofttegunda				X				X
Aukning flutningsmagns					X			X

TAFLA 3-180 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – ÁHRIF VALKOSTA Á HAGKVÆMNI


Tafla 3-180 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á matsþætti fyrir hagkvæmni. Eins og sést á töflunni eru áhrif valkosts 1 á *Truflanir og skerðingar* metin miðlungs. Ástæða þess er að nýr afhendingarstaður í Djúpi gerir það mögulegt að tengja nýja orkuvinnslu við núverandi flutningskerfi á svæðinu auk þess sem það opnar á frekari möguleika á hringtengingum á Vestfjörðum, sem mun leiða af sér færri skerðingar. Áhrif valkosts 2 eru þau sömu og fyrir valkost 1 en skora aðeins hærra þar sem jarðstrengur er minna útsettur fyrir veðuráhrifum á svæðinu.

Áhrif valkosts 1 á matsþáttinn *Losun gróðurhúsalofttegunda* eru metin töluverð og er ástæða þess sú að keyrla dísilvaraflstöðva mun minnka töluvert, en samt má búast við einhverjum útleysingum á loftlínnum í slæmum verðum. Áhrif valkosts 2 eru metin mikil þar sem keyrla dísilvaraflstöðva mun minnka töluvert, auk þess sem veður hefur ekki áhrif á jarðstrenginn. Áhrif beggja valkosta á matsþáttinn *Aukning flutningsmagns* eru umtalsverð vegna þess að ekki þarf að reiða sig á einfalda tengingu frá Hrútatungu að Mjólká sem að hluta til er útsett fyrir slæmum veðrum að vetrarlagi.

Niðurstaða mats á uppfyllingu markmiða



MYND 3-67 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – NIÐURSTAÐA MATS Á UPPFYLLINGU MARKMIÐA FYRIR VALKOST 1



MYND 3-68 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – NIÐURSTAÐA MATS Á UPPFYLLINGU MARKMIÐA FYRIR VALKOST 2

Mynd 3-67 sýnir hvernig valkostur 1 uppfyllir raforkulög og sömuleiðis Mynd 3-68 fyrir valkost 2. Grunnástand og áhrif valkosta eru metin í töflunum hér að framan og eru vægi áhrifa á myndunum teiknuð út frá þeim. Uppfylling markmiða um öryggi og skilvirkni eru svipuð fyrir báða valkosti. Valkostur 1 skorar hærra fyrir gæði raforku og hagkvæmni en valkostur er hærri þegar kemur að áreiðanleika afhendingar.

Samræmi við stefnu stjórvalda um línugerð (fyrir línur í meginflutningskerfinu)

	Valkostur 1		Valkostur 2	
	Umsögn	Stig	Umsögn	Stig
Innan þéttbýlis?	Loftlínukostur er ekki innan þéttbýlis	+	Jarðstrengur ekki innan þéttbýlis	-
Nærri flugvelli?	Línuleið ekki í aðflugsleiðum flugvalla. Jarðstrengur ekki metinn.	+	Línuleið ekki í aðflugsleiðum flugvalla. Jarðstrengur metinn alla leið.	-
Liggur um þjóðgarð?	Línuleið ekki innan þjóðgarðs. Jarðstrengur ekki metinn.	+	Línuleið ekki innan þjóðgarðs. Jarðstrengur metinn alla leið.	-
Fer um annað friðland?	Línuleið ekki innan friðlands. Jarðstrengur ekki metinn.	+	Línuleið ekki innan friðlands. . Jarðstrengur metinn alla leið.	-
Kostnaður við jarðstreng meiri en 2x loftlína	Kostnaður við jarðstreng 1,06 x dýrari en loftlína	0	Kostnaður við jarðstreng 1,06 x dýrari en loftlína	+

TAFLA 3-181 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI – VALKOSTIR, SAMRÆMI VIÐ STEFNU UM LÍNUGERÐ

Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda

	Valkostur 1 Loftlína		Valkostur 2 Jarðstrengur	
	Umsögn	Stig	Umsögn	Stig
Flutningskerfið mæti þörfum raforkunotenda á hverjum tíma. (tl. 2)	Styrking á raforkukerfi Vestfjarða. Dregur úr flutningstakmörkunum á áhrifasvæði línunnar	+	Styrking á raforkukerfi Vestfjarða. Dregur úr flutningstakmörkunum á áhrifasvæði línunnar	+
Tryggja afhendingaröryggi um land allt. Tengja betur lykilsvæði. Eyjafjarðarsvæðið, Vestfirðir og Suðurnes í forgang. (tl. 3)	Styrking á raforkukerfi Vestfjarða. Fellur að stefnu um forgang	+	Styrking á raforkukerfi Vestfjarða. Fellur að stefnu um forgang	+
Skoða hvernig megi nýta jarðstrengi með hagkvæmum hætti. Ekki límulagnir yfir háleldið. (tl. 4)	Í valkostagreiningu er litið til jarðstrengslagnar. Valkostur fer ekki um háleldið.	+	Í valkostagreiningu er litið til jarðstrengslagnar. Valkostur fer ekki um háleldið.	+
Gæta skal jafnvægis milli efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa. (tl. 5)	Í valkostagreiningu er litið til efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa. Ódýrari kostur, en sjónræn áhrif meiri.	+	Í valkostagreiningu er litið til efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa. Dýrari kostur, en minni sjónræn áhrif.	+
N-1 afhendingaröryggi á öllum afhendingarstöðum í svæðisbundnu flutningskerfum fyrir 2040. (tl. 7)	Valkosturinn hefur jákvæð áhrif á framtíðaráform um hringtengingu á Vestfjörðum	+	Valkosturinn hefur jákvæð áhrif á framtíðaráform um hringtengingu á Vestfjörðum	+
Innviðauppbygging mæter þörfum fyrir orkuskipti. (tl. 8)	Framkvæmd hefur jákvæð áhrif á flutningsaukningu	+	Framkvæmd hefur jákvæð áhrif á flutningsaukningu	+
Heildstætt mat á ávinningi jarðstrengslagna í kerfi þar sem hámarkslenget jarðstrengskrafla er takmörkunum háð. (tl. 9)	Ekki liggur fyrir heildstætt mat á ávinningi á svæðum þar sem jarðstrengir hafa mestan ávinning umfram loftlinu. Takmarkar ekki jarðstrengslagnir á Vestfjörðum.	?	Ekki liggur fyrir heildstætt mat á ávinningi á svæðum þar sem jarðstrengir hafa mestan ávinning umfram loftlinu. Tæknilegir annmarkar eru á heildarlengd jarðstrengja á Vestfjörðum.	?
Forðast rask á friðlýstum svæðum og svæðum sem njóta sérstakrar verndar náttúruverndarlaga. (tl. 10)	Valkostur fer ekki um friðlýst svæði, svæði sem njóta verndar skv. sérlögum eða raskar svæðum sem njóta verndar 61. gr. náttúruverndarlaga.	++	Valkostur fer ekki um friðlýst svæði, svæði sem njóta verndar skv. sérlögum eða raskar svæðum sem njóta verndar 61. gr. náttúruverndarlaga.	++
Tryggja hagkvæmt flutningsverð til kaupanda. (tl. 11)				
Draga úr sjónrænum og umhverfisáhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja. Velja stæði þannig að sjónræn og önnur áhrif séu sem minnst. Raska ekki ósnortnum svæðum, ef aðrar lausnir í boði. (tl. 12)	Skoða tegund mastra og aðrar aðgerðir til að draga úr sjónrænum áhrifum.	+	Jarðstrengir draga úr sjónrænum áhrifum.	++

	Valkostur 1 Loftlína	Valkostur 2 Jarðstrengur	
Jarðstrengi skal leggja svo sem kostur er meðfram vegum. (tl. 13)	Á ekki við	0	Ekki kostur að leggja meðfram vegum
Nýta línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa. (tl. 14)	Engin línustæði eru í nálægð við línuleið.	0	Engin línustæði eru í nálægð við línuleið.
Mat á afhendingaröryggi og kostnaði að tryggja það. (tl. 15)	Sjá umfjöllun um matsþáttinn Áreiðanleiki afhendingar	++	Sjá umfjöllun um matsþáttinn Áreiðanleiki afhendingar
Tryggja raforkudreifingu og -öryggi m.t.t. náttúruhamfara. (tl. 16)	Liður í hringtengingu Vestfjarða, sem stuðlar að auknu öryggi	+	Liður í hringtengingu Vestfjarða, sem stuðlar að auknu öryggi

TAFLA 3-182 : AFHENDINGARSTAÐUR Í DJÚPI

Umhverfisáhrif valkosta

Valkostur 2 mun hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd og á það jafnt við um hvaða leið verður farin. Valkostur 1, aðalvalkostur, loftlína alla leið, er talinn hafa mikil neikvæð áhrif á landslag og ásýnd, en mismunandi eftir leiðum. Mikil jákvæð áhrif valkosta eru á atvinnuuppbyggingu. Ekki liggja fyrir gögn til að meta áhrif á menningarminjar. Á aðra umhverfisþætti eru áhrif talin óveruleg. Áhrifamat mun skýrast þegar ný gögn eða rannsóknir liggja fyrir og umhverfismat framkvæmda liggur fyrir.

Niðurstaða valkostagreiningar

Skoðaðir hafa verið tveir valkostir við tengingu nýs afhendingarstaðar í Ísafjarðardjúpi. Valkostur 1, sem er lagning loftlinu alla leið, er í samræmi við stefnu stjórvalda um lagningu raflína en Valkostur 2 sem er jarðstrengur alla leið er það ekki. Báðir valkostir uppfylla markmið framkvæmdarinnar sem er að auka afhendingaröryggi flutningskerfisins á Vestfjörðum. Einnig hefur verið framkvæmt mat á því hvernig valkostirnir uppfylla markmið raforkulaga og má sjá niðurstöður úr því mati á Mynd 3-67 og Mynd 3-68. Báðir valkostir koma jafnvel út þegar horft er til markmiða um skilvirkni og öryggi. Valkostur 2, sem er jarðstrengskostur, kemur betur út þegar horft er til áreiðanleika afhendingar en valkostur 1, sem er loftlína, kemur betur út þegar horft er til gæða raforku og hagkvæmni.

Hvað varðar stefnu stjórvalda um lagningu raflína, er valkostur 1 sá sem samræmist stefnunni betur, þar sem gert er ráð fyrir að línar í meginflutningskerfinu séu lagðar sem loftlinur, nema þegar sértstök viðmið eigi við. Þau viðmið eiga ekki við í þessu tilfelli.

Það er því niðurstaða valkostagreiningar að Valkostur 1 er sá valkostur sem best uppfyllir öll markmið og samræmist best stefnu stjórvalda um uppbyggingu flutningskerfisins og lagningu raflína.

3.5.5 Vegamót – endurnýjun tengivirkis

Verkefnið snýr að endurnýjun á tengivirki í svæðisbundna flutningskerfinu á Snæfellsnesi. Tengivirkið á Vegamótum er mikilvægur tengipunktur, þar sem kemur saman eina tenging Snæfellsness við meginflutningskerfið um Vegamótalínu 1, sem liggur á milli Vegamóta og Vatnshamra í Borgarfirði, og tenginga til annars vegar Ólafsvíkur og hins vegar Stykkishólms. Tengivirkið er 43 ára gamalt en miðað er við að líftími tengivirkja í eigu Landsnets sé 40 ár.

Uppruni og meginmarkmið verkefnis

Verkefnið er hluti af endurnýjunaráætlun Landsnets, en ástand virkisins er bágborið og er farið að vera ógnun við afhendingaröryggi á Snæfellsnesi. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að tryggja áreiðanleika raforkuafhendingar á Snæfellsnesi.

Framlagður aðalvalkostur

Heildarendurnýjun á 66 kV tengivirki á Vegamótum með fjórum rofareitum.

Rökstuðningur verkefnis

Aðalvalkostur er að byggja nýtt yfirbyggt 66 kV tengivirki í stað þess gamla. Meginmarkmið verkefnisins er að tryggja afhendingaröryggi á Snæfellsnesi þar sem öll fæðing inn á svæðið fer í Vegamót.


	Lýsing
Lýsing	Yfirbyggt 66 kV tengivirki með fjórum rofareitum
Heildarkostnaður	384 mkr.
Öryggi	Óveruleg áhrif
Áreiðanleiki afhendingar	Hefur jákvæð áhrif á áreiðanleika afhendingar
Gæði raforku	Óveruleg áhrif
Skilvirkni	Óveruleg áhrif
Hagkvæmni	Hefur jákvæð áhrif á hagkvæmni
Samræmi við stefnu um línutegund	Á ekki við
Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda	Í fullu samræmi

TAFLA 3-183 : VEGAMÓT – RÖKSTUÐNINGUR VERKEFNIS

Tafla 3-183 sýnir samantekt á því hvernig aðalvalkostur er talinn uppfylla markmið raforkulaga og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis. Nánari lýsingu á matinu má finna í Tafla 3-198, Mynd 3-70 og undirkflanum *niðurstaða valkostagreiningar*.

Lýsing á framkvæmd

Framkvæmdin felst í byggingu nýs tengivirkis á Vegamótum og tengingu núverandi lína og spennis við tengivirkið ásamt niðurrifi á eldra tengivirki.

Einlínemynd verkefnis

MYND 3-69 : VEGAMÓT – EINLÍNUMYND

Tengivirki

Atriði	Lýsing
Útfærsla (yfirbyggt/útvirkni)	Yfirbyggt
Spennustig í tengivirki	66 kV
Fjöldi rofareita í tengivirki	4 x 66 kV
Teinafyrirkomulag	Einfaldur teinn
Aflspennir	Ákvörðun RARIK
Flutningsgeta aflspennis	Ákvörðun RARIK
Umsetning aflspennis	66/19 kV

TAFLA 3-184 : VEGAMÓT – LÝSING FRAMKVÆMDAR

Búnaður til launaflsútfjöfnunar

Á ekki við.

Fjárhagslegar upplýsingar um aðalvalkost

	Lýsing
Heildarfjárfestingarkostnaður	384 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra	18 mkr.
Áhrif á flutningstöp	Óveruleg
Áhrif á tekjumörk dreifiveitna	
Hækkun á rekstrarkostnaði	7,7 mkr.
Aukning á afskriftum	9,6 mkr.
Aukning á leyfðum arði	26,2 mkr.

Samtals hækkun tekjumarka	43,5 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	0,8%

TAFLA 3-185 : VEGAMÓT – FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á fyrsta ársfjórðungi 2022 og að þeim ljúki ári síðar. Spennusetning er ráðgerð á fjórða ársfjórðungi 2023 og verður frágangi við lóð lokið haustið 2023.

Tímaáætlun fyrir Vegamót			
	2021	2022	2023
Framkvæmdir			
Lokafrágangur og verklok			
Spennusetning			◆

Valkostagreining

Alls voru teknir tveir meginvalkostir til skoðunar sem báðir snenu að útfærslu og virkni virkisins.

Valkostur 1 – heildarendurnýjun (Aðalvalkostur)	
Tengivirki	Bygging nýs 66 kV tengivirkis með fjórum rofareitum
Valkostur 2 – hlutaendurnýjun	
Tengivirki	Endurnýjun rofareita í núverandi 66 kV tengivirki

TAFLA 3-186 : VEGAMÓT – LÝSING VALKOSTA

Fjárhagslegur samanburður valkosta

	Valkostur 1	Valkostur 2
Heildarfjárfestingarkostnaður mkr.	384 mkr.	399 mkr.
Kostnaður við niðurrif eldri virkja og afskriftir vegna þeirra (greitt sem rekstrarkostnaður)	18 mkr.	15 mkr.
Áhrif á flutningstöp	Óveruleg	Óveruleg
Áhrif á tekjumörk dreifiveitna		
Hækkun á rekstrarkostnaði	7,7 mkr.	8,0 mkr.
Aukning á afskriftum	9,6 mkr.	10,0 mkr.
Aukning á leyfðum arði	26,2 mkr.	27,2 mkr.
Samtals hækkun tekjumarka	43,5 mkr.	45,2 mkr.
Breyting á tekjumörkum %	0,8%	0,8%

TAFLA 3-187 : VEGAMÓT – FJÁRHAGSLEGUR SAMANBURÐUR VALKOSTA

Markmið raforkulaga

Öryggi

Lagt hefur verið mat á það hvernig valkosturinn uppfyllir markmið um öryggi. Sem liður í matinu hefur grunnástand öryggis verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir öryggi.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþátta fyrir öryggi				
	Lágt		Miðlungs		Mikið
Tvitenging afhendingarstaða	X				
Stöðugleiki	X				
Náttúrvá					X

TAFLA 3-188 : VEGAMÓT – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSPÁTTA FYRIR ÖRYGGI

Tafla 3-188 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi matsþátta sem ná yfir öryggi. Grunnástand *Tvitengingar afhendingarstaða* er metið í lægsta flokki sökum þess að Snæfellsnes tengist meginflutningskerfinu einungis með einni tengingu til Vatnshamra. Grunnástand *Stöðugleika* er einnig metið lágt sökum þess hve veikt kerfið á Snæfellsnesi er og truflanir tíðar. Grunnástand fyrir *Náttúrvá* er metið sem hátt þar sem ekki er um að ræða augljósa hættu af völdum náttúrvár á áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Með greiningum eru áhrif skoðaðra valkosta á matsþætti öryggis metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1				Valkostur 2			
	L		M	H	L		M	H
Tvitenging afhendingarstaðar	X				X			
Stöðugleiki		X				X		
Náttúrvá	X				X			

TAFLA 3-189 : VEGAMÓT – MAT Á EINKENNUM ÁHRIFA VALKOSTA Á ÖRYGGI

Tafla 3-189 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa skoðaðra valkosta eru á matsþætti fyrir öryggi. Eins og sést á töflunni hafa báðir valkostir lítil áhrif á grunnástandið. Þó eykst stöðugleikinn aðeins þar sem verið er að skipta út gömlum búnaði fyrir nýjan.

Áreiðanleiki afhendingar

Lagt hefur verið mat á það hvernig skoðaðir valkostir uppfylla markmið um áreiðanleika afhendingar. Grunnástand hefur verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir áreiðanleika afhendingar.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþátta fyrir áreiðanleika afhendingar				
	Lágt		Miðlungs		Mikið
Flöskuhálsar					X
Ótiltæki	X				
Áreiðanleikastuðlar				X	

TAFLA 3-190 : VEGAMÓT – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSPÁTTA FYRIR ÁREIÐANLEIKA AFHENDINGAR

Tafla 3-190 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi matsþátta sem ná yfir áreiðanleika afhendingar. Grunnástand fyrir *Flöskuhálsa* er metið hátt þar sem næg flutningseta er á línum um Snæfellsnes miðað við notkun. Grunnástand fyrir *Ótiltæki* er hins vegar metið lágt þar sem ótiltæki virkisins á Vegamótum veldur algjöru straumleysi á Snæfellsnesi. Grunnástand fyrir *Áreiðanleikastuðla* er hins vegar metið nokkuð hátt þar sem truflanir á Vegamótum eru fátíðar.

Með greiningum eru áhrif valkostanna á matsþætti áreiðanleika afhendingar metin og er niðurstaða matsins eftifarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1				Valkostur 2			
	L	M		H	L	M		H
Flöskuhálsar	X				X			
Ótiltæki		X				X		
Áreiðanleikastuðlar		X				X		

TAFLA 3-191 : VEGAMÓT – MAT Á EINKENNUM ÁHRIFA VALKOSTA ÁREIÐANLEIKA AFHENDINGAR

Tafla 3-191 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á matsþætti fyrir áreiðanleika afhendingar. Áhrif beggja valkosta á *Flöskuhálsa* eru metin lítil þar sem tengivirkioð hefur engin áhrif á flöskuhálsa. Áhrif á *Ótiltæki* eru metin miðlungs fyrir valkost 1 en aðeins minni fyrir valkost 2 þar sem ótiltækistuðull fyrir yfirbyggðan búnað er lægri en fyrir úti búnað. Sama má segja um áhrif valkostanna á *Áreiðanleikastuðla* þar sem valkostur 1 mælist betri en valkostur 2.

Gæði raforku

Lagt hefur verið mat á það hvernig valkostir uppfylla markmið um gæði raforku. Grunnástand öryggis hefur verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir gæði raforku.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþátta fyrir gæði raforku				
	Lítið		Miðlungs		Mikið
Kerfisstyrkur	X				
Spennusveiflur/spennuþrep		X			
Afhendingarspenna/vikmörk	X				

TAFLA 3-192 : VEGAMÓT – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSPÁTTA FYRIR GÆÐI RAFORKU

Tafla 3-192 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi allra matsþátta sem ná yfir gæði raforku. Grunnástand fyrir *Kerfisstyrk* er lítið, þar sem skammhlaupsaflíð á Snæfellsnesi er mjög lágt. Grunnástand fyrir *Spennusveiflur/spennuþrep* er metið nokkuð lágt þar sem kerfið er frekar veikt og viðkvæmt fyrir rekstrarbreytingum. Fyrir *Afhendingarspennu/vikmörk* er grunnástandið metið lágt og er ástæða þess sú að spennuvandamál eru ríkjandi á svæðinu.

Með greiningum eru áhrif uppstilltra valkosta á matsþætti gæða raforku metin og er niðurstaða matsins eftifarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1				Valkostur 2			
	L	M		H	L	M		H
Kerfisstyrkur	X				X			
Spennusveiflur/spennuþrep	X				X			
Afhendingarspenna/vikmörk	X				X			

TAFLA 3-193 : VEGAMÓT – MAT Á EINKENNUM ÁHRIFA VALKOSTA Á GÆÐI RAFORKU

Tafla 3-193 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á matsþætti fyrir gæði raforku. Eins og sést á töflunni eru áhrif valkostanna á *Kerfisstyrk*, *Spennusveiflur/spennuþrep* og *Afhendingarspennu/vikmörk* lítil þar sem nýtt eða endurbyggt tengivirkir hefur engar kerfislegar breytingar í för með sér.

Skilvirkni

Lagt hefur verið mat á það hvernig valkosturinn uppfyllir markmið um skilvirkni. Grunnástand hefur verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir skilvirkni.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþáttu fyrir skilvirkni				
	Lágt		Miðlungs		Mikið
Flutningstöp			X		
Flutningsgeta			X		
Nýting virkjana		X			

TAFLA 3-194 : VEGAMÓT – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSPÁTTA FYRIR SKILVIRKNI

Tafla 3-194 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi matsþáttu sem ná yfir skilvirkni. Eins og sést í töflunni er grunnástand *Flutningstapa* metið miðlungs. Ástæða þessa er sú að töpin á Snæfellsnesi eru rétt yfir meðaltöpum í kerfinu. Það sama gildir um grunnástand fyrir *Flutningsgetu*, en það er metið miðlungs þar sem einstakar línum eru ekki flutningstakmarkandi en svæðið er geislatengt. Grunnástand fyrir *Nýtingu virkjana* er metið nokkuð lágt og er helsta ástæða þess að kerfið á Snæfellsnesi á erfitt með að keyra í eyju þannig að virkjanir á svæðinu fara út við þær rekstraraðstæður.

Með greiningum eru áhrif valkostanna á matsþætti skilvirkni metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1					Valkostur 2				
	L		M		H	L		M		H
Flutningstöp	X					X				
Flutningsgeta	X					X				
Nýting virkjana	X					X				

TAFLA 3-195 : VEGAMÓT – MAT Á EINKENNUM ÁHRIFA VALKOSTA Á SKILVIRKNI

Tafla 3-195 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á matsþætti fyrir skilvirkni. Eins og sést á töflunni eru áhrif valkostanna á *Flutningstöp*, *Flutningsgetu* og *Nýtingu virkjana* lítil þar sem nýtt eða endurbyggt tengivirki hefur engar kerfislegar breytingar í för með sér.

Hagkvæmni

Lagt hefur verið mat á það hvernig valkosturinn uppfyllir markmið um hagkvæmni. Grunnástand hefur verið metið fyrir alla matsþætti sem ná yfir hagkvæmni.

Matsþáttur	Mat á grunnástandi matsþáttu fyrir hagkvæmni				
	Lítið		Miðlungs		Hátt
Truflanir og skerðingar		X			
Losun gróðurhúsalofttegunda	X				
Aukning flutningsmagns		X			

TAFLA 3-196 : VEGAMÓT – MAT Á GRUNNÁSTANDI MATSPÁTTA FYRIR HAGKVÆMNI

Tafla 3-196 sýnir niðurstöðu mats á grunnástandi allra matsþáttu sem ná yfir hagkvæmni. Eins og sést á töflunni er grunnástand fyrir matsþáttinn *Truflanir og skerðingar* metið nokkuð lágt þar sem þó

nokkuð er um truflanir og START-kostnaður vegna þeirra er yfir meðallagi. Grunnástand fyrir *Losun gróðurhúsalofttegunda* er metið lágt og er ástæða þess að keyrsla varaafls á Snæfellsnesi er þó nokkur. Grunnástand fyrir matsþáttinn *Aukning flutningsmagns* er metið nokkuð lágt og er ástæða þess sú að ekki er mögulegt að bæta við stórnotkun á Snæfellsnesi (fjólublá ljós).


Með greiningum eru áhrif valkostanna á matsþætti *hagkvæmni* metin og er niðurstaða matsins eftirfarandi:

Matsþáttur	Valkostur 1				Valkostur 2			
	L		M	H	L		M	H
Truflanir og skerðingar			X				X	
Losun gróðurhúsalofttegunda		X				X		
Aukning flutningsmagns	X				X			


TAFLA 3-197 : VEGAMÓT – MAT Á EINKENNUM ÁHRIFA VALKOSTA Á HAGKVÆMNI

Tafla 3-197 sýnir niðurstöðu mats á því hver einkenni áhrifa valkosta eru á matsþætti fyrir hagkvæmni. Eins og sést á töflunni eru áhrif valkostanna á *Truflanir og skerðingar* metin talsverð fyrir valkost 1 og miðlungs fyrir valkost 2. Ástæða þess er að það eru minni truflanir á yfirbyggðum tengivirkjum en á útvirkjum. Áhrif valkostanna á matsþáttinn *Losun gróðurhúsalofttegunda* eru metin nokkuð lág og er ástæða þess sú að þeir bæta ástandið að einhverju leyti vegna minni líka á bilunum en leysa ekki önnur vandamál á svæðinu. Áhrif valkosta á matsþáttinn *Aukning flutningsmagns* eru lítil vegna þar sem framkvæmdin hefur engin áhrif á mögulega aukningu í kerfinu.

Niðurstaða mats á uppfyllingu markmiða



MYND 3-70 : VEGAMÓT – MAT Á ÞVÍ HVERNIG VALKOSTUR 1 UPPFYLLIR MARKMIÐ RAFORKULAGA



MYND 3-71 : VEGAMÓT – MAT Á PVÍ HVERNIG VALKOSTUR 2 UPPFYLLIR MARKMIÐ RAFORKULAGA

Samræmi við stefnu stjórnvalda um línugerð

Viðmið í stefnu stjórnvalda um línugerð eiga ekki við þar sem einungis er um byggingu tengivirkis að ræða.

Samræmi við almenn atriði í stefnu stjórnvalda

	Valkostur 1		Valkostur 2	
	Umsögn	Stig	Umsögn	Stig
N-1 afhendingaröryggi á öllum afhendingarstöðum fyrir 2040.	Valkosturinn hefur ekki áhrif á N-1	0/+	Valkosturinn hefur ekki áhrif á N-1	0/+
Innviðauppbrygging mætir þörfum fyrir orkuskipti.	Hefur óveruleg áhrif	0/+	Hefur óveruleg áhrif	0/+
Heildstætt mat á ávinningi jarðstrengslagna í kerfi þar sem hámarkslengd jarðstrengskafla er takmörkunum háð.	Á ekki við	0	Á ekki við	0
Forðast rask á friðlystum svæðum og minjum í 61. gr. náttúruverndarlaga.	Á ekki við	0	Á ekki við	0
Draga úr sjónrænum og umhverfisáhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja.	Útivirki fært inn í byggingu	++	Engin breyting	0
Velja stæði þannig að sjónræn og önnur áhrif séu sem minnst.				
Línugötur í lágmarki. Raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar	Á ekki við	0	Á ekki við	0

lausnir færar, m.a. m.t.t. kostnaðar og umhverfisáhrifa.				
Jarðstrengi skal leggja svo sem kostur er meðfram vegum.	Á ekki við	0	Á ekki við	0
Nýta línumstæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa.	Á ekki við	0	Á ekki við	0
Mat á afhendingaröryggi og kostnaði að tryggja það.	Viðheldur afhendingaröryggi á Snæfellsnesi	++	Viðheldur afhendingaröryggi á Snæfellsnesi	++
Styrking og uppbygging m.t.t. þarfa allra landsmanna.	Hluti af eðlilegri endurnýjun flutningskerfisins	+	Hluti af eðlilegri endurnýjun flutningskerfisins	+
Flutningstakmarkanir hafi ekki áhrif á aðgengi. Horft verði til viðskiptahagsmunu.	Á ekki við	0	Á ekki við	0
Tryggja hagkvæmt flutningsverð til kaupanda.	Sjá umfjöllum um áhrif á tekjumörk Tafla 3-187	+	Sjá umfjöllum um áhrif á tekjumörk Tafla 3-187	+

TAFLA 3-198 : VEGAMÓT - SAMRÆMI VIÐ ALMENN ATRIÐI Í STEFNU STJÓRNVALDA

Umhverfisáhrif valkosta

Verkefnið snýr að endurnýjun á tengivirki í svæðisbundna flutningskerfinu á Snæfellsnesi. Verkefnið fellur ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum og er ekki því ekki umhverfismetið.

Niðurstaða valkostagreiningar

Skoðaðir hafa verið tveir valkostir við endurnýjun virkisins. Valkostur 1 sem er yfirbyggt nýtt tengivirki í stað þess gamla kemur örlítið betur út úr samanburðinum á niðurstöðu mats á uppfyllingu markmiða raforkulaga. Einnig er valkostur 1 hagkvæmari.

Það er því niðurstaða valkostagreiningar að valkostur 1 sé sá valkostur sem betur uppfylli öll markmið og samræmist stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins.